ALLT ATVINNA
Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum
Atvinna
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

EINAR MÁR GUNNLAUGSSON
Þrífur íbúðir eftir andlát
Viðkvæmt og vandasamt verk
FÓLK 38

ALLA SUNNUDAGA
www.remax.is
RE/MAX
Fasteignablað

FRÍTT
FRÉTTABLAÐIÐ
28. janúar 2007 — 27. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Þjóðleikhúsið svarar gagnrýni

Það er allt að gerast hjá Þjóðleikhúsinu.

MENNING 26

Skáldskapur breytir heiminum á hverjum degi

Hermann Stefánsson rithöfundur ræðir um íslensku skáldsöguna, fyndnar hugmyndir og flokkunaráráttu.

HELGAREFNI 18

Dreifa orði Guðs

Gídeonfélagið hefur afhent yfir þrjú hundruð þúsund eintök af Nýja testamentinu síðan 1949.

FÓLK 29

Var slagsmálahundur

Alexander Petersson hefur unnið hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar með frammistöðu sinni á HM í handbolta í Þýskalandi. Í sunnudagsviðtalinu talar hann um hversu sæll hann sé að hafa komist til Íslands því líf hans var á rangri braut í Lettlandi.



ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



RÓLEGT Í FYRSTU - Í dag verður hæg suðlæg átt í fyrstu en vaxandi vindur síðdegis, fyrst vestan til. Rigning á landinu sunnan- og vestanverðu en úrkomlítið á Norð-austur- og Austurlandi. Hiti 2-8 stig, mildast síðdegis.

VEÐUR 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HUNDRAÐ ÁRA AFMÆLI KVENRÉTTINDAFÉLAGS ÍSLANDS Kristín Ólafsdóttir og Amíra Snærós Jabali skáru afmælistertuna af stakri vandvirkni í gær. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra studdi við bak þeirra en fyrr hafði hún afhent Kvenréttindafélaginu milljón króna að styrk fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Vigdís Finnbogadóttir og Þorbjörg Inga Jónsdóttir fylgjast með.

Kynslóðir kvenna fagna saman:

Ræddu framboð og launamun

FÓLK Kvenréttindafélag Íslands fagnaði aldarafmæli sínu í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í gær. Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður félagsins, segir greinilegt að enn sé full þörf fyrir félagið þótt hundrað ár séu liðin frá því það var stofnað á heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur.

„Þegar mest var held ég að um það bil 170 gestir hafi verið saman komnir og flestir stöldruðu lengi við enda fjölmörg áhugaverð erindi sem þarna voru flutt," segir hún.

Þorbjörg segir margar góðar hugmyndir hafa komið fram, til að mynda að farið verði af stað með kvennaframboð í þeim landshlutum þar sem fyrirséð sé að kona geti ekki náð inn á þing. Einnig hafi komið fram í einu erindanna að nær ekkert hafi dregið úr launamun kynjanna síðustu tuttugu ár. Margt hafi þokast í rétta átt frá því félagið var stofnað inni í stofu hjá Bríeti Bjarnhéðinsdóttur en margt sé enn ógert. - kdk

Magnús Þór varaformaður

Magnús Þór Hafsteinsson hlaut 56,7 prósent atkvæða á landsþingi Frjálslynda flokksins í gær. Margrét Sverrisdóttir ætlar að íhuga framtíðarskref sín í pólitík um helgina. Mikil ringulreið var á þinginu.

STJÓRNMÁL Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, hlaut meirihlutakosningu til varaformennsku á landsþingi flokksins í gær. Alls voru greidd 811 atkvæði og fékk Magnús 460 þeirra, eða 56,7 prósent. Margrét Sverrisdóttir hlaut 351 atkvæði, eða 43,3 prósent. Útgefnir kjörseðlar voru 881.

Magnús Reynir Guðmundsson, framkvæmdastjóri flokksins, telur að þau sjötíu atkvæði sem upp á vanti megi skýra með því að fólk hafi gefist upp á biðinni, en tafir urðu á framkvæmd kosninganna.

Magnús Þór var að vonum sáttur við niðurstöðuna: „Ég vissi alla tíð að þetta yrði jafnt og spennandi. Nú er bara að horfa fram á veginn, horfa inn í framtíðina og berjast til sigurs í vor." Aðspurður sagðist Magnús vonast til þess að Margrét héldi áfram að starfa fyrir Frjálslynda flokkinn.

Margrét Sverrisdóttir sagðist ekki geta verið annað en sátt við niðurstöðuna, „miðað við smölun og að formaðurinn lýsti margítrekað yfir stuðningi við Magnús Þór." Margrét sagði ekki beint út hvort hún myndi segja skilið við flokkinn. Hún lítur á úrslitin sem „alvarlegt vantraust".

> Ég er svolítið hrædd um að önnur öfl hafi tekið hann yfir og ég lít svo á að þar með hafi flokkurinn yfirgefið mig en ekki ég hann.
>
> MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

„Ég er svolítið hrædd um að önnur öfl hafi tekið hann yfir og ég lít svo á að þar með hafi flokkurinn yfirgefið mig en ekki ég hann," sagði hún.

Mikil ringulreið einkenndi landsþingið og voru lokatölur til að mynda tilkynntar tvisvar, í annað sinn eftir að kjörkassi fannst í kjallaranum. Fólk skráði sig í flokkinn til klukkan rúmlega þrjú, en þá átti kosning að hefjast. Nokkrir þurftu frá að hverfa. „Það var þó nokkur fjöldi fólks sem vildi ganga í flokkinn eftir þrjú," sagði Magnús Reynir, en gat hvorki tekið undir né neitað kjaftasögu um hóp unglinga úr öðrum flokki sem hefði viljað skrá sig til að hafa áhrif á kosningarnar.

Til ritara var kjörin Kolbrún Stefánsdóttir og hlaut hún 398 atkvæði. Tillaga Grétars Mars Jónssonar um að breyta nafni flokksins í Frjálslynda jafnaðarmannaflokkinn var ekki lögð fyrir á þinginu. - kóþ

Seta Ólafs Ragnars í þróunarráði Indlands kallar á viðbrögð í utanríkisráðuneyti:

Óska eftir skýringu forsetans

UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hefur óskað eftir skýringum frá forseta Íslands vegna þeirrar ákvörðunar hans að setjast í þróunarráð Indlands.

„Ég er hlynnt því að embætti forseta Íslands sé nýtt til góðra verka, hvort sem er á Íslandi eða erlendri grundu. Slík embættisverk verða hins vegar að samræmast íslenskri stjórnskipan," segir Valgerður. „Hvað setu forseta Íslands í svokölluðu þróunarráði varðar þá var utanríkisráðuneytið ekki upplýst um þá fyrirætlan og mun ráðuneytið óska eftir skýringum frá embætti forseta Íslands á hverju það sætir og í hverju sú seta er fólgin."

Valgerður segist bíða skýringa og því ekki geta úttalað sig um þetta mál að svo stöddu. „Ég get þó nefnt að innan utanríkisráðuneytisins er unnið að mótun verklagsreglna um hvernig bæta megi boðleiðir og verkferla milli framkvæmdavalds og embættis forseta Íslands."

Í fréttatilkynningu frá forsetaembættinu 23. janúar segir að þróunarráðinu sé ætlað að móta tillögur um á hvern hátt Indverjar geti styrkt efnahagslíf sitt og velferð þjóðarinnar án þess að umhverfi bíði varanlegt tjón af. Ráðið muni skila tillögum, sem teknar verði til umfjöllunar af indverskum ráðamönnum og stofnunum. - bg

» Ferðabæklingur Iceland Express fylgir Fréttablaðinu í dag.

ÚTSALAN
ER Í FULLUM GANGI
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

SPURNING DAGSINS

Magnús, hvernig er að vera óbreyttur borgari?

„Það er fínt. Ég hef gert skyldu mína.“

Magnús Ragnarsson er eini Íslendingurinn sem skráður hefur verið hermaður í símaskrá. Hermennskuna nam hann í heimalandi annars foreldris síns. Hann kýs nú að vera óbreyttur borgari og hlutlaus.

HM í handbolta í Þýskalandi:

Ísland komið í átta liða úrslit

HANDBOLTI Ísland tryggði sér sæti í 8 liða úrslitum á HM í handbolta með eins marks sigri, 32-31, á Slóvenum í næstasíðasta leik liðsins í milliriðli. Íslensku markverðirnir áttu stórleik í gær og sáu um að landa sigrinum.

Ísland leikur í dag til úrslita um sigurinn í milliriðlinum og mótherjarnir eru heimamenn í Þýskalandi. Íslendingar eru með jafn mörg stig og Þjóðverjar fyrir leikinn í dag.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var meðal áhorfenda ásamt Kristjáni Arasyni eiginmanni sínum og lifði sig inn í leikinn. - óój / sjá síður 30 og 31

Bæjarstjórn kærir leyfi hausaverkunar

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur verið kærð til umhverfisráðherra vegna starfsleyfis fyrir hausaverkun í Þorlákshöfn. Bæjarstjóri sakar nefndina um valdníðslu. Verksmiðjustjóri segir bæinn stöðva nýjan mengunarvarnarbúnað.

UMHVERFISMÁL „Lýsi gefur sig út fyrir að vera mjög umhverfisvænt fyrirtæki en svo stendur ekki steinn yfir steini í Þorlákshöfn,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur í algjörri andstöðu við bæjarstjórnina veitt Lýsi hf. starfsleyfi til fjögurra ára fyrir hausaþurrkun í Þorlákshöfn. Hausaþurrkunin hefur sætt geysiharðri gagnrýni vegna lyktarmengunar sem heimamenn segja með öllu óásættanlega. Ölfus hefur kært útgáfu starfsleyfisins til umhverfisráðherra og jafnframt óskað eftir því að heilbrigðisnefndin haldi borgarfund í Þorlákshöfn og skýri þar rök sín í málinu.

„Við ætlumst til þess að umhverfisráðherra grípi fram fyrir hendurnar á þessu ágæta fólki í heilbrigðisnefndinni. Þvílík valdníðsla og yfirgangur gagnvart einu litlu samfélagi hefur varla sést,“ segir Ólafur Áki.

Bæjarstjórnin lagðist alfarið gegn því að leyfið yrði veitt nema til sex mánaða enda hefði fyrirtækið ítrekað fengið frest til að vinna bug á ólyktinni án þess að gera neitt.

„Menn hafa komið með ýmsar patentlausnir og ætlað sér að redda lyktinni í hvert skipti sem nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en það hefur ekkert gerst. Við erum búnir að fá okkur fullsadda,“ segir Ólafur Áki.

Lýsi vill fá að reisa þvottaturna til að hreinsa útblástur og setja niður fitugildrur en bæjarstjórinn hefur efasemdir: „Við höfum hvergi séð neina niðurstöðu um að þetta sé einhver endanleg lausn.“

ÞORLÁKSHÖFN Hausaþurrkunin er rétt fyrir ofan höfnina í átt að íbúðarbyggðinni. Á bilinu 25 til 30 starfsmenn vinna við þurrkunina. MYND/EINAR ELÍASSON

ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON

Kjartan Ólafsson, verksmiðjustjóri hjá Lýsi, segist undrandi á að bæjaryfirvöld hafi ekki afgreitt leyfi fyrir nýja mengunarvarnarbúnaðinum.

„Síðan í júní erum við búnir að bjóðast til að setja upp fullkomnasta mengunarbúnað sem til er til þess að eyða þessari lykt en bæjaryfirvöld gefa okkur annan daginn vilyrði fyrir leyfinu en svo næsta dag er allt komið í baklás,“ segir Kjartan og fullyrðir að umræddur búnaður, sem kosti um tuttugu milljónir króna, muni taka nánast alla ólyktina.

Uppsetning þessa búnaðar sé einmitt meðal skilyrða fyrir nýja starfsleyfinu.

„Við erum nú þegar með stærsta ósontæki á landinu til þess að eyða lykt. Það er ekki eins og við höfum ekki verið að reyna að gera eitthvað,“ segir Kjartan Ólafsson. gar@frettabladid.is

GEIMFÖR Richard Branson fylgist ásamt skólabörnum með flugtaki eftirlíkinga af geimfari Virgin Galactic í Nýju-Mexíkó. MYND/AP

Áætlunarflug út í geim:

Kann að verða flogið frá Kiruna

SVÍÞJÓÐ, AP **Virgin Galactic, félag breska auðkýfingsins Richards Branson sem hyggst bjóða upp á áætlunarflug út í geim, undirritaði í gær samning við sænskt fyrirtæki um að kanna möguleika á því að gera slíkt flug út frá Kiruna-flugvelli í Norður-Svíþjóð.**

Að sögn Susan Newsam, talsmanns Virgin Galactic, væri einn kosturinn við geimflug frá Kiruna að farþegar fengju í leiðinni að skoða norðurljósin úr návígi.

Fyrsta farþegageimflugið á vegum fyrirtækisins er áformað frá Bandaríkjunum strax á næsta ári. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók á hross

Ekið var á hross í Skagafirði aðfaranótt laugardags. Atvikið átti sér stað skammt frá bænum Víðvöllum í Akrahreppi. Ökumaður var einn í bílnum og slapp ómeiddur en bíllinn er mikið skemmdur. Hrossið drapst á staðnum.

Myndaðir við hraðakstur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu myndaði 108 borgarbúa á of miklum hraða í Stekkjarbakka í vikunni. Þá var 191 ökumaður festur á filmu vegna hraðaksturs í Hvalfjarðargöngum í vikunni.

Framboðslisti framsóknar:

Helga Sigrún í þriðja sætið

STJÓRNMÁL Helga Sigrún Harðardóttir, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins, verður í þriðja sæti framboðslista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi í komandi kosningum. Þetta var ákveðið á kjördæmisþingi Framsóknarflokksins sem haldið var á Hótel Selfossi í gær.

Helga tók ekki þátt í prófkjöri, en Hjálmar Árnason, sem hafnaði í þriðja sætinu, ákvað að taka ekki sæti á listanum. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra mun leiða listann og Bjarni Harðarson bóksali verður í öðru sætinu. Flokkurinn hefur tvo þingmenn í kjördæminu í dag. - bj

Drakk geislavirkt te á hóteli:

Nægar sannanir fyrir ákæru

BRETLAND, AP **Bresk lögregluyfirvöld telja sig hafa nægar sannanir til að leggja fram kæru á hendur rússneska kaupsýslumanninum Andrei Lugovoi fyrir morðið á fyrrverandi njósnaranum Alexander Litvinenko, sem myrtur var með geislavirku efni í London í nóvember. Þau eru þó ekki vongóð um að fá Lugovoi framseldan frá Rússlandi.**

ALEXANDER LITVINENKO

Lögregla telur að Litvinenko hafi látist eftir að hann drakk geislavirkt te á hóteli. Tekannan sem geislavirka teið var borið fram í var notuð áfram í nokkrar vikur á hótelinu eftir dauða Litvinenko, en hún var mjög geislavirk. - bj

Segir stjórnvöld fara kæruleysislega með vald sitt og hafa brugðist trausti:

Réttarfarslegt hneyksli

STJÓRNMÁL Baugsmálið væri réttarfarslegt hneyksli í öðrum löndum og hafa íslensk stjórnvöld farið gáleysislega með vald sitt og farið fram af offorsi án þess að nægar vísbendingar lægju fyrir. Þetta var meðal þess sem fram kom í ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, á aðalfundi Samfylkingarfélagsins í Reykjavík í gær.

SAMFYLKINGARFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK Á aðalfundinum sakaði Ingibjörg Sólrún valdhafa um að fara gáleysislega með vald sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér finnst eins og menn hafi látið stjórnast af pólitískum hvötum sem ekki eru í takt við réttarríkið í Baugsmálinu. Þó að ég vilji ekki halda því fram að ákæruvaldinu hafi verið sigað á sakborninga Baugsmálisns er ljóst að forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafa látið orð falla um þetta mál, sem er vitnisburður um að þeir hafi farið gáleysislega með vald sitt,“ segir Ingibjörg.

Ingibjörg nefndi Byrgismálið einnig sem dæmi um kæruleysi valdhafa í ræðu sinni. Í því segir hún stjórnvöld hafa brugðist eftirlitsskyldu sinni með öryggi borgaranna gróflega. Í öðrum löndum en Íslandi hefði einhver verið gerður ábyrgur fyrir þessu máli aðrir en starfsfólk Byrgisins og skjólstæðingar þess. „Það er frumskylda ríkisvaldsins að fylgjast með að stofnanir þess uppfylli þau skilyrði sem krafist er af þeim. Ég ætla ekki út í sakbendingar en vil að þetta mál sé athugað til hlítar.“ - kdk

ÞAÐ HEFUR EKKERT BREYST Í 100 ÁR

Íslendingar vilja aðeins það besta

VEISLA Í HEILA ÖLD

1907 SS 2007

GENGIÐ 26.01.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,6	69,94
Sterlingspund	136,48	137,14
Evra	89,84	90,34
Dönsk króna	12,051	12,121
Norsk króna	10,965	11,029
Sænsk króna	9,884	9,942
Japanskt jen	0,5728	0,5762
SDR	103,64	104,26

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,8912
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vill þrengja ákvæði um eignarnám á landi fyrir stóriðju svo semja þurfi um verð:

Kostnaður inn í raforkuverðið

UMHVERFISMÁL Sjálfstæðisflokkurinn ætti fram að landsfundi í apríl að skoða möguleikann á því að þrengja ákvæði í raforkulögum um eignarnám á landi fyrir virkjanir, sagði Illugi Gunnarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í komandi alþingiskosningum, á opnum fundi sjálfstæðismanna í Reykjavík um umhverfi og velferðarmál á Hótel Sögu í gær.

„Það sem ég lagði til var að við myndum skoða sérstaklega hvort rétt væri að þrengja þann möguleika sem raforkufyrirtæki hafa til þess að fá fram eignarnám, sérstaklega í þeim tilvikum þegar verið er að virkja fyrir einn aðila, til dæmis til að selja raforku til stóriðju," sagði Illugi í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn.

ILLUGI GUNNARSSON

Hann sagði að þegar gengið sé gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti borgaranna þurfi að vera til þess ríkir almannahagsmunir og eðlilegra sé að raforkufyrirtækin greiði það verð sem eigendur landsins telji sig þurfa að fá til að fallast á að selja land sitt. Þá geti eigendurnir metið sína hagsmuni, til dæmis vegna nýtingar í tengslum við ferðaþjónustu. Þar með fari verðið inn í raforkuverðið, sem leiði til þess að þegar ákvörðun sé tekin um að fórna landi fyrir raforkuframleiðslu fáist fyrir það sanngjarnt verð.

Illugi segir að áfram þurfi þó að vera möguleiki á eignarnámi í þágu almannahagsmuna vegna eðlilegrar uppbyggingar á raforkukerfi landsmanna.

- bj

Fjórða kvikmyndahúsið:

Sena tekur við Háskólabíói

VIÐSKIPTI Fyrirtækið Sena, sem sérhæfir sig í dreifingu og sölu á alls kyns afþreyingarefni, mun taka við kvikmyndahúsarekstri í Háskólabíói á næstu mánuðum af Sambíóunum.

Þetta var tilkynnt á starfsmannafundi 365 hf. í Háskólabíói á föstudagsmorgun, en Sena er í eigu 365.

Sena mun leigja Háskólabíó af Sáttmálasjóði Háskóla Íslands.

Þegar Sena tekur við rekstri Háskólabíós mun kvikmyndahúsum á vegum fyrirtækisins fjölga úr þremur í fjögur. Félagið rekur nú þegar Smárabíó, Regnbogann og Borgarbíó á Akureyri. - ifv

Kvennamorð í Kína:

Hugðust gifta hinar myrtu

BEIJING, AP Þrír menn hafa verið handteknir í norðurhluta Kína fyrir morð á tveimur konum. Meiningin var að selja lík kvennanna til þess að gifta þær látnum mönnum.

Á þessum slóðum í Kína munu „draugabrúðkaup" vera gömul hefð, og felst í því að nýdáin kona er grafin hjá látnum piparsveini til þess að veita honum félagsskap eftir dauðann.

Maður að nafni Yang Dongyang keypti konu og ætlaði að selja hana í hjónaband, en taldi sig fá hærra verð með því að drepa hana fyrst. Skömmu síðar drap hann vændiskonu með sama markmið í huga. - gb

YouTube borgar notendum:

Munu fá auglýsingatekjur

BANDARÍKIN Þeir notendur YouTube-vefsíðunnar, þar sem notendur geta sett inn og horft á myndskeið, sem setja inn sín eigin myndskeið munu á næstunni fá hluta af auglýsingatekjum YouTube vegna sinna myndskeiða.

Slíkt greiðslukerfi verður tekið í gagnið eftir nokkra mánuði, að því er fram kemur á fréttavef BBC, en eigendur YouTube vilja með þessu verðlauna sköpunargleði notenda sinna. Stjórnendurnir vildu ekki fara nánar út í hvernig kerfið myndi virka, en sögðu það í vinnslu. - bj

BANDARÍKIN

Óætir íkornar

Yfirvöld í New Jersey-ríki vara íkornaveiðimenn við því að hættulegt geti verið að borða íkorna vegna blýmengunar í þeim sem kemur til vegna losunar eiturefnaúrgangs.

ÍÞRÓTTIR MIKILVÆGAR Björn Ingi Hrafnsson segir íþróttir mikilvægar í tengslum við forvarnir, heilsu og félagsþroska barna. Mikilvægt sé að börn geti tekið þátt í tómstundum án tillits til efnahags foreldra. Myndin tengist ekki fréttinni.

Börn fátækari fólks stunda síður íþróttir

Börn sem telja sig koma af fátækari fjölskyldum eru mun ólíklegri til að stunda skipulagt íþóttastarf en önnur. Formaður ÍTR segir að reynt verði að koma til móts við þessi börn í sumar og fá fleiri hópa samfélagsins í íþróttir en áður.

FÉLAGSMÁL Mikill meirihluti þeirra unglinga sem stunda nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi segir fjölskyldu sína fjárhagslega verr stæða en aðrar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í rannsókninni „Ungt fólk 2006" en að henni standa menntamálaráðuneytið og Rannsóknir & greining í Háskólanum í Reykjavík. Meðal þess sem var athugað var tómstunda- og íþróttaiðkun nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla og kom í ljós að 63,5 prósent þeirra sem stunduðu nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi töldu fjölskyldu sína verr stæða en aðrar. Unglingar sem töldu sig koma af verr stæðum heimilum voru einnig ólíklegri að taka þátt í öðru skipulögðu tómstundastarfi en börn sem töldu fjölskyldur sínar betur eða svipað settar og aðrar.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, segir niðurstöðurnar staðfestingu á því að rétt hafi verið að byrja með svokölluð frístundakort, sem niðurgreiða íþróttaiðkun barna í Reykjavík og verða tekin í notkun í sumar. „Ég fagna því að þessar tölur komi fram að því leyti að þær staðfesta þörfina á því að komið sé til móts við ákveðinn hóp barna. Við viljum að öll börn geti tekið þátt í tómstundastarfi, án tillits til efnahags eða fjölskylduaðstæðna," segir Björn, sem segir líklegt að í sumar sé von á börnum úr fleiri hópum samfélagsins en áður, svo sem meðal innflytjenda. Hann segir vitað mál að íþróttir og tómstundir hafi mikið gildi í forvörnum, heilbrigði og félagsþroska barna sem sé brýnt að sinna.

Álfgeir Logi Kristjánsson, félagsfræðingur og starfsmaður Rannsókna & greininga, sagði tölurnar sýna tilhneigingu sem ástæða væri til að kanna og greina betur.

„Tengslin eru algerlega skýr, nemendur sem koma frá velstæðum fjölskyldum eru töluvert líklegri til að stunda skipulagðar íþóttir. Við vitum hins vegar ekki hvort orsakasamband er milli fjárhagsstöðu og þátttöku, þar sem fremur fá börn sögðust vera frá illa stæðum fjölskyldum," segir hann.

Álfgeir bætir við að erlendar rannsóknir hafi sýnt að gildi og viðmið barna séu breytileg eftir fjárhagsaðstöðu foreldra og tímabært sé að kanna hvort því sé eins farið hér.

karen@frettabladid.is

Verðhækkanir í vöruflutningum:

Skipafélögin hækka fragt

NEYTENDUR Skipafélögin hafa tilkynnt hækkun á verði á vöruflutningum til og frá landinu frá 1. febrúar næstkomandi. Samskip hækkar um fimm prósent og Eimskip um 4,5 prósent. Þetta kemur fram á vefsíðu Neytendasamtakanna.

Skipafélögin leggja bæði á sérstakt olíuálag, sem er 2,75 prósent hjá Samskipum og 2,68 prósent hjá Eimskipi. Í tilkynningu frá Eimskipi segir að olíuálagið hafi lækkað síðustu mánuði. Hæst var það í september seinastliðnum, 3,74 prósent, og er það tengt heimsmarkaðsverði á olíu. - sþs

ÞYRLA LHS Þyrla sótti ökumann á Snæfellsnes og flutti á Landsspítalann.

Slasaður eftir bílveltu:

Kastaðist út úr bílnum í veltu

UMFERÐARSLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gær mann á þrítugsaldri sem slasast hafði alvarlega þegar hann kastaðist út úr bíl sínum eftir að bíllinn fór út af veginum og valt.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Borgarnesi var talsverð hálka á slysstað, á Snæfellsnesi við Álftá, og er talið að bíllinn hafi runnið út af veginum og oltið. Ökumaðurinn var einn í bílnum. Farið var með manninn á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. - bj

Tölvunámskeið fyrir foreldra

Haldið í samstarfi við: infoSec.is

Hringdu núna!!! 421 4025

tölvuskóli suðurnesja

Túngötu 1
Reykjanesbær
Sími 421 4025
www.tss.is
skoli@tss.is

Þetta námskeið er ætlað fyrir foreldra til þess að tryggja öryggi barna og unglinga. Á því er farið yfir ýmsar leiðir til að fylgjast með hvað börnin eru að gera í tölvunni og á netinu, sett eru upp forrit og farið yfir leiðir til að fyrirbyggja ranga notkun og farið yfir ýmsa fræðslu fyrir börn varðandi hættur á netinu og hvernig best er að fræða börn á hættunum.

Námskeiðið innifelur meðal annars:

Hvernig þú getur stjórnað hversu mikinn tíma börnin mega vera í tölvunni.

Hvernig þú getur stjórnað tölvu- og netnotkun.

Hvernig þú getur fylgst með hvaða vefsíður eru skoðaðar með ýmsum leiðum.

Hvernig þú getur fylgst með notkun á skilaboðaforritum eins og messenger.

Hvernig þú getur komið í veg fyrir uppsetningu á forritum án þín leyfis.

Hvernig þú getur læst aðgangi og komið í veg fyrir að börnin skoði þín gögn.

Þá verður farið yfir gerð notkunarsamnings, þ.e. þar sem foreldrar og börn eru sammála um notkun á tölvunni.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝTT ÚT MÁNUÐINN

Lítið lát virðist vera á aðstreymi hlýs lofts að landinu. Það er samspil hæða og lægða sem sér um þetta. Raunar sveiflast hitinn aðeins milli og innan daga, jafnvel niður fyrir frostmark sums staðar, en aðstreymi hlýja loftsins dregur hitann jafnharðan upp aftur. Búast má við að á morgun verði nokkuð vindasamt en hitinn gæti farið í tveggja stafa tölu á landinu norðanverðu.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Hæg suðlæg átt í fyrstu en vaxandi vindur eftir hádegi. Rigning. Hiti 4-6 stig.

um hádegi »



» á morgun


10-15 ms.

» þriðjudagur


Hæg suðlæg átt, vaxandi síðdegis.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	5°C	rigning	London	9°C	alskýjað	Alicante	15°C rigning
Þórshöfn	8°C	hálfskýjað	París	8°C	heiðskírt	Mallorca	12°C skúrir
Osló	-3°C	snjókoma	Frankfurt	5C	hálfskýjað	Algarve	11°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-4°C	snjókoma	Friedrichshafen	1°C	léttskýjað	Krít	19°C hálfskýjað
Gautaborg	6°C	skúrir	Berlín	4°C	rigning	Las Palmas	19°C alskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Chevrolet **Captiva**

Meiri búnaður – bakkskynjari, aksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl. ☑
Meiri kraftur – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm ☑
Meira rými – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna ☑

Chevrolet Captiva
Frá GM - stærsta bílaframleiðanda í heimi

Evrópulínan frá Chevrolet

Kalos

Aveo

Lacetti Sport

Lacetti

Lacetti Station

Tosca

Captiva

Áberandi glæsileiki

Chevrolet **Captiva** er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvélin í sjálfskiptum** glæsijeppanum eyðir aðeins **8,7 lítrum á hundrað km** í blönduðum akstri og þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl**. Að reynsluaka þessum bíl er verkefni sem öll fjölskyldan hefur gaman af. Láttu sjá þig - þín bíður einstök upplifun og heitt kaffi á könnunni.

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12	Sími 590 2000	www.benni.is	Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. og sun. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilstöðum.

CHEVROLET

KJÖRKASSINN

Hefur þú farið á skíði í vetur?

Já	4,6%
Nei	95,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Notar þú MSN?

Segðu þína skoðun á visir.is

Haraldur Ólason, oddviti sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, um íbúakosninguna:

Setja ber ákvæði um þátttöku

HAFNARFJÖRÐUR Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar samþykkti fyrir sitt leyti í gær að senda deiliskipulagstillögu að stækkun álversins í Straumsvík í auglýsingu. Erindið verður tekið fyrir í bæjarstjórn í næstu viku og verður þá endanleg ákvörðun tekin.

Stefnt er að því að fá heimild bæjarstjórnar fyrir auglýsingu og bíða svo með auglýsinguna þar til niðurstöður íbúakosningar liggja fyrir í lok mars. Ef tillagan verður samþykkt fer hún í auglýsingu. Verði hún felld er málinu lokið. Þetta verður gert að hugmynd skipulagsstjóra ríkisins.

HARALDUR ÓLASON Oddviti sjálfstæðismanna í Hafnarfirði.

„Ef bæjarbúar segja já og Sturla Böðvarsson ætlar ekki að færa veginn fyrr en eftir 2012 þá verður bæjarfélagið að sjá um að færa veginn þangað til," segir Haraldur Ólason, oddviti sjálfstæðismanna í Hafnarfirði.

Málsmeðferðarreglur vegna íbúakosningarinnar eru til umfjöllunar í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að meirihluti þeirra sem greiða atkvæði ráði úrslitunum. Engin ákvæði eru um kosningaþátttöku. Haraldur er óánægður með þessa tillögu.

„Ég tel eðlilegt að setja ákvæði um að minnst 25 prósent bæjarbúa samþykki eða hafni deiliskipulagstillögunni. Það þýðir þá að yfir fimmtíu prósent bæjarbúa verða að mæta á kjörstað."

- ghs

Brot gegn valdstjórn:

Skallaði lögreglumann

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri var á föstudaginn dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni.

Hann var ákærður fyrir að hafa skallað lögreglumann í andlitið og sparkað í andlit annars lögreglumanns í júlí á síðasta ári þegar þeir voru að færa hann inn í lögreglubifreið. Atburðurinn átti sér stað á bifreiðastæði á mótum Geirsgötu og Pósthússtrætis.

Málið var þingfest í gær og játaði maðurinn þá sök. Dómur gekk að því búnu.

- jss

CAPACENT KYNNIR

NÆSTU NÁMSKEIÐ Á DÖFINNI

- **Framkoma og ræðumennska**
  30. janúar og 6. febrúar kl. 13-17 UPPSELT
  Ný tímasetning: 14. mars og 21. mars kl. 13-17
- **Að stjórna jafningjum**
  6. og 13. febrúar kl. 9-12 UPPSELT
  Ný tímasetning: 13. og 20. mars kl. 9-12
- **Starfsmannasamtöl**
  8. og 15. febrúar kl. 9-12 NOKKUR SÆTI LAUS
- **Persónuleg velgengni í lífi og starfi**
  20. og 27. febrúar kl. 9-12

Skráning og nánari upplýsingar
Sigrún Árnadóttir í síma 540 1000, namskeid@capacent.is
og á www.capacent.is/namskeid

capacent RÁÐGJÖF

www.capacent.is

ÚRANVINNSLA Í ÍRAN Í Rússlandi er til mikið magn af úrani sem er nægilega geislavirkt til að vera nothæft í kjarnorkuvopn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gripinn glóðvolgur

Rússi sem reyndi að selja geislavirkt úran situr í fangelsi í Georgíu. Grunur leikur á að hann hafi fengið úranið frá Rússlandi. Bandaríska leyniþjónustan aðstoðaði Georgíumenn við að leiða rússneska úransmyglarann í gildru.

GEORGÍA, AP Síðasta sumar dró rússneskur maður upp úr jakkavasanum sínum hundrað grömm af geislavirku úrani, sem hann geymdi einfaldlega í plastpoka. Hann hugðist selja úranið, en vissi ekki að kaupendurnir voru útsendarar stjórnarinnar í Georgíu.

Hann situr í fangelsi í Georgíu og hefur ekki reynst samvinnuþýður við að upplýsa málið. Einnig voru þrír Georgíumenn handteknir og sitja í fangelsi í Georgíu grunaðir um aðild að málinu.

Málið vekur upp grunsemdir um að öryggisgæslu sé ábótavant við úranvinnslu í Rússlandi. Embættismenn í Georgíu segja rússnesk stjórnvöld ekki hafa verið hjálpleg við rannsóknir á því hvaðan úranið gæti hafa komið. Rússar bera þær ásakanir hins vegar til baka og segja þvert á móti að Georgíumenn hafi ekki viljað senda nægilega stórt sýni af efninu til Rússlands til þess að hægt sé að rekja uppruna þess.

Stjórnvöld í Georgíu nutu hins vegar aðstoðar bandarísku leyniþjónustunnar CIA til að koma upp um úransöluna. Efnið var rannsakað í Bandaríkjum og staðfest að um háauðgað úran væri að ræða, sem þýðir að það var nothæft í kjarnorkusprengju.

Starfsmaður í innanríkisráðuneyti Georgíu, Shota Utiashvili, hefur staðfest að sölumaðurinn heiti Oleg Khinsagov, búsettur í bænum Vlaidkavkas í Norður-Ossetíu, sem er hérað í Rússlandi sem liggur að landamærum Georgíu.

Utashvili hefur einnig upplýst að árið 2003 hafi Georgíumenn einnig komið í veg fyrir smygltilraun með geislavirkt úran.

Áður en hann var handtekinn fullyrti hann að þessi hundrað grömm væru aðeins fyrsti skammturinn, hann hefði aðgang að meira úrani sem hann vildi selja. Engin staðfesting hefur þó fengist á því.

Auðgun úrans er gerð til þess að auðvelda kjarnaklofnun í efninu og felst í því að hlutfall auðkleyfra úransamsæta í náttúrulegu úrangrýti er aukið á kostnað torkleyfra samsæta.

Til þess að búa til eina nothæfa kjarnorkusprengju þarf hins vegar að minnsta kosti fimmtán kíló af níutíu prósent auðguðu úrani, þannig að hundrað grömmin sem Khinsagov dró upp úr jakkavasanum duga engan veginn til slíks.

gudsteinn@frettabladid.is

Innri friður – Innri styrkur
Sjálfsefling – lífstíll til framtíðar

Helgarnámskeið fyrir konur verða haldin í náttúruvænu og heimilislegu umhverfi að Fögruhlíð í Fljótshlíð.

Helstu markmið eru að:
- Byggja upp grunnundirstöðu í sjálfsþekkingu
- Auka innri styrk
- Efla samskiptahæfni
- Kynnast mætti fyrirgefningar og kærleikans í samskiptum
- Læra að leysa árekstra með lausnarmiðaðri sýn
- Upplifa áhrifamátt kyrrðar og hugarróar
- Kveðja „það liðna" með jákvæðu hugarfari
- Læra að lifa „í Núinu"

Leiðbeinandi er:

Bergþóra Reynisdóttir, geðhjúkrunarfræðingur MSc

Eftirfylgd
Þátttakendum er boðið upp á mánaðarlega fundi í Kópavogi, í þrjú skipti eftir námskeiðið.

Styrkir
V.R. ásamt fleiri stéttarfélögum, styrkir félagsmenn til þátttöku á námskeiðinu. **Þátttakendur: Hámark 8 konur í hópi.**

„Ég hef farið á marga sjálfstyrkingarnámskeið en þetta námskeið hefur tekið hvað best á því hvað maður sjálfur er mikilvægur í að skapa og hlúa að eigin velliðan, bæði í einkalífi og í starfi." Lilja E

Nánari upplýsingar á www.liljan.is og í síma 8636669.

Helgar í boði:
16. - 18 febrúar
16. - 18. mars
20. - 22. apríl
11. - 13. maí
01. - 03. júní

Samgönguráð og samgönguráðuneyti standa fyrir fundaröð um samgöngumál:

Samgöngur móta mannlíf

SAMGÖNGUMÁL Átta af hverjum tíu Íslendingum myndu fljúga minna innanlands ef flugmiðstöð yrði flutt til Keflavíkurflugvallar og 39 prósent vilja ekki flytja starfsemi Reykjavíkurflugvallar til Keflavíkur. Þetta er niðurstaða Bjarna Reynarssonar landfræðings en hann fjallaði um rannsókn sína á áhrifasviði höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða á nýrri fundaröð samgönguráðs og samgönguráðuneytisins í vikunni.

Vífill Karlsson, dósent við Háskólann á Bifröst, fjallaði á fundinum um áhrif umbóta á samgöngukerfi á byggð. Hann sagði að samgöngubætur hefðu meðal annars í för með sér bætt aðgengi og styttri ferðatíma; margs konar rekstrarskilyrði bötnuðu og hagvöxtur ykist. Fram kom í könnun á viðhorfum íbúa á Vesturlandi að tilkoma Hvalfjarðarganga hefði að áliti margra leitt til aukinna atvinnutækifæra.

Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, fjallaði um breytingar á umferð og búsetu frá 2000 til 2005. Hreinn dró fram hversu ólík þróun íbúafjölda og umferðar væri. Umferð hefur aukist árlega um 4,2 prósent síðustu tíu árin og bílum hefur fjölgað um 4,7 prósent. Á sama tíma jókst mannfjöldi á Íslandi um 1,3 prósent að meðaltali árin 1996 til 2006.

- shá

HVALFJARÐARGÖNG Miðstöð innanlandsflugs, jarðgöng og aðrar samgöngubætur hafa mikil áhrif á mannlíf.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

www.sumarferdir.is

– svo mikið meira fyrir miklu minna!

Veðurhorfur næsta sumar



MasterCard
www.kreditkort.is

Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

Tenerife

VERÐ FRÁ: KR. 44.732,- mv. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.

Parque Santiago ☀☀☀

Frábær íbúðargisting á Playa de las Americas með góðum íbúðum og glæsilegum sundlaugargarði. Tilvalið fyrir fjölskylduna.

2 vikur: 4 júlí – 18 júlí
Frá 56.382.-
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 66.692,-

Hotel Gran Tacande ☀☀☀☀☀ (með morgunmat)

Nýtt og stórglæsilegtfimm stjörnu lúxushótel á Costa Adeje strandlengjunni á kynningarverði. Herbergin eru sérlega vel búin og rúmgóð.

1 vika: 22 ágúst – 29 ágúst
Frá 50.213,-
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 74.327,-

Benidorm

VERÐ FRÁ: KR. 33.985,- mv. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.

Hotel Deloix ☀☀☀☀ (með morgun- og kvöldmat)

Nýtt og nútímalegt 4 stjörnu hótel á Benidorm. Herbergin eru sérlega skemmtileg, rúmgóð og vel búin, gervihnattasjónvarp, lítill ísskápur til afnota og góðar svalir.

1 vika: 16 maí - 23 maí
Frá 44.966.-
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 51.950,-

Gemelos XXII ☀☀☀

Nýlegar íbúðir með frábærri staðsetningu, ríkulega búnar íbúðir og stór sundlaugagarður. Hentar fjölskyldum einkar vel.

2 vikur: 23 ágúst – 6 september
Frá 49.905.-
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 68.810,-

Calpe

VERÐ FRÁ: KR. 46.880,- mv. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.



Hotel Diamante Beach ☀☀☀☀ (með morgun- og kvöldmat)

Hörkugott og glænýtt 4 stjörnu hótel staðsett 50 metra frá Levante ströndinni í Calpe. Hótelið er staðsett við hliðina á íbúðahótelinu Ambar.

1 vika: 28 júní – 5 júlí
Frá 57.140.-
á mann m.v. 2 með 2 börn í viku.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 67.085,-

Ambar Apartments ☀☀☀

Glæsilegt nýtt íbúðahótel sem opnað var sumarið 2006. Íbúðirnar eru með einu eða tveimur svefnherbergjum og búnar öllum helstu þægindum. Staðsetning um 200 metra frá ströndinni.

2 vikur: 23 ágúst – 6 september
Frá 58.185,-
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 84.120,-

Lanzarote

VERÐ FRÁ: KR. 41.145,- mv. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.



Princesa Yaiza ☀☀☀☀L (með morgunmat)

Stórkostlegt 5 stjörnu lúxushótel á Playa Blanca sem hefur slegið í gegn. Án efa eitt glæsilegasta hótel sem staðið hefur íslenskum ferðamönnum til boða. Svítur og fjölskyldusvítur í boði.

1 vika: 27 maí til 3 júní
Frá 66.548.-
á mann m.v. 2 með 2 börn í viku.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 79.321,-

Playa Flamingo ☀☀☀

Frábært fjölskylduhótel við Playa Flamingo ströndina. Íbúðir með einu svefnherbergi og sérlega skemmtilegu sundlaugasvæði. Mikil skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna frá morgni til kvölds.

2 vikur: 19 ágúst – 2 september
Frá 47.729.-
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 62.047,-

Mallorca

VERÐ FRÁ: KR. 40.985,- mv. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.



Viva Blue ☀☀☀☀

Frábær gisting fyrir þá sem vilja fyrsta flokks íbúðagistingu og stutt frá strönd. Fyrsta flokks aðbúnaður og skemmtidagskrá fyrir fullorðna og börn.

2 vikur: 28 maí til 11 júní
Frá 57.806.-
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 78.612,-

Viva Palmanova ☀☀☀☀

Mjög vel staðsett íbúðahótel í hjarta Palmanova aðeins 200 metra frá ströndinni. Vel útbúnar íbúðir og glæsileg aðstaða við sundlaugina. Kjörið fyrir alla fjölskylduna.

2 vikur: 20 ágúst – 3 september
Frá 68.303.-
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 105.606,-

Alicante

– beint flug allt að 5 sinnum í viku!

VERÐ FRÁ: KR. 25.900,- á mann, báðar leiðir með sköttum.

Farðu inná www.sumarferdir.is eða hringdu í síma 575 1515.

SUMAR FERÐIR

– ERU BETRI EN AÐRAR!

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Sumarferðir Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

VEISTU SVARIÐ?

1. *Meðlimum hvaða stjórnmálaflokks hefur fjölgað um fimmtung á dag að undaförnu?*
2. *Hvað heitir eini Íslendingurinn sem skráður er sem hermaður í símaskránni?*
3. *Hvaða íslenski knattspyrnugúrú náði ekki endurkjöri í framkvæmdastjórn Knattspyrnusambands Evrópu?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Formaður Sjálfstæðisflokksins talar um „kaffibrandaralagið“ á fundi:

Lækkun skili sér til fólks

STJÓRNMÁL Formaður Sjálfstæðisflokksins sagðist ekki hafa trú á því að Frjálslyndi flokkurinn myndi endast fram að kosningum, og kallaði bandalag stjórnarandstöðunnar á Alþingi „kaffibrandaralagið“, í ræðu sinni á kjördæmisþingi reykvískra sjálfstæðismanna á Hótel Sögu í gær.

„Við ætlum ekki að láta andstæðinga okkar koma okkur á óvart. Þeir eru nú samt alltaf að því,“ sagði Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins.

„Ég var að hlusta á fréttirnar áðan, af aðalfundi Samfylkingarinnar í Reykjavík. Þar sagði formaður Samfylkingarinnar að vandi hennar væri núna sá að hún væri of mikið í pólitík,“ sagði Geir. „Einhvern veginn verður maður ekki hissa þó flokkur með formann sem talar svona sé kominn undir tuttugu prósent fylgi.“

Hann sagði andstæðinga Sjálfstæðisflokksins hjálpa honum með sinni framgöngu. Ósætti væri meðal frjálslyndra, en sjálfstæðismenn yrðu engu að síður að gæta þess að missa ekki fylgi til þeirra fyrir misskilning. Ekki mætti gera lítið úr andstæðingunum þó að þeim gengi ekki vel.

Geir ræddi líka lækkun á virðisaukaskatti á matvæli hinn 1. mars. „Það verður að sjálfsögðu algerlega óþolandi ef þessi breyting skilar sér ekki til almennings með þeim hætti sem hún á að gera. Auðvitað munum við fylgjast vel með því í samstarfi við ýmsa aðila að svo verði.“ **- bj**

KOSNINGAVOR Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði sjálfstæðismenn ekki mega sofa á verðinum í aðdraganda kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viltu verða liðugri?

Sex vikna yoganámskeið fyrir stirða kroppa hefst 30. janúar. Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10
Kennari: Guðmundur Pálmarsson.

HREYFI | GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Hitaveita Suðurnesja:

Hreinsun vatns í Höfnum hafin

TÆKNI Hitaveita Suðurnesja hf. hefur hafið formlegan rekstur vatnshreinsistöðvar í Höfnum.

Hreinsistöðin er fyrsta neysluvatnshreinsistöðin á Íslandi, sem hreinsar vatn með svonefndum nanó-síum.

Engin efni eru notuð við vatnshreinsunina.

Tvær grunnvatnsholur sjá Hafnarbúum fyrir drykkjarvatni.

Selta vatnsins hefur reynst há vegna þess hversu nærri holurnar eru strönd.

Til að uppfylla kröfur reglugerðar um neysluvatnsgæði varð að gera annað tveggja, finna og virkja ný vatnsból með góðum vatnsgæðum eða hreinsa grunnvatnið úr grunnvatnsholunum. **- shá**

FLUGELDAR Flugeldasalar segja að þótt flugeldar séu vissulega hættulegir séu litlar líkur á stórslysum í flugeldageymslum. Þar séu öll öryggismál til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Reisa lagerhús fyrir flugelda

Slysavarnafélagið Landsbjörg bíður eftir að hefjast handa við að byggja varanlegan lager fyrir flugelda sína. Aðrir flugeldasalar geyma birgðir sínar víðs vegar um bæinn, flestir á vöktuðum gámasvæðum.

ÖRYGGISMÁL „Við höfum undanfarið leitað að framtíðarlausn og erum komin með lóð í jaðri atvinnuhverfis í Hafnarfirði sem er mjög vel varin. Lagerhúsið er komið til landsins og við bíðum bara eftir að geta hafist handa við bygginguna um leið og lóðin er tilbúin,“ sagði Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um það hættuástand sem kann að skapast vegna ófullnægjandi flugeldalagera.

Jón segir að slysavarnafélagið hafi verið í góðu sambandi við yfirvöld. „Okkur er fullkunnugt um allar reglugerðir og kröfur sem gerðar eru um þessi mál enda er það okkar markmið að vera í fararbroddi varðandi öryggismál í þessu eins og öðru,“ sagði Jón.

Sem stendur hefur Slysavarnafélagið tvö hús til afnota fyrir flugeldalager sinn. Annar lagerinn er í Hjallahrauni í Hafnarfirði og hinn á Stórhöfða í Reykjavík. Þá hefur Hjálparsveit skáta í Reykjavík haft aðstöðu á Malarhöfða en sá lager er að sögn Jóns ekki í notkun núna. „Þegar húsnæðið er tilbúið tæmum við þessa lagera og allt fer undir sama þak. Þar verða flugeldabirgðir fyrir allar hjálparsveitir á landinu geymdar og aðrir lagerar verða óþarfir, þar á meðal sölulagerar yfir áramót,“ segir Jón en flestir flugeldasalar eiga það sameiginlegt að þurfa að finna tímabundið geymsluhúsnæði árlega fyrir sölulagera sína.

Einar Ólafsson hefur flutt inn flugelda um árabil. Lagerinn hans er geymdur á Gámasvæði í Kapelluhrauni sem Einar telur mjög öruggt. „Þetta er vaktað svæði og flugeldarnir eru geymdir í læstum gámum. Þarna er öll öryggisgæsla til fyrirmyndar og engin mannvirki eða íbúðarbyggð í næsta nágrenni,“ segir Einar, sem hefur ekki í hyggju að byggja lagerhús yfir flugeldana. „Ég held þetta verði varla öruggara,“ segir hann og dregur í efa að hér geti orðið stórslys á borð við það sem varð í Kolding um árið. „Þetta er hálfgerður hræðsluáróður. Flugeldar eru vissulega varasamir og þá þarf að höndla með mikilli varúð. Sprengihættan er hins vegar alls ekki eins mikil og menn halda og það er útilokað að hér gerist nokkuð í líkingu við það sem gerðist í Kolding, einfaldlega vegna þess að hér er aldrei nema örlítið brot af því magni sem þar var. Þegar talað er um tugi tonna af flugeldum þarf líka að hafa í huga að aðeins örlítill hluti af þeirri þyngd felst í sprengiefninu sjálfu.“

EINAR ÓLAFSSON FLUGELDASALI Einar geymir sína flugelda á vöktuðu gámasvæði í Kapelluhrauni.

Lager KR-inga er einning geymdur í gámum á gámasvæði. Lúðvík Georgsson hjá KR sagði að ekki stæði til að koma lagernum í hús. „Við erum ánægðir með þetta eins og það er. Þetta er hentug aðstaða og með því öruggasta sem hægt er að finna,“ sagði Lúðvík en vildi þó ekki gefa upp hvar eða á hvaða gámasvæði lagerinn væri geymdur. „Slökkviliðið veit hvar þetta er og við erum í góðu samstarfi við þá og gætum að sjálfsögðu fyllsta öryggis,“ segir Lúðvík. thorgunnur@frettabladid.is

120 1886 2006

SÖGUSÝNING

Landsbankinn
— 120 ára —

Dagskráin í dag

Sögusýningin spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar og er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Í dag, sunnudag:
Sveinbjörn Guðbjarnarson verður á staðnum, leiðbeinir gestum og svarar spurningum.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)
Sími: 410 4300
Opið virka daga kl. 11:00–17:00
og um helgar kl. 13:00–17:00
Enginn aðgangseyrir

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SIA/S LBI 35937 01/07

334 kr/kg. áður 445 kr/kg.
Bautabúrs saltkjöt

1.468 kr/kg. áður 1.835 kr/kg.
Borgarnes helgargrís með Indverskum hætti

974 kr/kg. áður 1.298 kr/kg.
Goða grísarif BBQ

599 kr/kg. áður 749 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur - ferskur

98 kr/stk.
Ananas stór

2 fyrir 1
Chicago Town pizza

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikufréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 28. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

skoðun

greinar@frettabladid.is

Heimsefnahagsþingið í Davos:

Samræðuklúbbur heimselítunnar

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Síðustu daga hafa valdir áhrifamenn úr stjórnmála- og efnahagslífi heimsins setið á hæginda-rökstólum í svissneska Alpabænum Davos og rætt hvernig leysa mætti vandamál veraldarinnar. Þetta spjall- og skjallmót hinna ríku og voldugu er árlegur viðburður. Það eru hávær mótmæli hnattvæðingarandstæðinga líka, en þeir sjá Davos-þingið sem tákn fyrir heimskapítalismann og það arðrán fátækra þjóða sem þeir trúa að hann valdi.

Þau heimsins vandamál sem í ár eru í brennidepli umræðna í Davos eru hlýnun loftslags og orkuöryggi. Í fyrra var fjallað um hvað uppgangurinn í Asíu hefur í för með sér fyrir Vesturlönd. En skiptar skoðanir eru á því hvort Heimsefnahagsþingið hafi í raun eitthvað að segja sem máli skiptir fyrir heiminn.

Vonir voru bundnar við að samtöl ráðamanna mestu viðskiptavelda heims, sem mættir voru til Davos, gætu orðið til að höggva á þann hnút sem viðræður um aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum hafa nú um nokkurt skeið verið fastar í. Þær vonir brustu er niðurstaðan úr þeim samtölum í gær varð ekki önnur en óljóst orðuð yfirlýsing, þar sem „heitri ósk“ er lýst um að samningaviðræður svonefndrar Doha-lotu á vegum Heimsviðskiptastofnunarinnar verði hafnar á ný sem fyrst. Þær viðræður hafa hingað til strandað á ágreiningi um hversu langt skuli ganga í að draga úr verndun landbúnaðar í ríku löndunum og opna betur markaði þeirra fyrir framleiðslu frá fátækari löndum. Helstu útflutningsafurðir fátæku landanna eru ræktuð matvæli og því skipta þessir samningar miklu fyrir möguleika þeirra til að auka útflutningstekjur sínar og hagvöxt.

Þó eru dæmi um að Davos-fundirnir hafi skilað áþreifanlegum árangri. Nefna má að á fundinum árið 1990 hittust leiðtogar beggja þýzku ríkjanna innan við þremur mánuðum eftir að Berlínarmúrinn féll. Þeir fundir áttu þátt í að koma viðræðum um sameiningu Þýzkalands í þann uppbyggilega farveg sem leiddi til sameiningarinnar síðar sama ár.

Sennilega mesti árangurinn sem náðst hefur á Davos-þingi var árið 1994, þegar Shimon Peres, þáverandi forsætisráðherra Ísraels, og Jasser Arafat, þáverandi leiðtogi Palestínumanna, sátu á maraþonsamningafundi fram á nótt á hótelherbergi í skíðabænum kyrrláta og náðu saman um framfarir í friðarferlinu við botn Miðjarðarhafs.

Forsvarsmenn Davos-þinganna segja að þeir þjóni sem einstakt tækifæri fyrir áhrifamenn hvaðanæva úr heiminum til að skiptast á hugmyndum og skoðunum tæpitungulaust í trúnaði. „Tilgangurinn er að ýta við leiðtogum úr viðskipta- og stjórnmálalífi að gera eitthvað sem breytir heiminum til hins betra. Þingið er miðlunarvettvangur framfara,“ hefur AP-fréttastofan eftir einum skipuleggjendanna, Matthias Lüfkens.

Óskandi væri ef þessi bjartsýnislýsing á því sem hinn árlegi samræðuklúbbur heimselítunnar getur látið af sér leiða stæðist. Það er að minnsta kosti engin ástæða til að taka undir með hnattvæðingarandstæðingum, sem finna honum flest til foráttu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Of mörg orð

„Við skulum breyta vaxtarverkjunum í orku fyrir framtíð Frjálslynda flokksins. Ofvirkir strákar og stelpur í æsku verða oft á tíðum besta athafnafólkið. Gleymum því ekki,“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, þegar hann setti landsfundinn í fyrradag. Sú var tíðin að sjávarútvegsmálin lágu þungt á Guðjóni. Tæpur fimmtungur ræðunnar fjallaði í þetta sinn um sjávarútvegsmál. Hins vegar fór fjórðungur hennar í umfjöllun um innflytjendamálin. Til þess notaði Guðjón heil 862 orð. Það er líklega 800 orðum of mikið ef marka má leiðara Morgunblaðsins í gær.

Flokksfjölgun

Í Fréttablaðinu í gær mátti sjá fyrirsögn sem sagði að félagsmönnum í Frjálslynda flokknum hefði fjölgað um fimmtung á dag. Einnig var sagt frá því í öðrum fjölmiðlum að félagatalan hefði tvöfaldast á hálfu ári og væru yfir 1.700 landsmenn skráðir í flokkinn. Í gær hrundi heimasíða Frjálslynda flokksins örugglega vegna þess hve margir voru að reyna að skrá sig. Þetta er gleðilegt fyrir þann flokk. Í síðasta fréttabréfi Sjálfstæðisflokksins er lítil frétt þar sem sagði: „Flokksmönnum fjölgaði um 11.500 á síðasta ári.“ Ekki hrundi heimasíða þess flokks.

Baugsmálið hneyksli

„Stjórnvöld hafa brugðist eftirlitsskyldu sinni með öryggi borgaranna og meðferð opinbers fjár. Þetta hefur að undanförnu birst okkur í Byrgismálinu, barnaníðingsmálinu og Baugsmálinu. Baugsmálið er hneyksli og áfellisdómur yfir ákæruvaldinu. Í öðrum löndum væri Baugsmálið, ófarir lögreglunnar og ákæruvaldsins réttarfarslegt hneyksli. Í öðrum löndum væri einhver gerður ábyrgur í Byrgismálinu, aðrir en starfsfólk Byrgisins og skjólstæðingar þess,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á fundi hjá Samfylkingarfélaginu í Reykjavík í gær. Hverja vill hún gera ábyrga í þessum málum og hverjar eiga afleiðingarnar að vera?

bjorgvin@frettabladid.is

Vísindalandið Ísland

ILLUGI GUNNARSSON
Í DAG | Vísindi

Það hefur viljað brenna við, svona öðru hverju að minnsta kosti, að í opinberri umræðu sé þeirri skoðun haldið á lofti að íslensk stjórnvöld séu með ál á heilanum, að stóriðju- og álstefna séu einu uppskriftirnar í kokkabók ríkisstjórnarinnar. Gjarnan er spurt með nokkrum þjósti hvort hinum háu herrum hafi ekki hugkvæmst að það sé fleira hægt að gera en að bræða ál. Síðan fylgja útleggingar á því að hátækni- og þekkingariðnaður sé betri valkostur og að furðu megi sæta að íslensk stjórnvöld vilji ekki feta þá leið, en virðist heltekin af þeirri hugmynd að framtíðarlandið sé til húsa í álverksmiðju. Myndin sem dregin er upp er því þessi; á annan bóginn eru hátækni- og þekkingarfyrirtæki sem eru að reyna að hasla sér völl en á hinn bóginn ríkisstjórn sem reynir að kaffæra allt í áli og öðrum umhverfisspillandi þungaiðnaði.

Þegar litið er á íslenskt þjóðlíf þá blasir við allt önnur mynd en sú sem lýst er hér að ofan. Á undanförnum árum höfum við horfið frá samfélagi sem var meira og minna háð sjávarútvegi og til samfélags þar sem máttarstoðirnar eru miklu fleiri. Mest áberandi er að eftir að ríkið losaði sig úr bankarekstri hefur sprottið upp nýr iðnaður sem á örfáum árum er kominn upp að hlið sjávarútvegsins hvað varðar umfang í þjóðarbúinu. Fjármálastarfsemi er ekkert annað en þekkingariðnaður af hæstu gráðu, útrás bankanna og íslensku fyrirtækjanna byggir á hugviti, menntun og frumkvæði. Það er nóg að líta á menntun t.d. þeirra sem starfa í bönkunum til að sjá að hér hefur sprottið upp öflugur þekkingariðnaður á alþjóðavísu.

En það eru ekki bara bankarnir sem hafa breytt íslensku samfélagi og hleypt fjöri af stað. Rannsóknir og þróun hafa aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Nú er svo komið að við Íslendingar verjum rúmlega þremur prósentum af þjóðarframleiðslu okkar í rannsóknir og þróun. Þetta er miklu hærra hlutfall heldur en t.d. hjá ESB-ríkjunum og reyndar voru leiðtogar ESB að láta sig dreyma um að ESB tækist að komast á þetta stig við upphaf næsta áratugar. Margt bendir til þess að það verði sambandinu torsótt. Fjölgun háskóla, öflugri rannsóknarsjóðir og atvinnulíf sem fjárfestir í rannsóknum hefur skilað okkur Íslendingum fram úr flestum þjóðum á þessu sviði. Þetta skiptir miklu máli því fjárfesting í rannsóknum skilar sér í hagvexti framtíðarinnar.

Annar mælikvarði sem skiptir máli er hlutfall þeirra Íslendinga sem vinna við rannsóknir. Samanburðarrannsóknir OECD sýna að Ísland kemur mjög vel út þegar þetta hlutfall er mælt. Árið 2003 störfuðu tæplega 25 af hverjum 1000 körlum við vísindarannsóknir en tæplega 15 af hverjum 1000 konum. Á Íslandi er hlutfall þeirra sem vinna við rannsóknir hæst í OECD og það vekur sérstaka athygli að engin þjóð stendur okkur jafnfætis hvað varðar þátttöku kvenna í rannsóknum. Þegar litið er á þessar tölur er erfitt að halda því fram að íslenskt samfélag sé byggt á áli, að Ísland sé eitthvert álland. Öllu fremur er Ísland rannsókna-, mennta- og vísindaland, alþjóðlegur samanburður bendir allur í þá átt.

Hitt er aftur á móti staðreynd að við nálgumst efri mörk þess sem skynsamlegt er að fórna af náttúru Íslands til virkjunarframkvæmda vegna stóriðju og jafnframt er ekki undan því vikist að vegna eignarhalds síns á Landsvirkjun tekur ríkið vissulega þátt í stóriðjustefnu. Ég hef fyrir því sannfæringu að ríkisvaldið eigi ekki með neinum hætti að taka þátt í stóriðjurekstri, hvorki með beinum eða óbeinum hætti, rétt eins og ég tel að það sé ekki hlutverk ríkisins að reka banka, matvöruverslun, útgerðarfyrirtæki eða neina aðra slíka starfsemi. Ríkisvaldið á smám saman að hætta orkuframleiðslu og einbeita sér í þess stað að því að vera skynsamur gæslumaður náttúru Íslands. Ríkið á að setja almennar reglur um náttúrunýtingu og náttúruvernd og gæta þess að einkaaðilar fari í viðskiptum sínum í einu og öllu eftir þeim leikreglum sem gilda. Mér er ljóst að það er nokkuð langt í það að þessi sýn rætist, margir eru mjög þeirrar skoðunar að ríkið verði að eiga og reka Landsvirkjun og sú skoðun gengur þvert á flokka, þótt því sé ekki að neita að fyrirstaðan er mest á vinstri vængnum. En ég tel að skynsamlegt sé að byrja á því að þrengja eignarnámsheimildir vegna orkuframkvæmda sem er að finna í raforkulögunum. Þær eru barn síns tíma, þegar nauðsynlegt var í nafni almannahagsmuna að raforkuvæða landið. Eignarréttur manna er stjórnarskrárvarinn og það verða að vera gríðarlega ríkar ástæður til þess að afnema hann. Virkjunarframkvæmdir vegna rafmagnsframleiðslu til einstakra fyrirtækja, þótt stór séu, eru að öllu jöfnu ekki nægjanleg rök til að hreyfa við jafn mikilvægum réttindum.

MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

1 Sparkaði í Íslending
Túnisar voru síður en svo ánægðir með að tapa fyrir Íslendingum á HM. Einn stuðningmanna Túnisa hljóp á eftir íslenskum stuðningsmanni og sparkaði í afturendann á honum.

2 Audda og Huga úthýst
Sjónvarpsmennirnir Auddi og Hugi voru reknir út úr þýskri íþróttahöll þegar þeir reyndu að taka upp efni fyrir stuðningsmannaklúbbinn Í blíðu og stríðu.

3 Mills fær 3,6 milljarða króna
Heather Mills og Paul McCartney hafa náð samkomulagi um greiðslur við skilnað þeirra. Mills mun fá um 3,7 milljarða króna fyrir fjögurra ára hjónabandið.

4 Beckham-hjónin í Playboy-partí
Fregnir herma að Victoria og David Beckham séu komin á boðslista Hughs Hefner fyrir næsta Playboy-partí.

5 Vændiskonur urðu að svínafóðri
Kanadískur svínabóndi var ákærður fyrir að myrða þrjátíu vændiskonur og fóðra svínin á líkamsleifum þeirra. Talið er mögulegt að maðurinn hafi sextíu og þrjú morð á samviskunni.

6 Versti dagur ársins
Breskur doktor í sálfræði hefur komist að því að dagurinn 22. janúar sé versti dagur ársins. Því veldur skammdegið og veðrið auk jólagjafaskuldanna og nýársheita sem ekki er hægt að efna.

7 15 ára ökumaður
Lögreglan hafði afskipti af ökumanni á Kringlumýrarbrautinni í Reykjavík. Var bílstjórinn ökuréttindalaus enda aðeins 15 ára gamall.

8 Stórkostlegur sigur á Frökkum
Íslendingar unnu Evrópumeistara Frakka með átta mörkum í síðasta leik sínum í riðlakeppni heimsmeistarakeppninnar í handknattleik.

9 Barnaníðingur staðinn að verki
Dæmdur barnaníðingur, sem enn afplánar dóm, var gripinn þegar hann reyndi að hitta þrettán ára stúlku í kynferðislegum tilgangi. Stúlkan var tálbeita fréttaskýringaþáttarins Kompáss.

10 Játningarnar rannsakaðar
Barnaníðingurinn sem staðinn var að verki í sjónvarpsþættinum Kompási viðurkenndi að fórnarlömb hans væru fleiri en hann var dæmdur fyrir að misnota. Lögregla hefur tekið upplýsingarnar til rannsóknar.

Þetta voru mest lesnu greinarnar á visir.is vikuna 20. til 27. janúar.

Flokkur aldraðra og gleymnir þingmenn

UMRÆÐAN
Hagsmunamál

Síðustu vikur hafa margir talað með létti um að nú sé Davíðstíminn liðinn. En er svo? Ég er ekki viss. Lærlingur meistarans er kominn á jötuna og gerir sitt til að halda í horfinu. Slóð fyrrverandi foringja Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks er meira en greinileg. Hún er hrikalega augljós og afleiðingarnar munu vara lengur en nokkur núlifandi Íslendingur tórir. Ég nefni örfá dæmi. Stórfelld yfirtaka á eignum þjóðarinnar, með sýndargreiðslum fyrir þær, til sérvalinna manna. Þar má nefna sjávarauðlindina, en sú aðgerð rústaði landsbyggðinni. Sala bankanna þar sem þjóðargersemar voru látnar fylgja með, eins og uppbót á nánast gjöf. Salan á Eimskip, en nýju eigendurnir bútuðu það niður og færðu sjóflutningana á land og níðast nú á veikum vegum landsmanna. Þessi eigingjarna hagræðing þeirra skapar stórhættu fyrir vegfarendur og kostar þjóðina milljarða aukaútlát. Virkjana- og stóriðjustefna hefur heltekið stjórnvöld svo landi og þjóð, já umhverfinu öllu, stafar hætta af. Nú riðar hagkerfið og fjöldi manns setur heilsu sína í hættu með ofurvinnu, til að missa ekki íbúðir sínar í óseðjandi hít einkabankanna. Sömu bankar hafa vélað fjölda ungmenna í skuldafjötra með hvetjandi síbylju um að taka langtímalán fyrir fánýtum hlutum. Fólk sem betur væri sett við færibönd frystihúsa sinnir nú ráðherrastörfum. Stjórnmálamenn sem þora ekki að taka á málum innflytjenda og halda fólkinu sem árum saman hefur skapað auðinn í fátækt og þrældómi eru ekki starfi sínu vaxnir.

Nú er svo komið að bæði aldraðir og láglaunafólkið hafa áttað sig á að þau sem mörg undanfarin ár hafa átt að vera þingmenn þjóðarinnar voru og eru þar fyrst og fremst fyrir sjálf sig. Eftirlaunalögin og allskonar önnur fríðindi til handa embættismönnum, þingmönnum og ráðherrum votta það, svo ömurlegt sem það nú er. Samtíma þessu eru svo skerðingar á bótum til aldraðra og öryrkja og hækkun á mat, húsaleigu, gjöldum fyrir heimaþjónustu, ferðaþjónustu fatlaðra, dagvistun og svo framvegis. Það er engu líkara en stjórnarflokkarnir þoli ekki gamalt fólk og öryrkja. Líti bara á slíka sem óæskilega þurfalinga, sem geti étið það sem úti frýs.

ALBERT JENSEN

Í viðtali við heilbrigðisráðherra, um ákveðin hagsmunamál aldraða og öryrkja, fór ekki milli mála að hún hafði engan skilning né áhuga fyrir kjörum þeirra og líðan. En slík afstaða einkennir forystu og þingmenn Framsóknar. Því miður láta of mörg ungmenni og eldri borgarar fleðulæti þessa flokks, rétt fyrir kosningar, blekkja sig. Unga fólkið er ekki farið að átta sig á hve pólitíkin er undirförul og óáreiðanleg og geldur þess. Gamla fólkið er einlægt og trúir ekki að pólitíkusar séu að nýta sér heiðarleika þess með blekkingum, svo þau kjósi óvini yfir sín mál. Valdhafar gera ekkert fyrir aldraða og öryrkja, sem þeir komast hjá að gera. Stjórnarandstaðan og verkalýðsfélögin eru grútmáttlaus og lítils virði. Við þessar aðstæður er kjörlendi fyrir aldraða og umhverfissinna að slá saman í umhverfisþenkjandi félagshyggjuflokk. Fundað verður í byrjun janúar með öldruðum og vonandi öryrkjum, Framtíðarlandinu og Ómari Ragnarssyni.

Aldnir Íslendingar eru áberandi heiðarlegt og gott fólk, sem ekki má vamm sitt vita. Úr þessum hópi er hætt við að Framsóknartrúarfólk, sem farið er að gleyma, kjósi af gömlum vana í vor. Andvaraleysi og alveg sama hugsunarháttur nægilega margra heldur lífinu í þessum versta óvini þeirra sem minna mega sín. Það þarf kjark, dugnað og æðruleysi, ef vel á að takast með flokk fyrir þau sem engan eiga að á Alþingi.

Ég skora á aldna að láta ekki hræða sig frá virkri þátttöku og treysta góðum vinum, sem vilja vera með. Þar á ég við öryrkja og umhverfissinna með þjóðhetjuna Ómar Ragnarsson í fylkingarbrjósti. Manninn sem fórnaði langt umfram það sem hann átti og aflaði, til varnar ómetanlegum verðmætum þjóðarinnar. Ómari, sem vakti þjóð sína úr dróma sinnuleysis, um þann hluta landsins sem er úr alfaraleið. Þennan vin okkar allra styð ég heilshugar og hvet fólk til að borga niður skuldina sem hann hefur komið sér í, okkar vegna og afkomenda. Margt smátt gerir eitt stórt. Reikningur hefur verið stofnaður í Landsbankanum á hans nafni. 0120-05-075486.

Aldraðir verða að losa sig við fölsku vinina. Ómar er maður sem við öll getum treyst.

Höfundur er trésmíðameistari.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

KIA PICANTO Á FRÁBÆRU VERÐI, ENGIN ÚTBORGUN, 17.995 KR*. Á MÁNUÐI.
EYÐIR AÐEINS 5,4 LÍTRUM Á HUNDRAÐIÐ Í BLÖNDUÐUM AKSTRI.
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 8195

KIA Picanto er lipur, fallegur, nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu. Það sakar ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. Fimm dyra Picanto á vetrardekkjum kostar aðeins **1.255.000 kr.** Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla.

Fæst einnig með aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.

*Miðað 100% hjá Sjóvá Fjármögnun í erlendri myntkörfu – yen og svissneskir frankar.

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS
The Power to Surprise™

ARNALDUR INDRIÐASON RITHÖFUNDUR ER 46 ÁRA Í DAG

„Það er ánægjulegt til þess að vita að fólk sé að lesa það sem maður skrifar, því hvers vegna að skrifa ef enginn les.“

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. JANÚAR 1997

Morðingjar Stephens Biko játa sök

Á þessum degi árið 1997 játuðu fjórir lögreglumenn að hafa myrt Stephen Biko tuttugu árum fyrr. Biko barðist fyrir réttindum blökkumanna og afnámi aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku. Árið 1969 stofnaði læknaneminn Biko stúdentasamtök sem börðust gegn aðskilnaðarstefnu hvítu minnihlutastjórnarinnar. Þremur árum síðar skipulagði hann ráðstefnu svartra Suður-Afríkumanna og var í kjölfarið bannað af stjórnvöldum að taka þátt í stjórnmálastarfi. Árið 1977 var hann handtekinn í Port Elizabeth fyrir pólitískan undirróður. Lögreglumenn gengu harkalega í skrokk á honum og óku með hann langa vegu til Pretoria þar sem honum var varpað í fangaklefa. Hinn 12. september 1977 lést hann þar sem hann lá nakinn og hlekkjaður við gólfið í sjúkraálmu fangelsisins. Morðið á Biko vakti reiði um allan heim; stjórnvöld í Suður-Afríku neituðu að morðið á Biko hefði verið af pólitískum meiði sprottið en Sameinuðu þjóðirnar lögðu bann við vopnasölu til Suður-Afríku í kjölfarið.

STEVE BIKO

Eftir að aðskilnaðarstefnunni var hrundið árið 1995 og meirihlutastjórn hafði tekið við var hið svokallaða Sannleiks- og sáttaráð stofnað í þeim tilgangi að upplýsa þær misgjörðir sem framdar voru í skjóli aðskilnaðarstefnunnar. Áður en hún afsalaði sér völdum hafði hvíta minnihlutastjórnin hins vegar gert það að skilyrði að þeir sem hefðu framið glæpi sem voru sprottnir af pólitískum rótum yrðu ekki sakfelldir.

MERKISATBURÐIR

1547 Hinrik VIII Englandskonungur deyr og hinn níu ára gamli sonur hans, Játvarður VI, tekur við krúnunni.

1596 Breski aðmírállinn Sir Francis Drake deyr um borð í skipi sínu undan ströndum Panama. Úför hans fór fram úti á hafi.

1807 Fyrstu gasgötuljósin eru kveikt í London.

1914 Hollywood í Kaliforníu fær kaupstaðarréttindi og verður að borg.

1938 Fyrsta skíðalyftan er tekin í notkun í Vermont.

1986 Bandaríska geimskutlan Challenger springur skömmu eftir flugtak. Allir sjö áhafnarmeðlimirnir létust í slysinu.

†

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jóhanna Sveinsdóttir

Hverfisgötu 99a, Reykjavík,

lést sunnudaginn 21. janúar. Útförin verður frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 30. janúar kl. 15.00.

Dætur, tengdasynir og barnabörn.

†

Alúðarþakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Alberts Jónassonar

f. 1.11. 1915 d. 7.1. 2007

Nökkvavogi 44, Reykjavík.

Eins viljum við færa starfsfólki deildar 13G, Landspítala við Hringbraut, sérstakar þakkir fyrir góða umönnun á síðustu mánuðum ævi hans.

Oddrún Albertsdóttir
Ásgerður Albertsdóttir
Oddrún Hansdóttir
Albert Hansson
Þórður Hansson
Kristín Hulda Þorbergsdóttir
Berglind Þorbergsdóttir
Jónas Þorbergsson
og langafabörn.

Þorbergur Ormsson
Hans Aðalsteinsson
Ingjaldur Tómasson
Þórunn Yngvadóttir
Birgir Þór Birgisson
Ríkarður Reynisson

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vinarþel við andlát elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þóru Kristínar Eiríksdóttur

Efstaleiti 12, Reykjavík

sem lést sunnudaginn 14. janúar síðastliðinn. Sérstakar þakkir til lækna- og hjúkrunarliðs Landspítalans, hjúkrunarþjónustunnar Karitas og starfsfólks líknardeildarinnar fyrir frábæra meðferð og umönnun.

Tómas Árnason
Eiríkur Tómasson
Árni Tómasson
Tómas Þór Tómasson
Gunnar Guðni Tómasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórhildur Líndal
Margrét Birna Skúladóttir
Helga Jónasdóttir
Sigríður Hulda Njálsdóttir

LEGSTEINAR

TILBOÐSDAGAR
allt að 50% afsláttur
af legsteinum og fylgihlutum

Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS: 100 ÁRA

Stuðmenn á árshátíð

Sláturfélag Suðurlands er hundrað ára í dag. Af því tilefni verður mikið um hátíðarhöld á næstunni hjá þessu merka fyrirtæki.

Hófust þau með árshátíð SS í gærkvöldi sem var haldin með mikilli viðhöfn. Öllu starfsfólki fyrirtækisins ásamt mökum var boðið og voru skemmtiatriðin af ýmsum toga. Léku sjálfir Stuðmenn meðal annars fyrir dansi.

Steinþór Skúlason hefur verið forstjóri SS frá árinu 1988. Hann segir að það hversu sammála stjórnendur fyrirtækisins hafi verið um stefnu þess hafi ráðið miklu um hversu vel SS hafi vegnað í gegnum tíðina. „Það sem gerir SS frábrugðið frá kaupfélögunum er að þau voru blönduð samvinnufélög. Þar gátu verið misvísandi hagsmunir með bændur og neytendur í stjórn. Sláturfélagið er samvinnufélag framleiðenda með einsleita hagsmuni. Það hefur verið tiltölulega sammála um stefnuna og það hefur breytt miklu,“ segir Steinþór. „Við höfum verið með hæft fólk í stjórn sem hefur getað fylgt eftir þeim breytingum sem hafa verið á ytri aðstæðum.“

Mánudaginn 28. janúar 1907 var stofnfundur Sláturfélags Suðurlands svf. haldinn. Sama ár var reist sláturhús í Reykjavík, það fyrsta í landinu. Árið 1908 opnaði félagið tvær matvöruverslanir. Alls urðu verslanir sem Sláturfélagið opnaði fimmtán að tölu.

Mjög stórt stökk í sölu varð árið 1930 eftir að danskur kjötiðnaðarmeistari, Alf Peder Nielsen, kom til félagsins og þróaði uppskriftina að SS vínarpylsunni sem hefur verið að mestu óbreytt síðan. Alf og mágur hans, Jón Sveinsson, settu upp pylsuvagn í Kolasundinu og var það upphafið að „Bæjarins bestu“.

Árið 1988 varð stefnubreyting hjá Sláturfélaginu. Ákveðið var að félagið skyldi einbeita sér að slátrun og úrvinnslu og stunda verslun á heildsölustigi. Í framhaldi voru verslanir félagsins m.a. seldar. Eftir þessa stefnubreytingu batnaði hagur félagsins mjög og stendur það nú styrkum fótum.

freyr@frettabladid.is

STEINÞÓR SKÚLASON Steinþór hefur verið forstjóri Sláturfélags Suðurlands frá árinu 1988.

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, afa og bróður,

Sturlu Erlendssonar

Hjarðarhaga 11, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til karlakórsins Fóstbræðra fyrir ómetanlega aðstoð.

Þóra Þórhildur Guðjónsdóttir
Sara Sturludóttir
Sölvi Sturluson
Björk Sturludóttir
Erlendur Sigurðsson
barnabörn og systkini.

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

AFMÆLI

Þóra Hallgrímsson er 77 ára.

Stefanía Katrín Karlsdóttir, fyrrum bæjarstjóri í Árborg, er 43 ára.

Þórhildur Líndal lögfræðingur er 56 ára.



Ómar Örn Hauksson, listnemi og myndasöguhöfundur, er 32 ára.

†

Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Skúli Ólafsson

sem lést á Landspítalanum 20. janúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 30. janúar kl.15.00

Sigrún M. Ragnarsdóttir
Björg Skúladóttir
Ólafur Skúlason
Erna Gísladóttir
Haukur Gíslason
Elisabet Paulson (Bessy)
og barnabörn.

Vignir Elvar Vignisson
Cristina Skúlason
Rúnar Hreinsson
Hlíf Georgsdóttir
Olaf Paulson

SR. BJARNI ÞÓR BJARNASON, PRESTUR Í GRAFARVOGSKIRKJU

Séra Bjarni Þór Bjarnason:

Settur inn í embætti

Séra Bjarni Þór Bjarnason verður settur inn í embætti sem prestur Ensku biskupakirkjunnar á Íslandi við enska messu í Hallgrímskirkju í dag. Messan hefst kl. 14.00 og þar mun David Hamid, biskup í Evrópubiskupsdæmi Ensku biskupakirkjunnar, setja sr. Bjarna í embætti.

Undanfarin fimm ár hefur séra Bjarni haft umsjón með messum á ensku í Hallgrímskirkju og fylgt helgisiðum Ensku biskupakirkjunnar.

Við innsetninguna tengjast ensku messurnar formlega Ensku biskupakirkjunni. Innsetning séra Bjarna Þórs er gerð á grundvelli sérstaks sáttmála, Porvoo-sáttmálans, sem undirritaður var fyrir 10 árum, milli biskupakirkna á Bretlandseyjum og flestra lúthverskra kirkna á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Samkvæmt honum geta prestar þessara kirkna starfað í öðrum Porvoo-kirkjum. Séra Bjarni Þór Bjarnason starfaði meðal annars í þrjú ár í Ensku biskupakirkjunni í Englandi eftir að Porvoo-sáttmálinn tók gildi.

Við messuna á sunnudag mun David Hamid biskup predika og þjóna fyrir altari ásamt Karli Sigurbjörnssyni, biskupi Íslands. Séra Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, tekur einnig þátt í athöfninni. Organisti verður Hörður Áskelsson og Guðrún Finnbjarnardóttir leiðir almennan messusöng.

Boðið verður upp á veitingar að messu lokinni.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Frumsýning
á nýjum Nissan Navara AT38

Reynsluakstur einstakt tækifæri

Stundarbrjálæði!

Aðeins þessa helgi!

Arctic Trucks sýnir og selur í samstarfi við Ingvar Helgason
nýja breytta jeppa á verulega lækkuðu verði

Nissan Pathfinder AT35

Nissan Patrol AT38

Sýningarafsláttur af öllum Nissan-breytingarpökkum þessa helgi.

Útsala á jeppadekkjum og ýmsum öðrum vörum.

OPIÐ í dag frá 13-16.

Kaffi og meðlæti í boði.

07-0014 KC

Ingvar Helgason

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

STYÐJUM STRÁKANA Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Skráðu þig á www.ibliduogstridu.is
Þú getur sýnt stuðning þinn í verki með því að fara á vefsíðuna ibliduogstridu.is og skrá þig í „Í blíðu og stríðu“, stuðningssamtök handboltalandsliðsins fyrir heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi.

Á vefsíðunni mætast stuðningsmenn og landsliðsmenn, þar birtast nýjustu fréttir, sýnd eru valin myndbrot úr leikjum, allir blogga, spjalla, hvetja íslenska landsliðið og birta myndir frá keppninni og af íslenskum stuðningsmönnum á leikjunum sem hafa staðið sig frábærlega.

WWW.ICELANDAIR.IS

Í BLÍÐU OG STRÍÐU

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 35033 01/07



BJÖRT FRAMTÍÐ HJÁ HUMAC Forstjórinn Bjarni Ákason sér fram á enn frekari vöxt Apple-fyrirtækisins.. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslandsmet í uppbyggingu

Bjarni Ákason, forstjóri Apple-fyrirtækisins Humac, hefur leitt fyrirtækið í gegnum gríðarlegan vöxt á frá því að Öflun, sem nú heitir Humac, tók við Apple-umboðinu á Íslandi af Tæknivali fyrir fjórum árum. *Sigríður Hjálmarsdóttir* heimsótti Bjarna og fékk að vita hvernig þessi hraða uppbygging hefði gengið fyrir sig en Humac reiknar með að velta níu milljörðum á þessu ári.

Bjarni segist hafa alist upp í kringum tölvur frá því hann man eftir sér en faðir hans, Áki Jónsson, var fyrsti tölvumaðurinn á Íslandi. „Pabbi var loftskeytamaður og í framhaldi af því var hann fenginn í að þjónusta tölvurnar fyrir herinn," segir Bjarni og bætir við: „Ég hef stundum sagst vera annar tölvumaðurinn því ég var svo mikið í kringum pabba þegar hann var að vinna við tölvurnar."

Áki, faðir Bjarna, átti verslunina Aco og Bjarni starfaði hjá honum í versluninni í mörg ár. „Ég ætlaði nú reyndar aldrei að fara út í þennan bransa. Ég byrjaði í viðskiptafræði í Háskólanum eftir framhaldsskólann en fékk vírus í augun og missti sjónina í sex vikur í kjölfarið. Úr því fór ég að vinna hjá pabba í Aco og festist þar," segir Bjarni sem stefndi alltaf að því að fara erlendis í nám eins og svo margir gerðu á þessum tíma.

„Ég byrjaði eiginlega bara á kústinum í Aco því ég var að þrífa verslunina sem unglingur. Síðan varð ég sölumaður og loks sölustjóri í fyrirtækinu enda var ég alltaf innvinklaður í reksturinn."

Bjarni segir þá feðga oft hafa rifist um viðskiptahættina enda ekki alltaf á sömu skoðun varðandi reksturinn. „Þegar við vorum farnir að þrasa um rekstur á jólunum og í fjölskylduboðum þá sáum við að þetta væri orðið gott og að leiðir yrðu að skilja vinnulega séð til að halda fjölskyldufriðinn. Ég keypti hann því út úr fyrirtækinu árið 1997 en hann vann hjá mér í þrjú ár eftir það og var mjög erfiður starfsmaður," segir Bjarni og hlær.

MARS 2003 Fyrsta sérhæfða Apple-verslunin opnuð.

OKTÓBER 2004 Apple-verslun opnuð í Danmörku (Gammel Mönt).

MAÍ 2005 Verslun númer 2 opnuð í Lyngby í Danmörku.

OKTÓBER 2005 Verslun opnuð í Stokkhólmi.

OKTÓBER 2005 39 prósent keypt í Office Line og yfirtaka reynd á félaginu. Öflun nær aðeins 2 af 5 mönnum í stjórn.

APRÍL 2006 Öll hlutabréf í Office Line keypt, félagið fær sterkan aðgang að Finnlandi og Noregi.

MAÍ 2006 Apple verslun opnuð í Magasín Kaupmannahöfn.

MAÍ 2006 Verslun opnuð í Helsinki.

ÁGÚST 2006 Verslun opnuð í Drammen.

ÁGÚST 2006 Verslun opnuð í Álaborg

OKTÓBER 2006 Vesterbro Kaupmannahöfn - stærsta verslun Öflunar.

OKTÓBER 2006 Kringlan Reykjavík

JANÚAR 2007 Nafni félagsins breytt úr Öflun í Humac.

Á bleiku skýi

Bjarni seldi Opnum kerfum og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hluti í félaginu eftir að hann keypti það af föður sínum enda var róðurinn erfiður fyrir hann einan. „Síðan keyptum við Japis af Hagkaupsbræðrum um aldamótin en það endaði allt í tómri vitleysu. Þá sameinuðumst við Tæknivali þar sem ég átti þá einhver 7-8 prósent í fyrirtækinu og var framkvæmdastjóri verslunarsviðs. Sú sameining var afdrifarík og mjög slæm fyrir alla."

Bjarni seldi hlut sinn í Tæknivali eftir eitt og hálft ár og stefndi að því að hætta í tölvubransanum. „Um það leyti sem ég kúplaði mig út úr Tæknivali ákváðu þáverandi stjórnendur að lækka laun starfsmannanna um tíu prósent. Einhver hluti starfsmanna sætti sig ekki við lækkunina og ákvað að hætta en þar á meðal voru allir Apple starfsmennirnir, sem stofnuðu félagið Öflun í kjölfarið," segir Bjarni en Apple hafði samband við hann um að taka að sér verkefni fyrir Apple á Íslandi. „Þekkingin á Apple var öll farin út úr Tæknivali og því rifti Apple samningunum við fyrirtækið. Upphaflega var Öflun samsett af Ólafi Hand, Sigurði Þorsteinssyni og Steingrími Árnasyni en þeir höfðu allir starfað fyrir Apple hjá Tæknivali."

Bjarni kom inn í Öflun og félagið gekk þá í að opna verslun fyrir Apple á Íslandi.

„Fyrsta árið sem við vorum með Apple gekk alveg þokkalega en annað árið mjög vel. Þá hafði Apple samband við mig aftur því danski markaðurinn var mjög lélegur. Þeir báðu mig að reyna að gera eitthvað af viti í Danmörku með stuðningi frá þeim, þannig að við helltum okkur í það verkefni."

> Þetta er örugglega Íslandsmet í uppbyggingu því við fórum úr engu og lögðum allt okkar undir. Síðan fórum við bara að græða á fyrsta degi.

Bjarni var lengi að skoða staðsetningar í Kaupmannahöfn en síðan lagði Öflun allt undir og opnaði Apple verslun í miðborg Kaupmannahafnar. „Við renndum alveg blint í sjóinn með þetta án þess að vita nokkuð um hvernig myndi ganga enda þekktum við ekkert markaðinn þarna. Síðan hefur búðin gengið alveg rosalega vel og greinilegt að það var mikil þörf á þessari verslun. Viðskiptavinirnir streymdu inn og við vorum bara á bleiku skýi," segir Bjarni en Öflun opnaði fljótlega aðra verslun rétt fyrir utan Kaupmannahöfn.

Öflun verður Humac

Bjarni segir að þar sem allt hafði gengið svo vel hjá Öflun hafi þeir ákveðið að gera eitthvað meira og halda áfram að stækka félagið. „Við fengum hluthafa að félaginu og opnuðum í Svíþjóð. Á síðasta ári keyptum við síðan norska fyrirtækið Office Line sem var að selja Apple auk þess að vera með fyrirtækjalausnir og fleira. Þetta fyrirtæki er með fullt af stórum viðskiptavinum á borð við Lego og norska ríkissjónvarpið," segir Bjarni og heldur áfram: „Með þessu hefur félagið undið svolítið upp á sig og er ekki lengur bara lítið fyrirtæki í Brautarholtinu. Í dag vinna 200 manns fyrir félagið í fimm löndum; Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku og á Íslandi en við erum með átján verslanir."

Nýlega var nafni félagsins Öflun breytt í Humac sem nær yfir alla starfsemina í löndunum fimm en fyrirtækið hefur vaxið á ógnarhraða meðan hinn almenni markaður hefur haldist nokkuð flatur.

Afturhaldsströll í ráðuneytinu

Bjarni segir að þrátt fyrir svo gott gengi félagsins þá geti hann ekki orða bundist yfir tollunum sem settir voru á iPod. „Það sitja menn í fjármálaráðuneytinu sem setja toll á iPod-inn en fólk á Íslandi þarf að borga 40 prósentum meira fyrir iPod heldur en nokkurs staðar annars staðar. Það veit enginn á hvaða forsendum. Það eru bara einhver afturhaldsströll þarna í ráðuneytinu og stjórnmálamenn sem vilja ekki taka á þessu máli," segir Bjarni og bætir því við að hann viti aðeins um einn alþingismann sem hafi tekið þetta upp í umræðunni. „Ég skil ekki hvað allt þetta unga fólk er að gera þarna í þinginu. Af hverju þurfa Íslendingar að fara til útlanda til að kaupa iPod. Það er meira að segja ódýrara fyrir mig að kaupa hann erlendis þrátt fyrir að ég myndi eflaust fá góðan díl á það hjá mínu fyrirtæki." Bjarni segir ríkið bara tapa á þessum tollum enda kaupi flestir iPod erlendis. „Þegar tölvubyltingin var að byrja þá var söluskatturinn meira að segja felldur af tölvum til að flýta fyrir framþróun. Í dag virðast menn vilja hindra þessa þróun eins og þeir mögulega geta," segir Bjarni ákveðinn.

„Ég hef verið spurður að því af hverju við erum ekki bara góðir við þessa menn og veitum þeim einhverja sérþjónustu. Mér finnst bara að hlutirnir eigi ekki að vera þannig. Þetta er greinilega einhver þrjóska í mönnum sem hafa ekki kjark til að taka þetta fyrir."

Býr í Danmörku

Bjarni er búsettur í Kaupmannahöfn um þessar mundir en hann tók við framkvæmdastjórastöðunni þar í nóvember þegar framkvæmdastjóranum þar var sagt upp. „Ég hef verið með annan fótinn í Danmörku allt frá því við opnuðum þar fyrir þremur árum. Þaðan er líka stutt til hinna Norðurlandanna þar sem við erum líka með verslanir. Ísland er ekki hentugasta staðsetningin fyrir höfuðstöðvar."

Framtíðarplön Humac í dag eru að samhæfa Office Line við aðra starfsemi Humac auk þess að hreinsa til í stjórnuninni í Noregi og Danmörku. Bjarni segir þau verkefni hafa kostað ýmsar fórnir en séu nú að klárast.

„Svo ætlum við bara að sækja fram. Til dæmis sjáum við fram á að geta tvöfaldað söluna hér á Íslandi og horfum þar á innri vöxt. Síðan höfum við verið að skoða tækifæri í Austur-Evrópu en þar eru minni og vanþróaðri markaðir. Það er talað um að ef Evrópa vex eins mikið og Ameríka þá sé eftir miklu að slægjast enda hefur salan í Ameríku tvöfaldast á skömmum tíma."

Bjarni segir Humac reikna með að velta níu milljörðum á þessu ári en á því síðasta velti félagið 6,5 milljörðum. „Þetta er örugglega Íslandsmet í uppbyggingu því við fórum úr engu og lögðum allt okkar undir. Síðan fórum við bara að græða á fyrsta degi, áttum alltaf pening og vorum ekki að bruðla neitt. Þess vegna gátum við stækkað svona hratt," segir Bjarni Ákason, forstjóri Humac. ■

BORÐSTOFUBORÐ COCO 180CM
OG 6 LEÐURSTÓLAR
ÁÐUR 133.000,-
NÚ 53.200,-

PISA LEÐURSÓFI

4JA SÆTA ÁÐUR 148.000- NÚ 74.000,-
3JA SÆTA ÁÐUR 124.000- NÚ 62.000,-
STÓLL ÁÐUR 85.000,- NÚ 42.500,-

LUCA LEÐURSTÓLL
ÁÐUR 28.500,-
NÚ 19.950,-

ETHNIKRAFT
TEKK-BLÓMASÚLUR
VERÐDÆMI:
ÁÐUR 19.500,-
NÚ 5.850,-

SCOTCH LEÐURSTÓLL
ÁÐUR 75.000,-
NÚ 37.500,-

PISA SÓFI M/MICROFIBER-ÁKLÆÐI

4JA SÆTA ÁÐUR 148.000- NÚ 59.200,-
3JA SÆTA ÁÐUR 124.000- NÚ 49.600,-
STÓLL ÁÐUR 85.000,- NÚ 34.000,-

VINTAGE BORÐSTOFUBORÐ
(STÆKKANLEGT 180-240CM)
OG 6 LEÐURSTÓLAR
ÁÐUR 149.000,-
NÚ 74.500,-

FABRIKAN

Í DAG ER SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR!

ENN MEIRI AFSLÁTTUR – ÓTRÚLEG VERÐ

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

LÖNG OPNUNARHELGI! OPIÐ Í DAG, SUNNUDAG, 13-18

BREYTTAR ÁHERSLUR Frá því að Elín tók við framkvæmdastjórn Fegurðarsamkeppni Íslands hefur verið meiri áhersla lögð á að keppendur séu hugsandi ungt fólk og að ekki sé nóg fyrir stúlkurnar að vera bara grannar og sætar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hin fullkomna fegurðardrottning

Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Íslands, vinnur að því um þessar mundir að velja keppendur í Ungfrú Reykjavík. Elín hefur verið framkvæmdastjóri keppninnar síðan 1996 og sagði *Sigríði Hjálmarsdóttur* frá starfi sínu og samskiptum við keppendur frá þeim tíma.

Elín segist aldrei hafa ætlað sér að verða framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Íslands heldur hafi hlutirnir bara æxlast þannig. „Ég hafði unnið á skrifstofunni hjá Ólafi Laufdal í þrjú ár þegar dóttir mín varð í öðru sæti í Ungfrú Ísland árið 1993 og send til Suður-Afríku að keppa í Miss World. Ég gagnrýndi ýmislegt sem mér fannst að hefði betur mátt fara við undirbúninginn og fleira þannig að ég var bara gripin í þetta," segir Elín, sem fór smátt og smátt að taka að sér undirbúning keppnanna þangað til hún var ráðin framkvæmdastjóri árið 1996.

„Í dag held ég utan um þrjár stórar keppnir á ári; Ungfrú Reykjavík, Ungfrú Ísland og Herra Ísland, auk þess að halda utan um undankeppnirnar úti á landi. Í raun má segja að Ungfrú Ísland keppnin byrji á undankeppnunum sem eru haldnar á landsbyggðinni."

Elín fer á flesta staðina sjálf til að dæma því mikilvægt er fyrir hana að hafa heildarsýn yfir alla þátttakendur. „Þannig verður hópurinn til sem keppir síðan í Ungfrú Ísland en þá taka við keppnirnar erlendis þannig að þetta er orðið starf allt árið. Keppnirnar úti eru yfirleitt seinni part sumars og fram á veturinn en síðan tekur Herra Ísland keppnin við í nóvember þannig að þetta hangir allt saman," segir Elín en Fegurðarsamkeppni Íslands hefur haldið Herra Ísland keppnirnar frá því Elín tók við framkvæmdastjórninni.

Hin fullkomna fegurðardrottning

Elín segir erfitt að útskýra eftir hverju sé nákvæmlega leitað í fari fegurðardrottningar. „Við leitum eftir persónum sem koma þannig fyrir að þær fangi athyglina um leið og þær ganga inn í salinn. Það er ekki nóg að vera bara sæt heldur þurfa þessar stelpur að hafa helling fleira til að bera. Svo er það ekki fyrir hvern sem er að höndla þetta, sérstaklega ef farið er alla leið og það er nú ekki svo langt síðan það gerðist síðast," segir Elín og vísar þar til Unnar Birnu. „Það er rosaleg pressa sem fylgir því að vera handhafi titilsins Ungfrú heimur. Það er náttúrlega alveg ofboðslega gaman að sjá þann árangur og algjört einsdæmi að þessi litla þjóð skuli hafa átt þrjár Ungfrú heim og eina Ungfrú international, sem Guðrún Bjarnadóttir var kjörin árið 1963."

Spurð hver sé hin fullkomna fegurðardrottning segir Elín: „Ætli hin fullkomna fegurðardrottning sé nokkuð til? Mér finnst við alltaf vera með hina fullkomnu fegurðardrottningu þegar við erum búin að fara í gegnum keppnina á hverju ári. Svo er bara spurning hvernig valið er þegar komið er út. Við vitum aldrei hvernig hinar eru."

Elín segir Unni Birnu þó besta dæmið um fullkomna fegurðardrottningu. „Hún er búin að standa sig alveg ofboðslega vel og fyrir mér er hún alveg fullkomin fegurðardrottning. Við erum svo stolt af henni," segir Elín og heldur áfram: „Þegar Unnur Birna fór til að krýna arftaka sinn í Ungfrú heimi fann maður hvað hún er elskuð og virt þarna úti og það fyllir mann alveg rosalegu stolti. Fólk gerir sér ekki nokkra einustu grein fyrir því hvað hún er fræg þarna. Það eru alls staðar ljósmyndarar í tugatali og meira að segja var erfitt fyrir mig að fá að hitta hana. Þannig að í þessum heimi er hún alveg ofboðslega fræg."

Elín telur Unni Birnu eiga alla þá möguleika sem hún vilji nýta sér innan þessa geira. „Það er bara undir henni komið hvað hún vill gera. Þessu hlutverki hefur hún sinnt alveg ofboðslega vel og er afskaplega skynsöm stúlka. Hún kann líka að hafa húmor fyrir sjálfri sér enda þýðir ekkert að taka þetta of alvarlega því þá verða ósigrarnir svo sárir." Elín segir Unni Birnu hafa sinnt þessu hlutverki alveg hundrað prósent en kunna líka vel að bregða sér úr því. „Ég held að það verði að vera hægt að gera það líka til þess að halda sönsum því það er ekki hægt að vera alltaf eins og brúða."

> Það er mjög erfitt að þurfa að taka ákvörðun um að svipta fólk titli.

Áhersla á heilbrigði

Spurð hvort leitað sé eftir öðru í fari keppenda í dag en þegar Elín tók við, segir hún: „Ég myndi ekki segja það þótt tíðarandinn hafi auðvitað breyst. Við erum farin að leggja meiri áherslu á karakter stúlknanna, hvað þær eru að gera og hvað þær ætla sér í lífinu. Það skiptir miklu máli. Við tökum ítarleg viðtöl við hverja og eina þeirra auk þess sem ég vinn með þeim allan undirbúningstímann. Að öðru leyti hefur þetta haldist óbreytt í rúmlega hálfa öld."

Um þessar mundir er verið að velja inn keppendur í Ungfrú Reykjavík en 120 ábendingar bárust þetta árið. „Það er talsverð vinna að fara yfir þetta allt því við boðum allar í viðtal og látum þær síðan vita hvort þær eigi að koma í aðra prufu," segir Elín en þegar búið er að velja inn í keppnina í lok janúar hittast stúlkurnar strax ásamt Dísu í World Class og Fríðu Rún næringarráðgjafa. „Þá er byrjað að kenna þeim hvað þær geti gert best fyrir sig hver og ein þannig að þetta er nokkurra mánaða ferli. Það er alls ekkert nóg að vera bara þvengmjó. Ég held að áður fyrr hafi verið meira lagt upp úr því að þær væru grannar en núna er áhersla á að þær séu stæltar og heilbrigðar. Það er alveg bannað að vera bara horaðar, eins og var hér áður fyrr. Þessar stelpur eru svo mikil fyrirmynd fyrir ungar stelpur að það verður að fara varlega því ungu stelpurnar vilja svo gjarnan líkjast fegurðardrottningunum."

Elín segir að keppnin sé líka hætt að senda stelpurnar í ljósabekki fyrir keppnirnar og nú séu þær bara spreyjaðar í staðinn. „Við reynum að taka allt sem er óhollt út úr keppninni og undirbúningnum fyrir hana."

Í dag er víðast hvar meiri áhersla lögð á fyrirsætukeppnir en beinar fegurðarsamkeppnir. Spurð hvað það hafi að segja fyrir stelpurnar að keppa um kórónu, segir Elín: „Við reynum allt sem í okkar valdi stendur til þess að útvega stelpunum vinnu við fyrirsætustörf. Þær hafa fengið fín verkefni hér heima þrátt fyrir að markaðurinn sé lítill. Auðvitað vekja þær athygli því fólk sér þær í sjónvarpi, blöðum og ýmsum kynningum en annars hefði enginn vitað hverjar þær væru. Þannig að þetta opnar þeim leiðir í fyrirsætuheiminum eins og svo mörgu öðru."

Elín segir fyrirsætukeppnir og fegurðarsamkeppnir vera tvennt ólíkt og að erlendis sé jafnan meiri rígur á milli keppnanna en hér á landi. „Í fyrirsætukeppnum er meira leitað eftir einhverri sérstöðu í útliti en auðvitað hafa margar fegurðardrottningar orðið frægar fyrirsætur líka. Síðan sér maður fyrirsætur sem eru ekki beint fallegar heldur hafa þær eitthvað sérstakt sem vekur athygli og hentar í fyrirsætustörfum."

Erfitt að svipta fólk titli

Þetta er í rauninni allt ósköp svipað hjá strákunum þótt það sé ekki eins föst hefð fyrir því að halda Herra Ísland keppnirnar eins og Ungfrú Ísland. „Úti í heimi eru keppnirnar ekki alltaf haldnar á hverju ári," segir Elín og bætir því við að aðsóknin í Herra Ísland hafi aukist gríðarlega frá því fyrsta keppnin var haldin. „Þá þurftum við að draga strákana í keppnina en núna senda þeir jafnvel sjálfir inn umsóknirnar. Það koma upp undir hundrað ábendingar og umsóknir á ári núna og byrja að berast daginn eftir keppni fyrir þá næstu. Þannig að þetta þykir meira flott í dag heldur en hallærislegt eins og áður var," segir Elín.

Elín segir það erfiðasta sem hún hafi gert á ferli sínum sem framkvæmdastjóri Herra Ísland vera þegar hún þurfti að svipta Herra Ísland titlinum. „Þetta þurfa að vera góðar fyrirmyndir og það var einmitt misbrestur á því í þessu tilfelli. Það er mjög erfitt að þurfa að taka ákvörðun um að svipta fólk titli. Eftirmálinn var líka erfiður. Hann lét hafa ýmislegt eftir sér um mig og fleiri en ég ákvað bara að svara engu. Mér fannst betra að láta kyrrt liggja og leyfa þessu að gleymast. Það hefði gerst fyrr ef hann hefði gert slíkt hið sama. Þetta var hins vegar óhjákvæmilegt og myndi aldrei hafa verið gert annars."

Elín segir rosalega gaman að fylgjast með strákunum í undirbúningnum fyrir Herra Ísland. „Þeir taka þetta mjög alvarlega þótt fólk telji oft að þetta sé mun léttvægara fyrir þá en stelpurnar en keppnisskapið er svo mikið hjá þeim. Þeir fá sama aðdraganda í þjálfun og næringarfræði og stelpurnar og það er rosalega gaman að sjá muninn á þeim frá því þeir byrja að æfa þangað til þeir mæta í keppnina."

Elín segir algengt að systkini eða vinir einhvers sem hefur tekið þátt áður komi og keppi bæði í Ungfrú og Herra Ísland. „Þetta sýnir mér að þau eru að hvetja hvert annað til þess að koma og taka þátt enda er þetta bæði gaman og gefandi. Ég get ekki verið annað en ánægð með það." ■

GLEÐILEGT REYKLAUST ÁR

NÝTT ÚTLIT - SAMA BRAGÐ

20% afsláttur

af Nicotinell nikótíntyggigúmmíi í 84, 96 og 204 stk pakkningum

í öllum apótekum

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

HERMANN STEFÁNSSON RITHÖFUNDUR „Skáldskapur er ekki lygi. Hann er uppspuni og það er allt annað. Ég lýg ekki nema til að segja sannleikann.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skáldskapur breytir heiminum á hverjum degi

Hermann Stefánsson er þriðji viðmælandi Fréttablaðsins í umfjöllun þess um íslensku skáldsöguna. Hermann gaf út ljóðabókina Borg í þoku fyrir síðustu jól en hefur áður gefið út skáldsögur og skáldfræðirit. Hann kveðst sjálfur vera algeng söguhetja í spænskum bókmenntum og verður óvenju tíðrætt um fiðrildi.

Hermann skýrir frá því að skáldsagan búi jafnan við það ástand að yfirlýst staða hennar sé slæm og byrjar á bókmenntalegan hátt á því að rekja þá staðreynd aftur til Don Kíkóta eftir Cervantes. „Ef það er fyrsta skáldsagan þá verður hún til sem skopstæling á útjaskaðri hugmynd,“ segir Hermann og áréttar að sagan um Don Kíkóta byggi þannig á því að riddarasagan sé útjöskuð og ófrumleg. „Það er bara eitthvað svo ófrjótt fyrir höfunda að ástandið sé gott. Þeir þurfa á því að halda að það sé ægilegt svo þeir geti gert eitthvað í því – það væri samt gaman ef einhver kæmi fram sem ekki væri á móti neinu.“

Sjálfur segist Hermann ekki vera á móti neinu né neinum þannig séð en skýlir sér jafnframt bak við þá staðreynd að hann sé næsta skoðanalaus. „Þegar maður lifir í litlu samfélagi er ágætt að vita ekki neitt. Ég er bara þannig af guði gerður,“ segir hann hógvær. „Mig langar ekkert sérlega til að láta festa mig niður eins og fiðrildi á prjón og álít mig ekki tilheyra neinni kynslóð eða hópi og kann ekki við mig í kössum. Og þegar væringarnar eru í svona miklu návígi er best að halda sig fyrir utan þær.“ Eftir nánari umhugsun bætir hann við: „Samt geta deilur líka verið skemmtilegar og nauðsynlegar.“

Deiluefnin þessa dagana eru til að mynda tengd hugmyndum fólks um sannleika og lygi en Hermann telur mögulegt að þær hugmyndir hafi farið á enn meira flot hérlendis í kjölfar nokkurra hitamála og megi í því sambandi nefna yfirlýsingar Guðmundar Jónssonar, forstöðumanns Byrgisins, mál Árna Johnsen og jafnvel Íraksstríðið sem byggi á lygi. „Ég hata lygar af öllu hjarta,“ segir hann grafalvarlegur en afstæði sannleikans og lygar eru eitt af viðfangsefnum verka hans. Höfundurinn segist þó ekki fást við slíkar blekkingar sjálfur. „Skáldskapur er ekki lygi. Hann er uppspuni og það er allt annað. Ég lýg ekki nema til að segja sannleikann.“

Sjálflýsandi bókmenntir

Skáldsöguhöfundar hafa alla tíð verið í vandræðum með sjálfa sig í bókmenntunum, allt frá Don Kíkóta til okkar daga en eitt afbrigði þeirrar flækju er þegar höfundurinn sjálfur verður bókstaflega ein af aðalpersónum verka sinna. Sjálfssögur virðast vera nokkuð móðins hérlendis hvort sem það er ætlun höfundarins eða þörf lesandans fyrir tengsl við meintan veruleika.

„Það eru til mörg orð yfir þetta, stundum er talað um sjálflýsandi bókmenntir,“ útskýrir Hermann og bætir við að það sé rík hefð fyrir ævisögulegum skrifum hér á landi auk þess sem hlutfall „skrifandi fólks“ sé mjög hátt. Nýlegt dæmi um sjálflýsandi bókmenntir er skáldsaga Eiríks Guðmundssonar, Undir himninum, sem kom út fyrir síðustu jól. Þar glíma lesendur ekki aðeins við kunnugleikann í tengslum við aðalpersónuna E. heldur svipar einni aukapersónu töluvert til Hermanns sjálfs. Hann þverneitar samt að vera sú persóna. „Nei, ég er allur hérna – ég get ekki ratað inn í bók. Það væri reyndar draumur og mig dreymir um að verða nefndur í uppflettiritum sem algeng sögupersóna í íslenskum bókmenntum en það er allt annað. Ég sjálfur er ennþá hér, hef alla fingur og alla útlimi,“ segir hann og ekki ber á öðru – eða hvað? „Ég rata hins vegar oft inn í spænskar bækur. Ég er algeng sögupersóna í spænskum bókmenntum,“ segir hann sannfærandi og sýpur kaffi.

> Það getur svo margt gerst í sálarlífinu hjá fólki sem les bækur, þær geta breytt hugmyndum þeirra og smitast út í lífið þótt aðeins örfáar hræður gluggi í þær.

Persóna í einni skáldsögu Hermanns Stefánssonar á í vandræðalegu sambandi við rithöfundinn Ólaf Jóhann Ólafsson en höfundurinn vill ekki gangast við því að það komi hinum eiginlega Ólafi Jóhanni nokkuð við. „Einhvern tíma var talað um íslenskan leshátt sem einkenndist af þessari afhjúpunarþörf, að finna fyrirmynd persónanna. Þetta er algengt í litlum samfélögum en óbærilegt fyrir íslenska höfunda. Þeir þurfa sífellt að vera að svara spurningum sem ekki er hægt að svara; hvort þessi persóna sé þessi eða einhver annar. Um leið og þú byrjar að skrifa ertu farinn að skálda, skapa karakter – ekki manneskju af holdi og blóði, það eru bara erfðavísindin sem geta það,“ segir hann en bætir við og grefur markvisst undan starfi skrifandi fólks: „Jafnvel þótt eitthvað rati á blað sem einhver hefur sagt merkir það ekki að þar sé komin manneskjan sjálf.“

Hermann tengir þessa þörf skáldsagnahöfundarins eftir „raunveruleikatengslum“ við þá þrá þeirra að finna einhvern sem trúir þeim. „Menn reyna að leita uppi sakleysi lesandans líkt og samband lesanda og höfundar var á 18. öld,“ segir hann en þá voru víst trúgjarnari tímar en nú þegar lesendur geta ekki einu sinni lagt fullkominn trúnað á það sem stendur í blöðunum.

Dauði og geðveiki

Líkt og fyrri viðmælendur blaðsins sem rætt hafa um skáldsöguna síðustu sunnudaga minnist Hermann á glæpasöguna og viðtökur hennar. „Við höfum svolítið skrítnar hugmyndir um bókmenntagreinar hér á landi. Núna finnst til dæmis mörgum það

Frá bókmenntafræðingi...

Skáldsagan er svampur með óljós landamæri líkt og nútímamaðurinn. Hún sýgur í sig allar greinar, miðlar reynslu, því sem er og ekki er, og skarast á stundum við vanmátt sagnfræðinnar til miðlunar. Það var eitthvað í nútímamanninum sem kallaði á skáldsöguna. Óumræðanleg þörf, frelsi og einstaklingshyggja, samsuða í speglasalnum. Í dag má sjá skemmtilega skörun skáldskapar við aðrar listgreinar, til að mynda við myndlist, sem og afturhvarf, jafnvel leit að horfnum heimi. Sjálfsvísandi brotakenndar frásagnir, kenndar við póstmódernisma, kallast jafnt á við bréf, skrif, játningar 18. aldar, sem og við upphaf módernismans síðar meir. Nútíminn er ekki til án skáldsögunnar. Þefurinn af sjálfskapandi minningum verður undirstaða í þversagnakenndum heimi hvort sem lesandi er í örvæntingarfullri leit að áttavita eða að reyna að má út öll sín spor og merki um staðsetningu. Já endalok hennar myndu kalla á ærlega upplausn tungumálsins og stórfellda krísu í hugsun nútíma,fólks sem tekst á við tilvistina með skáldsögunni. Hún er athvarf sem fóstrar skissur lífsins, innra sem ytra. Stundum er þetta athvarf með eindæmum hrörlegt en þörfin er engu að síður

til staðar. Inni á milli moldaðra ánamaðka rís ómetanlegur heimur sem ekki er hægt að sleppa undan. Á nýliðnum árum 21. aldar minnist ég í fljótu bragði þriggja þýðinga sem auka mikilvægi íslensku skáldsögunnar; Saga augans eftir Georges Bataille í þýðingu Björns Þorsteinssonar, Glerhjálmurinn eftir Sylviu Plath í þýðingu Fríðu Björk Ingvarsdóttur og nú Umskiptin eftir Franz Kafka í þýðingu Ástráðs Eysteinssonar og Eysteins Þorvaldssonar. Þessar bókmenntir á íslensku eru dæmi um athvarf sem færir okkur fleiri augu í myrkri.

Soffía Bjarnadóttir

*Oft á vorin haldin eru héraðsmót.

Hermann Stefánsson

*** Áskorun Hemingways**

Rithöfundurinn Ernest Hemingway var eitt sinn beðinn um að semja sex orða skáldsögu. Hann varð við þeirri áskorun og taldi hana síðar með sínum bestu verkum. Sagan hans hljóðaði svo: „Baby shoes, for sale, never used."

Staða skáldsögunnar

Fréttablaðið tekur púlsinn á íslensku skáldsögunni og kannar stöðu hennar í sem víðustu samhengi. Greinarnar verða einnig aðgengilegar á heimasíðu Vísis þar sem lesendur eru hvattir til að leggja sitt til málanna.

prógressíft að vera á móti glæpasögum – sem ég held að sé einhver misskilningur. Ég sé enga ástæðu til að vera á móti einhverju vegna þess að það er vinsælt alveg eins og það er engin ástæða til að vera fylgjandi einhverju vegna þess að það er óvinsælt." Hermann ku þó ekki vera alveg hlutlaus í þessum efnum, bróðir hans Jón Hallur hefur verið kallaður „krónprins íslensku glæpasögunnar" og sjálfur hefur Hermann í félagi við annan mann skrifað glæpasmásögu sem birtist í safnriti fyrir nokkrum árum.

Hermann hefst handa við að rifja upp sögu reifaranna hérlendis og bendir blaðamanni á að upphafsmaður íslensku glæpasögunnar hafi í raun verið Thor Vilhjálmsson. „Hann þýddi Nafn rósarinnar eftir Umberto Eco og skrifaði síðar Grámosinn glóir. Ég held að ég fari rétt með að hann hafi fengið meiri útbreiðslu meðal lesenda með þeirri bók. Samt er þetta ekki endilega hans aðgengilegasta bók, þetta er mjög ljóðræn saga með rangölum sem er frábært að týnast í."

Hann segist ekki munu loka fyrir þann möguleika að hann skrifi sjálfur fleiri glæpasögur og bendir á að það sé ekki svo mikill munur á þeim og öðrum skáldsögum. „Einhvern tíma hafði ég þá hugmynd að munurinn á glæpasögum og öðrum sögum væri sá að glæpasögur hæfust á því að einhver deyr en aðrar bækur enduðu á því að einhver deyr. Eða missir vitið. Fagurbókmenntir enda ýmist á dauða eða sturlun."

> Jafnvel þótt eitthvað rati á blað sem einhver hefur sagt merkir það ekki að þar sé komin manneskjan sjálf.

Hjátrú og grillur

Afmáð skil há- og lágmenningar gátu af sér reifarann sem Íslendingum hefur loksins lærst að hampa. Hermann segist ekki lesa mikið af slíkum bókmenntum en segir að aðdáendur þeirra leiti að goðsögum heimsins í frásagnarmynstri sem þeir kannist við og njóti endurtekningarinnar. Rithöfundar séu síðan drifnir áfram af ólíkri þörf, þar á meðal þeirri að hafa áhrif á veröldina í kringum sig.

„Ég hef brjálaða hjátrú um áhrifamátt bókmennta," segir Hermann, „raunar hreinræktaða grillu". Hann líkir þeirri trú sinni við söguna af fiðrildunum sem blaka vængjum á einum stað og valda með því stormi annars staðar á hnettinum. „Það eru alls konar áhrif – óbein og ómælanleg. Það getur svo margt gerst í sálarlífinu hjá fólki sem les bækur, þær geta breytt hugmyndum þeirra og smitast út í lífið þótt aðeins örfáar hræður gluggi í þær."

Hermann heldur að kollegar hans í rithöfundastétt skrifi vegna þess að þeir geti ekki hætt. Trúin á mátt bókmenntanna hefur vitanlega breyst með árunum en Hermann er bjartsýnn. „Auðvitað tel ég að skáldskapur hafi gríðarleg áhrif. Ég held að hann breyti heiminum á hverjum degi."

Viðbótarvertíðir

Fólk hefur agnúast út í jólabókaflóðið og rætt um skort á umræðu í tengslum við bókmenntir áratugum saman. Hermann segist ekki kunna neina endanlega skýringu á því af hverju ekki hafi tekist að breyta viðhorfinu en segir að slík flóð séu ekki alveg óþekkt í öðrum löndum og að þetta hafi bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar – þótt hann hafi „ekki beinlínis gaman að því" sjálfur. „Það gæti hugsast að þessi hefð væri hreinlega hentug út frá kapítalísku sjónarmiði. Hefðin fyrir því að gefa bækur í jólagjöf er bara nokkurra áratuga gömul en hún stendur að stórum hluta til undir bókaútgáfu hér á landi. Stór hluti bóka kemur út fyrir jólin en nú eru alls kyns annars konar vertíðir að bætast við, til dæmis í bóksölu fyrir ferðamenn á sumrin. Draumalandið kom út í mars á síðasta ári en sló samt í gegn og á síðustu árum hefur komið talsvert slangur af bókmenntum á öðrum tíma en fyrir jól." Hermann nefnir að íslenskir höfundar megi þó vel við una að einhverju leyti. Gæði hlutskiptis þeirra sé vitanlega afstætt í samanburði við kollega þeirra í öðrum löndum. „Á Spáni er talsvert erfiðara fyrir höfund að koma sér á framfæri en hér og styrkir af skornum skammti meðan aftur í Belgíu, ef ég man rétt, og fleiri löndum, er styrkjakerfið þróaðra og betra en hér og hlutfallslega meira fé veitt í það og höfundar því ekki eins háðir markaðnum." Hermann nefnir í því samhengi óvenju stuttan meðallíftíma spænskra bóka. „Hann getur verið styttri en líftími miðlungs lífseigrar bloggsíðu, í mörgum tilfellum er hann um tveir mánuðir. Bækurnar koma út, seljast illa í nokkrum bókabúðum og eru sendar í endurvinnslu þar sem þær eru tættar í strimla. Fæstar þeirra rata á bókasöfn eins og hér er yfirleitt reglan – þær hreinlega hverfa af yfirborði jarðar. "

Fyndin hugmynd

Hermann vinnur nú að skáldsögu sem hann segir lokahnykkinn í þríleik með sömu söguhetjum. „Ég kallaði reyndar þá fyrstu, Níu þjófalykla, smásagnasafn en síðan flokkaði einn gagnrýnandinn hana sem skáldsögu og ætli það sé ekki bara rétt hjá honum. Ég er farinn að kalla hana skáldsögu líka – ég geri bara það sem mér er sagt," segir hann bljúgur.

Hermann líkir síðan skáldsögunni glaðhlakkalega við „allsherjar ruslakistu" og segir marga ólíka hluti rúmast innan hennar nú sem fyrr. Hann kveðst ekki vera búinn að lesa sig í gegnum þann stafla af íslenskum skáldsögum sem komu út fyrir síðustu jól en nefnir þó að hann hafi til dæmis hrifist af bók Braga Ólafssonar, Sendiherranum og sögu Sölva Björns Sigurðssonar, Fljótandi heimur.

„Þótt það sé miklu frjórra að líta svo á að skáldsagan sé komin að fótum fram og við séum að upplifa mesta hörmungarskeið hennar fyrr og síðar þá er það fyrst og fremst fyndin hugmynd. Þegar maður lítur á þær bækur sem komið hafa út að undanförnu er það augljóslega ekki tilfellið."

- khh

HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Sunnudagur

Það er yfir öllu þessi skammvinna kyrrð sunnudagsins sem stundum kemur að afloknu hádegi þegar helgin hvílir líkt og í hlutlausu jafnvægi milli eftirvæntingar laugardagsins og stjarfa mánudagsins.

Fríða Á. Sigurðardóttir: Eins og hafið

Að fljúga konu

Í síðasta pistli var vikið að sögnunum að aka, keyra, sigla. Svo benti mér ónefndur maður á að sagt hefði verið að konu hefði verið „flogið á sjúkrahús“ – og vildi fá að vita hvers konar flygildi þessi kona væri. Þetta hjómar auðvitað ankannalega og kannski hefur Ómar Ragnarsson einkaleyfi á slíkum flugferðum er hann flýgur á „Frúnni“. Þó má segja þessu orðalagi til nokkurrar afsökunar að við segjum hiklaust: „Viltu keyra mig heim“ – þó að við breytum okkur ekki þar með í farartæki.

...segir að ástæðan...vera þá!!

Í Fréttablaðinu 16. janúar er svona hörmulega tekið til orða: “... barnalæknir segir að ástæðan fyrir því að bakvísandi stólar reynast betur vera þá að hálsliðir barna eru mun veikbyggðari...” Hollt er blaðamönnum að lesa málsgreinar sínar yfir í heild, einkum þegar teygist úr þeim og forðast svona afglöp. Reyndar er það góð regla í almennu ritmáli að nota mest skýrar aðalsetningar og punkta, fremur en hlykkjóttar málsgreinar með mörgum aukasetningum. Það gerir frásögnina lipurri og auðveldar bæði lestur og skilning.

Faðir Víkverja

„Faðir Víkverja hefur löngum þótt hákarlinn góður...“. Þetta las ég í Morgunblaðinu 18. janúar og veit eiginlega ekki hvað ég á að segja. Er skollin á nefnifallssýki? Þykir þetta boðlegt í Morgunblaðinu?

Toppur og toppa

Þessi tvö orð eru orðin ótrúlega vinsæl. Menn segja miklu fremur „frá toppi til táar“ heldur en „frá hvirfli til ilja“. Ekki finnst mér ég vera með neinn topp, nema þá helst hártopp, og ekki sé ég þá merkingu í orðabókum. Aftur á móti kemur þar fram merkingin tindur, sem er snöggtum fallegra en fjallstoppur. Einnig álpast menn til að segja að eitthvað sé toppurinn á einhverju í merkingunni allra best. Ætli þetta sé ekki afbökun úr ensku eins og nú er mikil tíska. Og sama máli gegnir um sögnina að toppa sem á íslensku er að gera betur, slá einhverjum við, ná betri árangri en e-r.

Skemmtilegt myndmál

má enn finna hjá Halldóri Guðmundssyni í Fréttablaðinu 20. janúa í umfjöllum um orðfæri liðins tíma í æviminningum: „Orð eins og þetta hafa sjálfstætt líf og áferð og hljóm og geta lifað lengi með lesandanum, eru ómissandi fótgönguliðar í orustunni við gleymskuna.“

Braghenda

Valhenda kallast sú tegund braghendu þegar allar línur enda á stýfðum lið:

Næðir yfir norðanáttin nístings-köld
drungalegt þá dimmir kvöld
og dapurleikinn tekur völd.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

Af hverju er ég hér?

Hanna Björk Valsdóttir talar frá Teheran.

Ég sit í fancy smancy íbúðinni minni í Teheran og horfi á fréttir, á stærsta risaskjá sem ég hef séð, um að Bandaríkin og Bretar hafi verið að senda sprengjuvélar til Suður-Íran. Og ég sem er bara búin að vera hérna í tvo daga. Gátu þeir ekki beðið aðeins. Einhvern veginn hef ég samt engar áhyggjur af því að stríð brjótist hér út. Ekki frekar en hver annar í Teheran.

HANNA BJÖRK

Fólk heima spurði mig hvað ég væri að pæla að ætla til Íran. Ég veit ekki af hverju en ég vissi bara að ég yrði að fara. Ég er smám saman að reyna að skilja hvernig lífið er hérna. Teheran er brjáluð borg. 14 milljónir búa hér og lifa algjörlega tvöföldu lífi. Annars vegar er Teheran á yfirborðinu og hins vegar Teheran undir yfirborðinu, eða það sem þeir kalla „black Tehran“ og vísar til alls þess sem er ólöglegt í Íran og er verslað með á svarta markaðnum. Fólkið og ríkisstjórnin er tvennt ólíkt. Ég hef engan hitt sem styður forsetann og flestir gera grín að honum. Íran er á suðupunkti núna og pólitískt ástand mjög viðkvæmt, bæði innan Íran og utan.

Í dag fór ég að hitta Niki Karimi, einu írönsku konuna sem ég þekkti áður en ég kom til Teheran. Hún er ein frægasta leikkonan í Íran og er að leika í mjög „commercial“ mynd núna eftir einn vinsælasta leikstjóra Íran. Soldið eins og íranska Hollywood en samt allt öðruvísi. Það var mjög fyndið að fylgjast með dramatískri íranskri ástarsögu verða til og í útiskotunum flykktist fólk á staðinn og heilu fjölskyldurnar mættu til að fylgjast með.

TEHERAN

Milli atriða kom fólk að heilsa Niki og láta taka myndir af sér með henni.

Þegar ég mætti á settið sprakk Niki úr hlátri og sagði, „Guð minn góður, Hanna hvað kom fyrir þig, þú ert nákvæmlega eins og írönsk kona.“ Eina sem var öðruvísi var að trefillinn sem ég er vanalega með um hálsinn var núna vafinn yfir hausinn á mér og huldi hárið. Annars var ég í svarta millisíða H&M jakkanum mínum, gallabuxum og stígvélunum. Nákvæmlega eins og heima. En gæti samt verið „uniform“ fyrir íranska stelpu.

Niki sagði mér að hafa ekki áhyggjur, ég gæti tekið af mér slæðuna þó að settið væri fullt af fólki. Þannig er lífið í Teheran algjörlega tvöfalt. Maður vefur slæðu um hausinn þegar maður fer út og fer í jakka sem nær niður fyrir rass en annars eru stelpurnar algjörlega vestrænt klæddar. Niki var mjög glöð að sjá mig og gestrisnin og kurteisin skín alls staðar í gegn. Íranir eru súper næs, annað verður ekki sagt. Það er stanslaust borið í mann te, hnetur, þurrkaðir ávextir og súkkulaði. Pístasíur og appelsínur eru á öllum borðum. Fólk rembist við að tala ensku og allir vilja allt fyrir mann gera.

Eftir tökur fórum við heim til Niki og hún býr eins vel og aðrir Íranir sem ég hef komið heim til. Inni á heimilunum gæti maður haldið að maður væri staddur í hvaða stórborg sem er. Það fyrsta sem manni er boðið er víski eða vodka. Annars er áfengi ólöglegt eins og allt annað en það stoppar engann. Áfengi er selt á svarta markaðnum, rétt eins og DVD-diskar með Hollywood-bíómyndum sem eru að sjálfsögðu bannaðar og geisladiskar með allra nýjustu tónlistinni. Þetta er „underground“ Teheran.

Gervihnattasjónvarp er líka bannað en samt sem áður eru öll heimili með gervihnetti með endalausum stöðvum. MTV er mjög vinsælt og persneskar tónlistarstöðvar rembast við herma eftir MTV með íranskri tónlist. Soldið eins og Bollywood. Öðru hvoru ruglast samt útsendingin og þannig reynir stjórnin að koma í veg fyrir að fólk sé að horfa á aðrar stöðvar en hún samþykkir. Þannig ruglast til dæmis BBC World alltaf rétt áður en fréttir byrja. Klerkarnir reyna að stjórna hvaða fréttir fólk fær utan úr heimi enda hefur enginn áhyggjur af því hvað Bush og félagar eru að spá og lífið gengur sinn vanagang í Teheran rétt eins og New York, London eða Reykjavík.

hannabjork@gmail.com

SUNNUDAGS KROSSGÁTAN

MP & BH		HÖRFA	ÁORKUN	2000	FYRSTUR	SKARÐ	TÓNLISTAR-MAÐUR	ETJA									
ALLRA MESTI																	
MÆLI-EINING					KÚGUN / LÉLEGT MÓLAG												
FYRIR HÖND / ÞESSA				TVEIR EINS / Í RÖÐ			LÓÐ		XII	TIL	GABBA						
		MÁLMUR	DRABB	RÍKI Í MIÐ-AMERÍKU					AND-SKOTANS / RAUL								
GALSI					SVEIA / FORLÖG			ÆTTAR-SETUR									
EINKAR				Á NEFI / SVELTI			KLAKA / ÞJÓTA ÁFRAM							GUÐ / NIÐUR			
		MJÖG / BÁRU AÐ				LÉTT HÖGG / UTAN		MJÖG GAMALL / SÁTTAR-GERÐ			STARFS-GREIN / TUNGU-MÁLS						
AKUR					BLUND		LOFT / RÍKIS										
AÐ LOKUM					DUGLEGUR / HLJÓÐFÆRI					SPÍRA / DREIFT				SKARÐ			
950			KAÐALL			ÁTT / HORFÐU			SPLÆS / HERMAÐUR						SKRIÐDÝR		
SMÁ-PENINGAR					VINDUR AF LANDI / GUBB								TVEIR EINS / OF LÍTIÐ				
				GLAUMGOSI			ÞREKVIRKI / FRÁ				LÍTIÐ EITT / ÍÞRÓTTA-FÉLAG						
				FYLGJA FAST EFTIR						TEITI							
						EFTIRSJÁ											



Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

Bílstjórar

Vegna aukinna verkefna þarf Íslenska gámafélagið að ráða til sín meiraprófsbílstjóra/aðila með vinnuvélaréttindi.

Verið er að leita að meiraprófsbílstjóra/aðila með vinnuvélaréttindi til þess að sinna störfum af ýmsum toga.

Götuhreinsun:
Unnar eru tólf tíma vaktir við götuhreinsun frá 04:00 - 16:00.

Sorphirða:
Unnið er annars vegar frá 05:00 - 13:00 og hins vegar frá 14:00 - 22:00 og fimmta hver helgi unnin.

Framhlaðnir bílar:
Unnið er annars vegar frá 04:00 - 12:00.
Þá er annar hver laugardagur unninn og þá frá 08:00 - 12:00.

Hæfniskröfur:
- Áreiðanleiki
- Stundvísi
- Gott vinnuþol
- Meirapróf / vinnuvélaréttindi

Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar n.k.
Nánari upplýsingar gefur Guðrún Símonardóttir, ráðgjafi hjá Ábendi, gudrun@abendi.is

Ábendi

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Bankastræti 5 // 101 Rvk. // 517 5050 // abendi@abendi.is www.abendi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35855 01/07

Landsbankinn – Fyrirtækjasvið

Laust er til umsóknar starf í ábyrgðadeild á fyrirtækjasviði Landsbankans. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi starf í lifandi starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, sterka liðsheild og árangur.

Helstu verkefni:

- Gerð allra tegunda af bankaábyrgðum
- Samskipti við erlenda og innlenda banka og fyrirtæki
- Úrvinnsla gagna
- Skráning og eftirfylgni

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Þekking og reynsla af inn- og útflutningi og alþjóðlegum flutningsskjölum
- Afburða enskukunnátta er skilyrði auk þess sem Norðurlandamál er kostur
- Háskólamenntun á sviði viðskipta er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Nánari upplýsingar veita Árni Þór Þorbjörnsson forstöðumaður útlánaþjónustu í síma 410 7450 / 820-6342 og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið berglind.ingvarsdottir@landsbanki.is merkt „Fyrirtækjasvið – Ábyrgðadeild". Einnig er mögulegt að sækja um starfið á www.landsbanki.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

VEFSTJÓRI

Forsætisráðuneyti óskar eftir að ráða í starf vefstjóra stjórnarráðsins. Vefstjórinn starfar á skrifstofu upplýsingasamfélagsins.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins við ráðningar í störf hjá ráðuneytinu.

Starfssvið
- Þróun og umsjón með stjórnarráðsvef og innri vef ráðuneytanna
- Stýra formlegu samráði ráðuneyta um vefmál
- Samráð og samskipti við öll ráðuneyti
- Aðstoð og ráðgjöf varðandi vefmál
- Kynningar og námskeið
- Samskipti við þjónustuaðila
- Þátttaka í nefndarstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni æskileg
- Þekking og reynsla af uppbyggingu og umsjón vefkerfa
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Norðanflug ehf. er félag um fraktflug frá Akureyri til meginlands Evrópu. Stofnendur eru þrír; Samherji hf., Hf. Eimskipafélag Íslands og SAGA Fjárfestingar ehf. Fraktflugið hefst vorið 2007. Norðanflug mætir þörf fyrir beinan útflutning frá Norðurlandi og skapar jafnframt fyrirtækjum, bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, ný tækifæri í innflutningi.

Norðanflug óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að byggja upp og stjórna starfssemi fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur aðsetur á Akureyri.

Starfssvið
- Uppbygging fyrirtækisins
- Daglegur rekstur
- Mótun framtíðarstefnu í samvinnu við stjórn
- Ábyrgð á fjárhagslegum rekstri og markaðssetningu
- Áætlanagerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun
- Reynsla og þekking á flutningastarfsemi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Góð tungumálakunnátta
- Frumkvæði og drifkraftur
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

capacent

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ERTU HANDLAGINN?

Óska eftir handlögnum starfsmanni helst vönum bílaklæðningum. Reglusemi og stundvísi skilyrði.

Upplýsingar á staðnum, ekki í gegnum síma.

BIFREIÐA BYGGINGAR ...við klæðum allt!

Tangarhöfða 5 • 110 Reykjavík

Bílstjóri óskast!

VAKA

Vegna aukinna verkefna óskar Vaka ehf eftir bílstjóra til starfa sem fyrst. Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, stundvís og hress morgunhani. Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum eru miklir kostir. Einnig er sjálfstæði mikls metið. Starfið felst í flutningum á bílum, smávélum, lyfturum og öðrum farartækjum. Vinnutími er frá 08 - 18:30 virka daga. Fjórðu hverja viku er frí á daginn og bakvakt frá 18-08. Krafa er um gilt meirapróf. Óskað verður eftir meðmælum.

Áhugasamir geta haft samband við Bjarna Hálfdán, deildarstjóra akstursdeildar, í s. 567-6700. Einnig má senda tölvupóst á netfangið bjarnih@vakaehf.is.

Reykjavíkurborg

Staða umsjónarmanns við Sæmundarskóla

Staða umsjónarmanns við Sæmundarskóla er laus til umsóknar. Sæmundarskóli er nýr skóli í Grafarholti sem er enn í færanlegu kennsluhúsnæði.

Helstu verkefni umsjónarmanns eru m.a. að:
- sjá um fasteignir og búnað skólans
- hafa eftirlit með ræstingum og sjá um innkaup
- vera verkstjóri skólaliða
- vera tengiliður við iðnaðarmenn og aðra sem starfa við fyrirhugaða nýbyggingu

Helstu kröfur til þess sem sækir um starfið eru:
- Iðnmenntun eða reynsla af umsjón með fasteignum
- frumkvæði og þjónustulund
- hæfni í mannlegum samskiptum
- sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til 12. feb. nk.
Umsókn sendist í Sæmundarskóla, Gvendargeisla 168, 113 Reykjavík.

Upplýsingar um starfið gefur Eygló Friðriksdóttir skólastjóri í síma 411 7848 netfang eyglo@ingunnarskoli.is.

Staðan er laus nú þegar og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun samkvæmt kjarasamningum við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um störf í grunnskólum Reykjavíkur er að finna á heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkurborgar **www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá viðhaldi og þjónustu Norðvestursvæðis er laus til umsóknar. Aðsetur er í Borgarnesi. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Umsjón með framkvæmd yfirborðsmerkinga
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Gerð útboðlýsinga í þjónustu og viðhaldi
- Magnuppgjör og skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingartæknifræði eða byggingarverkfræði
- Æskileg reynsla af sambærilegu starfi
- Æskileg reynsla af áætlana- og útboðsgerð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ÞJÓNUSTUSTJÓRI

Staða þjónustustjóra Vegagerðarinnar á Norðurlandi vestra er laus til umsóknar. Aðsetur er á Sauðárkróki. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Yfirumsjón þjónustusvæðis
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Gerð útboðslýsinga í þjónustu og viðhaldi malarvega

Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingartæknifræði eða byggingarverkfræði
- Æskileg reynsla af sambærilegu starfi
- Æskileg reynsla af áætlana- og útboðsgerð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

UPPLÝSINGAFULLTRÚI

Staða upplýsingafulltrúa á skrifstofu vegamálastjóra í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Umsjón almannatengsla
- Samskipti við fjölmiðla
- Útbúa fréttir til birtingar á heimasíðu og í fréttablöðum
- Útgáfa

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á fjölmiðlaumhverfi
- Góð enskukunnátta
- Mikil færni í Norðurlandatungumáli
- Æskileg reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

FRÆÐSLUSTJÓRI

Svona erum við:
Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf, þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og höfum stöðugar umbætur á verkferlum og aðferðum að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið allt, sem við erum hluti af.

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða fræðslustjóra. Viðkomandi mun leiða starfs- og símenntun í fyrirtækinu. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf hjá fjölþjóðlegu fyrirtæki.

Starfssvið
- Umsjón með fræðslu og símenntun
- Stóriðjuskólinn
- Þarfagreiningar og áætlanagerð
- Eftirfylgni og mat

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun
- Reynsla af fræðslumálum fyrirtækja
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Metnaðarfullt fræðslustarf er lykilþáttur í starfsemi Alcan á Íslandi. Fræðslan skilar sér í hærra menntunarstigi starfsfólksins og eflir fyrirtækið á allan hátt. Fræðslustundir starfsmanna skipta tugum þúsunda á hverju ári og ávinningurinn er sameiginleg eign starfsmannsins og fyrirtækisins og skapar verðmæti fyrir báða aðila. Fræðsluferlið er vel skilgreint og nær til fræðslu allra starfsmanna og er virk út um allt fyrirtækið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Foldaskóli

Laus störf nú þegar:

Staða námráðgjafa. Umsóknarfrestur til og með 31. janúar n.k. Nánari uppl. gefur Kristinn Breiðfj. skólastj., símí 540 7600.

Tvær stöður skólaliða. Meðal verkefna er gæsla í búningsklefum pilta og stúlkna, ræstingar og fl.

Nánari uppl. gefur umsjónarmaður skóla Jón Gunnar í síma 664 8182.

KÓPAVOGSBÆR

LINDASKÓLI

- **Óskar eftir umsjónarkennara á yngra stig.** Um er að ræða fullt starf.

Laun samkv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.
Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 554-3900 og 861-7100.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

Lýsum eftir fólki í störf

Lýsing er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi með öfluga starfsemi bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Aðalstarfsemi Lýsingar hefur frá upphafi verið á sviði eignarleigu með fjármögnun á atvinnutækjum, atvinnuhúsnæði og bifreiðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Allt starfsfólk Lýsingar leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf, skjóta og góða þjónustu og kappkostar að hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Í viðleitni sinni við að veita ávallt framúrskarandi þjónustu hefur starfsfólk Lýsingar frá árinu 2003 unnið eftir þjónustustefnu fyrirtækisins sem tekur á öllum snertiflötum við viðskiptavini þess.

Vegna aukinna umsvifa og uppsetningu þjónustuvers hjá Lýsingu leitum við að metnaðarfullu starfsfólki annars vegar í innheimtudeild og hins vegar í þjónustuver fyrirtækisins.

Starfsmaður í þjónustuver:

Þjónustuver er hluti af Þjónustu- og markaðssviði Lýsingar. Starfsmenn þjónustuvers eru þjálfaðir í að vera vel upplýstir um allar hliðar á starfsemi Lýsingar og eru sérfræðingar á sínu sviði.

Starfssvið:
Upplýsingagjöf til viðskiptavina
Öll almenn þjónusta

Hæfniskröfur og eiginleikar:
- Framúrskarandi þjónustulund og vilji til að uppfylla þarfir viðskiptavina
- Góðir samskiptahæfileikar
- Nákvæmni og talnagleggni

Innheimtufulltrúi á innheimtusvið:

Starfssvið:
Upplýsingagjöf um stöðu samninga
Úthringingar

Hæfniskröfur og eiginleikar:
- Framúrskarandi þjónustulund og vilji til að uppfylla þarfir viðskiptavina
- Góðir samskiptahæfileikar
- Nákvæmni og talnagleggni

Nánari upplýsingar veitir Eygló Grímsdóttir skrifstofustjóri í síma 540 1524.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið eyglo@lysing.is en einnig er hægt að sækja um störfin á www.lysing.is. Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar nk.

01 · 9514

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Lærdómsrík störf !!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki á heimili fatlaðra að Marbakkabraut í Kópavogi, Einibergi í Hafnarfirði og Tjarnarmýri á Seltjarnarnesi.

Helstu verkefni:
- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum
- Samstarf við aðstandendur

Hæfniskröfur:
- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samviskusemi

Í boði er:
- Spennandi og lærdómsríkt framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Öflugur stuðningur í starfi, þjálfun og námskeið
- Fjölbreytt verkefni

Leitum að þroskaþjálfum, stuðningsfulltrúum og félagsliðum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða ÞÍ. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýst störf á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 11. febrúar nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

Ritari í afgreiðslu

Bílastæðasjóður Reykjavíkur óskar eftir að ráða metnaðarfullan og kraftmikinn einstakling í starf ritara í afgreiðslu á skrifstofu sjóðsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni
- Almenn afgreiðsla og móttaka viðskiptavina
- Símsvörun
- Sjóðuppgjörs og frágangur sendinga í banka.
- Prentun og frágangur
- Skráningar íbúakorta.
- Skráningar í gagnagrunna

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð

Um er að ræða fullt starf og er vinnutími 8:35-16:30 virka daga.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 6. febrúar n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt "Ritari", Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Senda má umsókn á kolbrun.jonatansdottir@reykjavik.is .

Bílastæðasjóður er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar. Megintilgangur er að stýra nýtingu bílastæða í því skyni að útvega gestum og viðskiptavinum miðborgarinnar vel staðsett skammtímastæði þar sem nauðsyn krefur. Bílastæðasjóður fer jafnframt með eftirlit með bifreiðastöðum í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi jafnt sem akandi vegfarenda.

Taktu þátt í
hönnun framtíðar

VGK-Hönnun leitar að verkfræðingum, tæknifræðingum og jarðvísindafólki

VGK-Hönnun er alhliða ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki á sviði þekkingar og tækni. Fyrirtækið byggir á traustum grunni verkfræðistofanna VGK hf. og Hönnunar hf. en þær voru báðar stofnaðar árið 1963 og sameinuðust undir einu merki í ársbyrjun 2007.

VGK-Hönnun leggur áherslu á vellíðan starfsmanna, að búa þeim aðstöðu eins og hún gerist best, að stuðla að því að starfsmenn nýti sem best hæfileika sína til þess að takast á við ný og krefjandi verkefni og efla hæfni þeirra með þjálfun og endurmenntun.

Starfssvið:

Jarðhiti
Hönnun tengd nýtingu jarðhita
Jarðhitarannsóknir innanlands og utan

Byggingar
Hönnun og eftirlit á sviði burðarþols, lagna- og loftræstikerfa

Orkuvirki og iðnaður
Verkefnastjórnun, hönnun og eftirlit tengt orkufrekum iðnaði

Jarðvísindi
Jarðfræðirannsóknir, mannvirkjajarðfræði og jarðtækni athuganir

Starfsstöðvar á Austurlandi
Byggingaverkfræðingur eða tæknifræðingur, með burðarvirkjahönnun eða gatna- og vegahönnun sem sérsvið.

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólapróf á sviði tæknifræði, verkfræði eða jarðvísindum
Góðir samskiptahæfileikar
Frumkvæði og sjálfstæði

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu VGK-Hönnunar www.vgkhonnun.is fyrir 5. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, drifa@vgkhonnun.is, 422 3338 eða viðkomandi sviðsstjóri (sjá skipurit á heimasíðu VGK-Hönnunar, www.vgkhonnun.is)

VGK HÖNNUN
VERKFRÆÐISTOFA

VGK-Hönnun Reykjavík
Grensásvegi 1
105 Reykjavík
Sími: 422 3000

VGK-Hönnun Reykjavík
Laugavegi 178
108 Reykjavík
Sími: 422 3000

VGK-Hönnun Akranesi
Garðabraut 2A
300 Akranesi
Sími: 430 4050

VGK-Hönnun Akureyri
Strandgötu 29
600 Akrueyri
Sími: 464 7500

VGK-Hönnun Egilsstöðum
Miðvangi 2-4
700 Egilsstöðum
Sími: 470 4050

VGK-Hönnun Reyðarfirði
Hafnargötu 2
730 Reyðarfirði
Sími: 470 4000

VGK-Hönnun Kirkjubæjarklaustri
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustri
Sími: 487 4840

VGK-Hönnun Hvolsvelli
Öldubakki 1
860 Hvolsvelli
Sími: 487 8060

VGK-Hönnun Selfossi
Eyrarvegi 29
800 Selfossi
Sími: 480 4200

Reykjavíkurborg

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í grunnskólum

Árbæjarskóli, sími 567-2555.
· Skólaliðar í 70-100% stöður.
Borgaskóli, sími 577-2900.
· Skólaliðar.
Foldaskóli, sími 540-7600.
· Námsráðgjafi.
· Skólaliðar. Meðal verkefna er gæsla í búningsklefum pilta og stúlkna, ásamt ræstingu o.fl. Upplýsingar gefur umsjónarmaður skóla, Jón Gunnar í síma 664-8182.
Hamraskóli, sími 567-6300.
· Stuðningsfulltrúi í 75% stöðu.
Laugarnesskóli, sími 441-7444.
· Kennara í 1. og 2. bekk vegna forfalla.
Réttarholtsskóli, sími 553-2720.
· Skólaliði í 50-100% stöðu. Aðalverkefni er eftirlit á göngum og í matsal.
Öskjuhlíðarskóli, sími 568-9740.
· Stuðningsfulltrúi

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Öll laus störf í grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Sala og þjónusta

Innflutnings- og þjónustufyrirfæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfskraft fjölbreytt og spennandi starf. Ekki yngra en 25 ára.

Starfið felur í sér m.a. sölu á eldvarnar- og öryggisbúnað og einnig að þjónusta viðskiptavini fyrirtækisins með slíkan búnað.

Um er ræða 100% starf. Bílpróf nauðsynlegt. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 12 feb. nk. Umsóknir sendist til **box@frett.is** merkt "S-19".

STARFSMANNASTJÓRI

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu starfsmannastjóra lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2007.
Umsókargögn og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

SPENNANDI STÖRF

- Sérfræðingar á fjármálasviði
- Sérfræðingar á endurskoðendasviði
- Hugbúnaðarsérfræðingar
- Markaðsfulltrúar
- Iðn- og tæknifræðingar
- Verkfræðingar
- Tækniteiknarar

- Söluráðgjafar
- Umsjón með eldhúsi
- Starf á þjónustuverkstæði
- Viðgerðir á vinnuvélum
- Aðstoðarmaður í blikksmiðju
- Meiraprófsbílstjórar
- Starfsmenn með vinnuvélaréttindi

Áhugasamir vinsamlegast fylli út umsókn á www.radning.is og sæki þar sérstaklega um viðkomandi störf.

Sífellt bætast við ný störf og hvetjum við því alla í atvinnuleit til að leggja inn almenna umsókn.

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

B&L - Stofnað 1954

B&L...leitar að bivélavirkja

Bifvélavirki óskast á fólksbílaverkstæði

Starfssvið
Almennar viðgerðir á fólksbílum

Hæfniskröfur
Lærð/ur bifvélavirki
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

B&L er fyrirmyndarfyrirtæki, samkvæmt síðustu könnun VR á Fyrirtæki ársins og jafnframt það stigahæsta af umboðunum í flokki stærri fyrirtækja. Við leggjum áherslu á skýra starfsmannastefnu og komu allra starfsmanna að mótun framtíðartefnu fyrirtæksins. Þá starfar B&L samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi.

B&L er eitt stærsta bifreiðarumboð landsins, stofnað árið 1954. Við erum umboðsaðilar fyrir Hyundai, Renault, Land Rover og BMW fólksbifreiðar og Arcitc Cat vélsleða. Þá erum við með eina stærstu atvinnubíladeild landsins, sem selur og þjónustar Renault atvinnubíla, Renault Trucks flutningabíla og Irisbus fólksvagna.

Meginmarkamið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðviðskipta.
Við viljum jafnframt mynda metnaðarfulla liðsheild og hafa gaman að vinnunni.

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 6. febrúar nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER - RENAULT TRUCKS - IRISBUS - ARCTIC CAT

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

Með bílinn handa þér

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í atvinnuleit?

Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á

www.hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

HÝSING

Svæðisstjóri í vöruhúsi

Hýsing –vöruhótel leitar að metnarðarfullum og áreiðanlegum starfsmanni í stöðu svæðisstjóra lagers. Á viðkomandi svæði er séð um allt ferli vörunnar, frá móttöku til pökkunnar, fyrir einn af viðskiptavinum Hýsingar.

Helstu verkefni:
Að bera ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar.
Að verkstýra starfsmönnum.
Að sjá til þess að tímaáætlanir standist.
Að forgangsraða verkefnum.
Að hafa samskipti við viðskiptavini.

Hæfni og reynsla:
Reynsla af lagerstörfum.
Reynsla af stjórnunarstöfum.
Hæfni í mannlegum samskiptum.
Hæfni í að vinna undir álagi.
Hæfni í greiningu og forgangsröðun.

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Kristjánsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í síma 530-5697.

Umsóknir sendist til Hýsingar, Skútuvogi 9, 104 Rvk. eða á julli@voruhysing.is
Umsóknarfrestur rennu út 31. janúar 2007.

Saman náum við árangri

SAMSKIP

> BÍLSTJÓRI ÓSKAST Á AKSTURSLEIÐINA REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR

> Fyrirtækið

Samskip hf. er ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum.
Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði.
Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Samskip hf. óska eftir að ráða bílstjóra Landflutninga – Samskipa, Austurlandi. Um er að ræða stöðu bílstjóra í vaktavinnu á akstursleiðinni frá Reykjavík til Egilsstaða.

Umsækjendur skulu hafa lokið meiraprófi og eru ADR-réttindi æskileg en ekki skilyrði.

Skilyrði er að umsækjendur hafi reynslu af akstri, góða hæfni í mannlegum samskiptum og gerð er krafa um reglusemi og góða ástundun. Umsækjandi skal hafa hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil.

Áhugasamir:
Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa www.samskip.is (veljið „Bílstjóri á austurleið - auglýst staða 28.01.07“) fyrir 5. febrúar 2007.
Allar nánari upplýsingar veitir Ágúst Arnórsson, rekstrarstjóri á Egilsstöðum, í síma 858 8830.

Viltu gerast umboðsmaður Jacks?

Við leitum að duglegu sölufólki í kvöld og helgarvinnu. Frábært starfsumhverfi fyrir ákveðna, metnaðarfulla og áræðna einstaklinga sem vilja tryggar aukatekjur.

Grunnlaun og árangurstengd sölulaun fyrir harðduglega. Vinnutími frá 17-22. Sendu okkur umsókn á: starf@365.is með upplýsingum um þig. Við munum svara öllum umsóknum.

365

Innheimtufulltrúi

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða innheimtufulltrúa

Starfssvið:
- Innheimta á útistandandi kröfum
- Eftirlit með skuldasöfnun
- Innlestur á greiðsluskrám og vinna við viðskiptamannabókhald
- Flokkun reikninga og útsending
- Svörun fyrirspurna frá viðskiptavinum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af innheimtustörfum eða sambærilegum störfum skilyrði
- Þekking á bókhaldi mikill kostur
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

Áhugasamir sendi greinagóða umsókn sem tilgreinir menntun, reynslu og fyrri störf til Ölgerðarinnar, Grjóthálsi 7-11, merkta *Egils-Innheimta* eða á netfangið ee@egils.is fyrir 5. febrúar n.k.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet Einarsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 580 9029.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. · Grjóthálsi 7-11 · 110 Reykjavík · sími 580 9000 · www.egils.is

Öflugt fyrirtæki í forystuhlutverki

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. er framsækið og leiðandi fyrirtæki á sviði drykkjarvöru. Markmið fyrirtækisins er að vera besta markaðs- og sölufyrirtæki landsins.

Lexus IS200. Árg. 2001. Áhv. 1.100 þ. Afb. 21 þ á mán. Verð. 400þ + yfirtaka. Uppl. í s. 866 1078.

Grár Hyundai Getz '03 til sölu. Ekinn 46 þús.km. Ásett verð 1.0m. Tilboð óskast. Uppl. í síma 693 9002.

2 milljónir +

5.390.000 stgr.
Til sölu er Bmw 745IA 06/2002. Ekinn 74 þús. 19" felgur, glerlúga o.fl. Listaverð 6.390.000 þús. Fæst á 5.390.000 stgr Áhvílandi c.a 3.800.000. Uppl i s 848 0944

Til sölu Audi A6 quatro 4,2. 18" álfelgur low profile. Árg „99, ekinn 120 þús. Verð 2.490.000, áhvílandi 2.250.000, upplýsingar gefur Sævar í síma 823 2234.

Bílar óskast

Óska eftir lítið keyrðum Toyota Yaris, verð um 800 þ. S. 553 5991.

Óska eftir bíl á verðbilinu 0-150 þ. Helst skoðaður. Uppl. í s. 844 8820 & 863 4932.

Óska eftir nýlegum jeppling, engin útborgun. Er tilbúin að yfirtaka lán, greiðslub. ca. 30 þ. á mán. s. 899 8737.

Óska eftir bíl á 40-80 þús. Ekki eldri en '95, má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 663 7762.

Jeppar

Einn með öllu! Tilboð!
Til sölu Ford F 150 Lariet árg. '02, 4x4, ssk., bensín, 5400 cc, rafmagn í öllu, hraðastillir, ABS, loftkæling, dráttarkúla, litað gler, álfelgur, leðuráklæði o.fl. o.fl. Nánari uppl. í s. 822 2965.

Isuzu Trooper. Árg '99. Ekinn 174 þús. 5g. 33" dekk. Verð 1.290 þús. Uppl. í s. 868 8565. Ath. sk. á ód.

MMC Pajero 2,8 turbo intercooler diesel '97, ek. 190 þús. Listaverð 990 þ. Gott stgr.verð. S. 691 6553.

Flottur Pajero 2.8 '99, sjálfsk dísel 7 farþ., ek. 145 þús., v. 1.850 þús. s. 693 1660.

Range Rover diesel árg. '03, ek. 79 þ. Verð 6.790 þ. Ath. skipti. Uppl. í s. 895 5577.

Óska eftir Izuzu Trooper 35" breyttum á verðbilinu 1 til 1 og 1/2 miljón. Skoða allt, uppl. í s. 695 4065.

Pallbílar

Toyota Lexus 7,5 l/100 innanbæjar!
Sparaðu yfir 2 milljónir króna við kaup á Toyota Highlander lúxusjeppa sem byggir á Lexus RX400 grunni. 268 hestöfl. 7,5 lítrar á 100km innanbæjar! Meiri lúxus og minni eyðsla en Toyota Landcruiser. Hybrid er „mun haghvæmari en dísel" sagði forstjóri Toyota á bílasýningu í USA. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! T.d. Toyota Highlander lúxusjeppi 208 hestöfl frá Kr. 4.390.000 og Lexus RX400 frá kr. 5.750.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Camry í stað Avensis!
Camry er stærri og með meiri lúxus en Avensis. Bylting í sparneytni með öflugri hybrid vél sem brennir allt að 40% minna eldsneyti. 5,8 lítrar innanbæjar! Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! T.d. Toyota Camry frá Kr. 3.450.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Útsöluafsláttur: Kr. 1.000.000!
Eigum einn Chevrolet Silverrado með milljón króna útsöluafslætti! Motor Trend hefur útnefnt nýja Chevrolet Silverado 2007 pallbíl ársins! Fæst með 8cyl Hybrid vél. Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

PALLBÍLAR TIL SÖLU

Útsala - Útsala - Útsala!

Stórútsölur bílaframleiðenda. Allt að Kr. 500,000 afsláttur á nýjum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Lyftarar

2 Lyftarar til Sölu: Hyster Disel Lyftari & Toyota Rafmagnslyftari m/ hleðslutæki og Snúning. Báðir nýmálaðir og í Toppstandi!!! uppl. 893 7942

Vörubílar

Til sölu Bens 2658 Mega space með öllu árg. 2006, ek. 40þ. Uppl. í s. 895 7922.

Til Sölu Man 26-480. Árg. '06/2005. Ekinn 130 þús. Mjög góður bíll. Uppl. í síma 824 1060.

Til sölu Volvo FH-12 460 ha. Árg. 2001. Ekinn 420 þús. Mjög góður bíll. Malarvagn Schmitz árg. 09/2006 Selst með eða án vagns. Uppl. í síma 824 1060.

Fellihýsi

Vinnuvélar

www.snjokedjur.is

Mikið úrval fyrir vínnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

Bátar

Óskum eftir að kaupa gegn staðgreiðslu fjölhæfan bát eins og t.d. MacGregor 26. 50% við kaupsamning. 50% eftir úttekt og prufusiglingu. Tilboð óskast send á erling@husanaust.is . Svörum öllum tilboðum.

Varahlutir

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Til sölu

Frístund - krossgátublað.

Hressandi heilaleikfimi. 1. hefti 2007 komið á sölustaði. Áskriftarsími 553 8200, www.fristund.net

Þvottavélar & Þurrkarar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Videotæki 6 hausa Nicam Sterio fást á 5000 kr. 1 blá spóla fylgir kaupum. Uppl. í s. 892 2433.

Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir!

Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

Til bygginga

Ódýrar járnaklippur 16 og 22mm. Mót ehf. Bíldshöfða 16, S. 544 4490 www.mot.is

Óska eftir vinnuskúr með rafmagnstöflu. Uppl. í s. 899 9008.

Verslun

Enn meiri verðlækkun....

Allt að 30% afsláttur. Emilía Suðurlandsbraut 52 (bláu húsunum Fákafeni) opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-16. www.gala.is

Ýmislegt

Bókhald

Tek að mér skattskil og bókhald einstaklinga og fyrirtækja. Jón, s. 696 1311.

Fjármál

Bókhald

Bókhald fyrir einstakl. m/rekstur og smærri fyrirtæki. Uppl. í síma 864 5920.

Ráðgjöf

Vandamál? Greiði úr fjárhagslegum og félagslegum vandamálum þínum. Jón s. 696 1311.

Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 868 2310.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar

og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Stór s. 661 1977, millistærð s. 659 1047.

Búslóðarflutningar

Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. i s. 616 1108 & 692 7078.

Húsaviðhald



892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

KERRUR TIL SÖLU

GISTING Á SPÁNI

SUMARHÚS / LÓÐIR

TIL SÖLU

Englaljós 908 5050 & 863 1987 VISA/EURO
Spilaspá, tarot, draumráðningar og andleg leiðsögn. Fyrirbænir trúnaður. Er við alla daga frá 10-02. Lára spámiðill.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

Pípulagnir
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.



Magnhús ehf
Alhliða múr og málningaverktakar. Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhúss. S. 847 6391 & 891 9890.

ÓS verk
Getum bætt við okkur verkefnum í innréttingauppsetningum og parketlögnum. S. 824 1956.

Spádómar

Iðnaður

Færibönd til leigu.
Höfum til leigu jarðvegs og múrbrot færibönd. Uppl. í s. 567 7570 Bortækni.

Múrarar

Múrviðgerðir, flísalagnir, arinhleðslur. Múrarameistari. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

Trésmíði

A-Class ehf.
Vantar þig smiði? Tökum að okkur flest verkefni stór og smá. Pallar, sumarhúsastækkun, sumarhús, slá upp veggjum, flísalagnir, klæðningar, bara allt. Gerum tilboð í vinnu og efni. Uppl. í s. 893 9902, Steini.

Smiður. Set upp innréttingar, hurðir, parketlagnir o.fl. Uppl. í s. 662 1304.

Önnur þjónusta

Pípulagnir
Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.

Tökum að okkur gámalosun og gámaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Erum einnig með 20 tonnmetra krana + körfu fyrir almennar hífingar. S. 820 0070 & 577 5177 Línuborun ehf.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Viljum við ekki öll ná kjörþyngd og lifa heilbrigðu lífi? LR Figuaktiv áætlunin er kannski það sem hentar þér!!!!! Nánari uppl. í s. 891 6264 / Aðalheiður.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir til sölu. Verð 45.000 kr. stgr. Uppl. í 891 6447, Ólafur.

Reynir Katrínarson. Nuddmeðferðir-heilun-spámiðlun. Tímapantanir í s. 861 2004.

Notalegt nudd. Upplýsingar í síma 849 1274.

Snyrting

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu brúnt 3+1+1 leðursófasett. Uppl. í s. 587 3634 og 860 8483.

Barnagæsla

Ráðskona óskast sem fyrst til að sjá um barn og létt heimilsstörf á 220 svæðinu. S. 661 7338 & 555 3308.

Dýrahald

Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.
Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is

Dýrabær
50% afsláttur af hunda-og kattanammi þessa helgi.
Dýrabær Smáralind www.dyrabaer.is

Til sölu African Grey, páfagaukur, ótamin. Verð 140 þ. Uppl. í s. 821 0800.

Boxertík 1 árs, til sölu, með ættbók frá H.R.F.Í. Uppl. í s. 663 5878.

2 yndislegar Chihuahua tíkur til sölu. Ættbókaf., örmerktar, og heilsufarssk. Til afhendingar e. 20.feb. S. 861 5699.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Hörðudalsá í Dölum. Sala veiðleyfa hafinn í síma 898 1990 og 897 3110 Lax og silungur. Upplýs. á veiði.is.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Fallegt 2 herb. raðhús í 101 Rvk. 104 fm á 3 hæðum. 140 þús á mánuði. Eingöngu langtímaleiga. Uppl. í s. 897 6171.

Til sölu eða leigu hæð í hjarta Reykjavíkur (2 rými), uppl. í s. 893 2329. gessi@simnet.is eða 865 1938.

Til leigu 2ja herb. íbúð í Hlíðarhjalla í Kóp. Laus strax. Leigutími 1 ár. Uppl. í s. 897 8450.

5-6 herb. íbúð til leigu í miðbæ Kópavogs. Uppl. í s. 699 5470.

Til leigu nýleg 2 herb íbúð í Hraunbæ. Kr. 97 þ. á mán. með hússj. og hita. Kr 291 þ fyrirfr. í tryggingarfé. Langtímaleiga. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á gog@hive.is.

Til leigu nýlegt 4 herb. raðhús í Hraunbæ. Kr. 157 þ. á mán. og 471 þ fyrirfr. í tryggingarfé. Langtímaleiga. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á gog@hive.is

35 fm stúdíóíbúð til leigu í 203 Kóp. Uppl. í s. 897 2223.

Húsnæði óskast

Kaffihús í miðbænum óskar eftir herbergi fyrir starfsmann á svæði 101,105 eða 107. Uppl. gefur Þorgerður 862 9907.

Sumarbústaðir

Til sölu leiguland í Hafnarskógi við Borgarnes. Byggingaleyfi, komið fyrir 78 fm., bústað og búið að þjappa púða. Uppl. í síma 846 2117.

Atvinnuhúsnæði

120 fm skrifstofuhúsnæði í Akralind á besta stað í Kópavogi til leigu. Laust frá og með 1. feb. Uppl. í s. 863 8580.

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Bílskúr

Óska eftir að taka á leigu bílskúr í austur / vesturbæ Rvk. S. 899 3995.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

Gistiheimili Flóki Inn, sími 552 1155. Rooms for short or long time rental (until May 2007). Herbergi til leigu skamm.- og eða lengri tíma (gildir til maí 2007).

ATVINNA

Atvinna í boði

Matreiðslumaður/vaktavinna.
Viljum bæta við okkur matreiðslumanni sem getur hafið starf sem fyrst. Leitum að vönum og góðum manni, þarf að kunna á tölvu og geta unnið með word og exel og hafa góð meðmæli.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www.kringlukrain.is

Þjónustustarf/vaktavinna.
Viljum bæta við okkur vönum í þjónustustörf. Leitum að góðum manni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 893 2323 & www.kringlukrain.is

Jolli
Jolli Hafnarfirði óskar eftir fólki í hlutastarf. Breytilegar vaktir í boði. Tilvalin vinna fyrir skólafólk. Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki.
Umsóknareyðublöð fast á staðnum. Einnig gefur Líney uppl. í síma 565 4990.

Aktu Taktu auglýsir eftir fólki í fullt starf og hlutastarf.
Ef þú hefur áhuga á skemmtilegu starfi á skemmtilegum vinnustað þá er þetta rétta starfið fyrir þig.
Umsóknareyðublöð á aktutaktu.is og á öllum stöðum Aktu Taktu um allt höfuðborgarsvæðið.

Vantar skólaliða
Skólaliða vantar til starfa í Borgaskóla nú þegar. Starfið felur í sér létta ræstingu og aðstoð við nemendur í leik og starfi.
Nánari upplýsingar veitir Árdís Ívarsdóttir skólastjóri í símum 577 2900 og 664 8136.

TIL LEIGU

Húsasmiðjan
Óskar eftir afgreiðslumanni á kassa í verslun Húsasmiðjunar í Grafarholti. Uppl. í síma 660 3624.
Upplýsingar í síma 660 3642

Blómaval
Óskar eftir afgreiðslumanni í verslun Blómavals í Grafarholti . Uppl. í síma 660 3055.
Upplýsingar í síma 660 3055.

Pítan Skipholti
Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Einnig kvöld- og helgarvinna í boði. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur.
Umsóknir á www.pitan.is

Starfsmaður óskast! JK Bílasmiðja óskar eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann, þarf að hafa gilt bílpróf uppl. gefur Kalli í s. 567 7270 eða 698 7270.

Rafvirki óskast
Óska eftir að ráða vanan rafvirkja til starfa sem fyrst. Nýlagnir og breytingar. Uppl. í s. 898 5808.

Óska eftir starfsfólki í ræstingar á skrifstofuhúsnæði 5 daga vikunnar. Upplagt fyrir skólafólk. S. 821 2765.

Melabúðin

Atvinna í boði.
Óskum eftir rösku og stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa. Um er að ræða heilsdags- og hlutastörf, 2-3 daga í viku. Einnig óskum við eftir að ráða í hlutastörf um kvöld og helgar.
Frekari upplýsingar gefur verslunarstjóri í síma 551 0224 eða í versluninni að Hagamel 39. melabudin@thin-verslun.is

Hvar í veröldinnni sem er!!
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 821 1714.

Ert þú fótaaðgerðafræðingur með reynslu?
Getur þú hugsað þér að vinna 2-3 daga í viku? Hafðu þá samband í síma 893 1577.

Aupair til Lúxemborgar. Fjölskylda í Lúxemborg óskar eftir aupair sem fyrst. Nánari upplýsingar á maili sigrunt@visir.is

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

VILTU LÁTA ÞRÍFA ??
Þríf íbúðir og húsnæði af öllum toga. Uppl. í síma 893 8925.

Atvinna óskast

Pólskur meiraprófsbílstjóri óskar eftir aukavinnu. S. 845 5287.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Kærleikssetrið

Skyggnilýsing
Miðvikudaginn 31. janúar. kl. 19:30 verður Skúli Lorenzson með skyggnilýsingu í Kærleikssetrinu Álfabakka 12. 2.h.
Nánari uppl. í síma 567 5088 og www.kaerleikssetrid.is.

Kærleikssetrið

Opin bæna og hugleiðslustund
Bæna og hugleiðslustund er á þriðjudögum kl.18. Komið og njótið kyrrðar og endurnæringar. Allir hjartanlega velkomnir.
Nánari uppl. í síma 5675088 og www.kaerleikssetrid.is.

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

Einkamál

Yamaha SRX 700 '01 Ek. 3000 með flækjum ca 150 hö yfirbreiðsla fylgir. Tilboð óskast S. 867 8192.

allt hús
Alla mánudaga

Gullfallegir íslenskir hvolpar til sölu
Foreldrar ættbókafærðir hjá Hrfí.
Upplýsingar í síma 899 7614

Kjöreign ehf

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

OPIÐ HÚS í dag sunnudag kl. 16 - 18
GRETTISGATA 6 - 101 REYKJAVÍK

Frum

Um er að ræða fimm íbúðir í þessu virðulega steinhúsi, á besta stað í borginni. Tvær góðar 2ja herbergja íbúðir um 50 fm og þrjár 134 - 150 fm 4ra herbergja íbúðir. Allar eru þær innréttaðar á glæsilegan og vandaðan hátt. Hús og sameign eru í góðu ástandi. Afhending samkomulag.

SÖLUMENN KJÖREIGNAR VERÐA Á STAÐNUM Í DAG MILLI KL. 16 OG 18

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

Sandavað 9-11 - 110 Reykjavík

Frum

Til sölu stórglæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Fullbúnar með vönduðu gólfefnum. Vandaðar innréttingar og ståltæki. Stæði í bílageymslu. Frábær staðsetning. Stutt í náttúruperlur eins og Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðavatn. Útivistarsvæði í sérflokki. Sjón er sögu ríkari.

Allar nánari upplýsingar hjá sölufulltrúum.

BORGIR
STÓRBORG fasteignasala

RE/MAX
www.remax.is
enginn í heimi selur fleiri fasteignir...

VISSIR ÞÚ ...

H.G. Wells

DAGDREYMINN FÁTÆKLINGUR

H.G. Wells fæddist árið 1866 í Bretlandi inn í fátæka fjölskyldu. Snemma neyddist hann til að vinna og áður en hann varð tvítugur átti hann að baki misheppnaðan feril sem kaupmaður, aðstoðarmaður efnafræðings, og aðstoðarmaður kennara.

Árið 1883 fékk Wells skólastyrk til að ganga í Normal School of Science. Þar hóf hann að nostra við aðaláhugamál sitt sem var bókmenntir og ræðumennska, áhugamál sem hann hafði gert að sínu eigin er hann fótbrotnaði og lá rúmfastur átta ára gamall. Þá hafði hann ekkert annað að gera en að sökkva sér ofan í bækurnar og varð hann heillaður af þeirri ævintýraveröld sem þær höfðu upp á að bjóða.

Fyrsta metsölubók Wells var Anticipations sem gefin var út sem framhaldssaga í tímariti árið 1901. Í bókinni fjallar hann um lífið í framtíðinni, nánar tiltekið árið 2000, og spáir þar fyrir um aukna notkun lesta í fólksflutningum innan stórborga, sókn almennings í aukið kynferðisfrelsi og fall þýska hernaðarveldisins.

Í kjölfarið fylgdu bækur sem fjölluðu um efni sem í kjölfarið urðu kveikjan að ófárri vísindaskáldsögunni. The Time Machine, The Invisible Man og loks War of the Worlds. Tímaflakk, geimverur og ósýnilegir menn sem gegnum tíðina hafa birst aftur og aftur á prenti hjá ýmsum höfundum.

Wells gaf út fjölda bóka, sem flestar eru vísindaskáldsögur með rómantísku ívafi. Síðar á ferlinum urðu bækurnar pólitískari og vísindaskáldskapurinn varð sjaldgæfari. Áhugi Wells á stjórnmálum jókst stöðugt eftir því sem hann varð eldri og sósíalískar skoðanir hans vöktu töluverða athygli á sínum tíma.

Þrátt fyrir það er Wells helst minnst í bókmenntasögunni fyrir fyrri verk sín, vísindaskáldsögurnar. Færri vita hins vegar að hann er einnig faðir herkænskuleikja í formi borðspila, en spil hans, Lítil stríð, kom út árið 1913.

SUNNUDAGAR
Dúkað upp fyrir sparihafragrautinn

Halla Gunnarsdóttir, þingfréttamaður Morgunblaðsins, nýtir sunnudagana vel. Hún er í framboði til formannsembættis KSÍ, Knattspyrnusambands Íslands, og í námi í alþjóðasamskiptum og því í mörg horn að líta. „Fyrirmyndarsunnudagurinn hefst alltaf á sparihafragraut og þá er ég helst vel úthvíld," segir Halla brosandi.
Hún gefur sér góðan tíma til að glugga í blöð eins og Guardian Weekly og lesa lengri greinar en reynir líka að hitta vini á kaffihúsum og komast í fótbolta á sunnudagskvöldum.

Best:
„Hvað það er rólegt yfir öllu og að geta náð sér eftir vinnuvikuna í friði og ró. Það er löglegur afslöppunardagur og engin hversdagsspenna."

Verst:
„Mér finnst þeir bara voðalega góðir. En það er reyndar stundum leiðinlegt að fara inn í nýja viku án þess að vera búin að ljúka því sem maður þarf að gera. Vildi bara óska þess að þeir væru lengri stundum."

GÖTUMARKAÐUR
LAUGAVEGI 91
- opið í dag 13:00 - 18:00

VERÐHRUN
...á fatnaði, skóm og fylgihlutum

BOLIR	FRÁ:	990
DÖMUSKÓR.....	FRÁ:	1.990
HERRA GALLABUXUR.....	FRÁ:	2.990
DÖMUSTÍGVÉL.....	FRÁ:	2.990
ÚLPUR.....	FRÁ:	4.990
JAKKAFÖT.....	FRÁ:	7.990
DIESEL GALLABUXUR.....	FRÁ:	4.990
HERRA LEÐURJAKKAR.....	FRÁ:	5.990
DÖMU GALLABUXUR.....	FRÁ:	3.990
DIESEL BARNAFÖT.....	AFSLÁTTUR	70%

Allt á að seljast

OPIÐ Í DAG...
SUNNUDAG KL. 13-18

galleri laugavegi 91

CENTRUM eva gs skór galleri sautján

Í fylgd með FM-hnökkunum

Hlustendaverðlaun útvarpstöðvarinnar FM 95,7 voru afhent við veglega athöfn í Borgarleikhúsinu síðastliðið þriðjudagskvöld. Margt var um manninn og mikið um að vera, ekki síður utan sviðsins en á því. ***Steinþór Helgi Arnsteinsson*** var innan um hnakka, þotulið, miðbæjarrottur og annað fólk á hátíðinni og lýsir því sem fram fór.

BRYNJA BJÖRK OG GUÐJÓN JÓNSSON

Fáar útvarpsstöðvar á landinu, líklegast engin, verða fyrir barðinu á eins miklum fordómum og FM 95,7. Fordómarnir endurspegluðust til dæmis í gagnrýni á tilnefningum til hátíðarinnar. Fullt af sjálftilnefndum tónlistarspekingum út í bæ benti á fáránleika þess að tilnefna sveitir og plötur til hlustendaverðlauna fyrir árið 2006 þegar þær komu út á árinu 2005. Útvarpsstjóri FM, hinn svali Svali, steig þá fram og benti á þá augljósu staðreynd að þetta hefði verið það sem skarað hefði fram úr á árinu 2006 á FM og verið í mestri spilun hjá stöðinni. Að mínu mati áttu því allar tilnefningarnar rétt á sér, fyrir utan kannski að tilnefna Ampop í flokknum sem nýliðar ársins þar sem sveitin hefur verið starfandi frá því á seinustu öld.

En fordómarnir leynast víða. Þannig fannst mér ég vera örlítið kjánalegur þegar ég labbaði inn í Borgarleikhúsið á hátíðina sem annálaður indíhaus og andstæðingur mikils af þeirri tónlist sem spiluð er á FM. Um leið og ég labbaði inn var Sprite Zero þrusað í hendina mína og ég stóð eins og asni í miðju anddyrinu, sérstaklega með tilliti til útlit míns sem var á skjön við allt og alla þarna inni. Ákvað hins vegar þá og þegar að losa mig við þessa fordóma úr hausnum og reyna að hafa gaman af hátíðinni. Og það tókst svo sannarlega.

Var svo frægur að ná að plögga mér í „Græna herbergið“ þar sem allar stjörnurnar voru og síðan auðvitað frí bjórinn. Þar settist ég niður, sötraði ölið og virti fyrir mér mannlífið, sem var afar fjölbreytt. Þarna voru til dæmis „Hnakkamellan“ Brynja Björk, Sölvi úr Quarashi, allir úr Ampop, Jeff Who? og Trabant, Magnificent, Nylon og kærastar þeirra (svolítið svekkjandi að vita að engin þeirra sé á lausu), Orri, trommuleikari Sigur Rósar (hvað í andskotanum er hann að gera hérna spurði ég sjálfan mig en mundi síðan að Sigur Rós var tilnefnd) og Sigmundur Ernir (??? jú hann afhenti víst ein verðlaun). Flottustu innkomuna átti hins vegar Silvía Nótt með öllu sínu hafurtaski. Þögn sló á hópinn og meira að segja Hnakkamellan stóð agndofa.

Fékk mér síðan sæti í salnum og hátíðin hófst. Hjó strax eftir því hvað sviðið var rosalega flott og líka hvað gaurinn sem hljóp á eftir einum myndatökumanninum með snúrur var duglegur. Aðstandendur hátíðarinnar fá stóran plús í kladdann fyrir margt á þessari hátíð. Fyrir utan hvað sviðið var flott þá voru flest atriðin skemmtileg og hátíðin virtist líta alveg hreint svakalega vel út á skjánum. Einu mistökin sem voru eftirtektarverð voru þegar Barfly var óvart spilað þegar Nylon fékk verðlaun fyrir besta myndbandið og síðan þegar Magni fékk að spila. ÁMS spilaði eitthvað plebbalegt lag sem var hundleiðinlegt og var beinlínis lúðaleg. Magni hlýtur að fara í skólabækurnar sem hallærislegasti poppari Íslandssögunnar. Meira að segja Bjartmar Guðlaugsson er svalari en hann.

Þegar útsendingu lauk þusti VIP-liðið hins vegar aftur í Græna herbergið sem var skemmtilega staðsett við stigann á efri inngangnum inn í salinn. Allir sem þar löbbuðu niður gátu því séð inn í Græna herbergið (sem var reyndar ekki herbergi heldur afgirt svæði) og svekkt sig yfir því að

ROKKARARNIR Í JEFF WHO? VORU MEÐAL ÞEIRRA SEM SÓTTU SAMKOMUNA.

SILVÍA NÓTT SLÓ ALLA ÚT OG ÁTTI FLOTTUSTU INNKOMUNA.

vera ekki nógu frægir til þess að fá að vera með þotuliðinu. Allir virtust gríðarlega sáttir með hátíðina, brostu og hlógu. Þrátt fyrir að segja annað fannst mér samt sumir örlítið svekktir yfir því að hafa ekki allavega unnið einn verðlaunagrip.

Þegar upp er staðið held ég ekki annað en að hátíðin hafi gengið prýðilega vel. Þó að FM 95,7 sé ekki endilega minn tebolli hafði ég allavega gaman af henni og afþreyingarstig hennar var hátt. Kjartan Guðjónsson leikari sagði einmitt á hátíðinni að hann hefði haldið að þetta væri krakkahátíð en komist síðan að því að hún væri hámenningarleg. Hvorugt er reyndar rétt, hátíðin er ekki hámenningarleg en vissulega er hún þroskuð og skemmtileg.

Opið hús í Hveragerði
við Hraunbæ 7-11 milli klukkan 13 til 17 í dag.

Glæsileg 155 fm raðhús, 3-5 herbergja með bílskúr sem skilast fullbúin án gólfefna. Baðherbergi, þvottahús og anddyri flísalagt.
Verð frá 26.9 milljónum

Dæmi um innraskipulag

- Frágenginn garður
- Sólpallur
- Upptekin loft
- Gólfhiti
- Glæsilegar innréttingar
- Glæsileg baðherbergi
- Tæki frá AEG

Byggingaraðili Byggbræður ehf.
Upplýsingar í síma 898-6174 Helgi eða 899-6985 Sveinn

STUÐ MILLI STRÍÐA Spariklæddir apar á gala-sveitaballi

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR SKOÐAR ÁRSHÁTÍÐIR Í ÖÐRU LJÓSI.

Um þessar mundir eru margir byrjaðir að undirbúa árshátíð en árshátíð er séríslenskt fyrirbæri sem gengur út á að fagna nýju ári - Gala style! Fyrir mörgum eru þetta hins vegar vandræðalegar uppákomur sem hafa ávallt sama upphaf, miðju og endi.

Það er ekki alltaf auðvelt að fara á árshátíð og þá sérstaklega ef maður er kona eða maki. Konur leggja oft á sig ómælt erfiði hvað varðar múnderingu, smink og greiðslu og kjóllinn þarf að vera alveg spes því það er glatað að mæta samstarfskonu í alveg eins kjól. Makar eru svo þeir sem njóta sín síst í þessu ritúali, enda þekkja þeir fáa og skilja ekki innanhúsgrínið.

Eftir að búið er að bera fram lamb a-la-súsúflei, graflax og krem brúlei er tekið hraustlega til drykkju. Fljótlega byrja gala-greiðslur að aflagast og gáleysislegar athugasemdir fjúka um leigðan salinn frá ölvuðum einstaklingum sem yfirleitt ná að halda andliti frá 9-5, allan ársins hring. Fólk tekur að minna á spariklædda apa sem hafa étið yfir sig af gerjuðum eplum.

Í þessu ástandi er dansað við undirleik sveitaballahljómsveitar og á milli spora er klipið í óviðeigandi rassa, kastað upp í klósettvaska og farið á trúnó -„Mér hefur alltaf þótt svo óóógeðslega vænt um þig mar!“.

Á mánudeginum horfa margir niður í gólf.

Stundum kemur það fyrir að slíkar skemmtanir heppnist hreint prýðilega, en líkt og með aðrar skemmtanir þá fer það eflaust svolítið eftir væntingum hvers og eins. Fæstir ná hápunkti tilveru sinnar á árshátíð og því um að gera að slaka bara á, hafa opinn huga, kynna makann fyrir sem flestum og hafa gaman af þessari krúttlegu vitleysu.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Ekki nógu áhugaverð

TÓNLIST

Destroyed Room: B-Sides and Rarities

Sonic Youth

★★

Sérstæð plata um einstaklega merka sveit en er hálf óheillandi og skilar litlu frá sér.

Sonic Youth sendi frá sér frábæra breiðskífu á árinu 2006, Rather Ripped, og þrátt fyrir að meðlimir sveitarinnar séu um eða yfir fimmtugt hefur sveitin sýnt það og sannað með síðustu skífum að hún er enn í fullu fjöri. Önnur skífa sveitarinnar á árinu 2006 kom síðan út í síðasta mánuði. Platan inniheldur b-hliðalög, óútgefið efni og lög sem ekki hefur farið mikið fyrir áður. Elsta lagið á plötunni er frá árinu 1994 en það yngsta frá 2004. Flest eru lögin þó frá þeim tíma þegar Jim O'Rourke var fullgildur meðlimur sveitarinnar (2000-2004) en hann sagði skilið við sveitina fyrir um ári síðan.

Eins og með aðrar safnplötur falla lögin fyrir ofan garð og neðan. Flest laganna eru tilraunakennd með eindæmum og því kannski ekki skrýtið að þau hafi ekki endað á breiðskífum sveitarinnar. Fæst lögin eru nógu áhugaverð til þess að mann langi að hlusta á þau aftur og eru þess í stað hálf einsleit og óáhugaverð. Hver er til dæmis tilbúinn að hlusta á 26 mínútna útgáfu af hinu annars frábæra lagi The Diamond Sea í endurteknigu?

Nokkur lög hafa samt sem áður efnilegan eiginleika. Lög eins og Kim's Chord, Fauxhemians og Queen Anne Chair hefði alveg hægt að vinna betur með og úr hefðu orðið sérstaklega frambærileg lög. Ég reyndar trúi því varla að hljómsveit eins og Sonic Youth eigi ekki fleiri betri lög á lager sem ekki hafa komið út áður.

Eyðilagða herbergið hjá Sonic Youth er því ekki nógu áhugavert þrátt fyrir að hér sé ein allra besta sveit heimsins síðustu tuttugu ára. Platan gefur samt sem áður ágæta sýn á hversu uppátækjasöm, hugmyndarík og tilraunakennd sveitin í raun og veru er. Þau ykkur sem enn hafið ekki kynnt ykkur Sonic Youth ættuð því ekki að byrja á þessari plötu því erfitt gæti reynst að komast í gegnum óreiðuna. Hins vegar ættuð þið að skammast ykkar fyrir að vera ekki enn búin að kynna ykkur þessa stórfenglegu sveit.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Hlýtt og þægilegt

TÓNLIST

Easily Tricked

Petter & The Pix

★★★

Afslöppuð og þægileg plata frá fyrrum bassaleikara Hjálma.

Fyrrverandi bassaleikari Hjálma, Sviinn Petter Winnberg, gaf nýverið út þessa fyrstu plötu sína í samvinnu við hljómsveit sína The Pix.

Upptökustjóri er Stephan Stephensen úr Gus Gus og honum til halds og trausts við vinnslu plötunnar voru m.a. Gunnar Tynes úr Múm, Samúel J. Samúelsson, Urður Hákonardóttur úr Gus Gus og Þorsteinn Einarsson, fyrrverandi liðsmaður Hjálma.

Hljómurinn á Easily Tricked er mjög afslappaður, rétt eins og félagarnir í Hjálmum voru þekktir fyrir. Þó er ekki hægt að líkja tónlist Petters við Hjálma því hún er mun poppaðari og eru reggíáhrifin afar lítil. Má helst má heyra þau í titillaginu.

Fyrsta lagið As a Soul er flott og gefur rétta tóninn fyrir plötuna. Sálaráhrifin eru þar greinileg og hlýleg rödd Petters áberandi. Strengirnir koma sterkir inn í Nevermind og Weak er einnig fallegt, nokkuð í anda The Cardigans. Shine er líka létt og skemmtilegt undir greinilegum áhrifum frá Jack Johnson. Helsti gallinn er að það er aðeins of stutt, rétt eins og platan öll sem er einungis 27 mínútur.

Easily Tricked er þægileg áheyrnar. Þetta er ekki beint plata til að skella á fóninn til að koma sér í stuð heldur frekar þegar partíið er að byrja, rétt til að hafa í bakgrunninum. Platan er mjög jöfn og erfitt er að tína til eitt áberandi gott eða slakt lag. Helsti gallinn er líkast til hversu stutt hún er en hún er góð á meðan hennar nýtur við.

Freyr Bjarnason

Fjóra mánuði að losna við hreiminn

FOREST WHITAKER Whitaker í hlutverki Idi Amin í myndinni The Last King of Scotland.

Leikarinn Forest Whitaker, sem er tilnefndur til óskarsverðlaunanna fyrir frammistöðu sína í The Last King of Scotland, lagði ýmislegt á sig fyrir hlutverkið.

Whitaker leikur í myndinni einræðisherran Idi Amin frá Úganda, sem er talinn hafa borið ábyrgð á dauða um 300 þúsund manns í valdatíð sinni. Leikarinn lærði m.a. Swahili-tungumálið fyrir hlutverkið og var í fjóra mánuði að losna við Úganda-hreiminn eftir að tökum myndarinnar lauk. Auk þess hlustaði hann á gríðarlegt magn af ræðum sem Amin hélt á sínum tíma.

Whitaker eyddi einnig miklum tíma á mörkuðum í höfuðborg Úganda, Kampala, og hitti þar fólk sem þekkti einræðisherrann. „Allir höfðu sínar sögur að segja," sagði Whitaker í spjalli við BBC. „Sumir áttu skyldmenni sem höfðu verið drepin í valdatíð hans en það var einnig talað um að hann hefði gert nokkra jákvæða hluti fyrir landið. Ég þurfti á þessum samskiptum að halda til að geta leikið persónuna."

Belgi til bjargar íslenskunni

Meðan úrtölumenn spá íslenskunni hægum dauðdaga spyrna hinn belgíski Josef Braekman og Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins, við fótum. og boða hreintungustefnu háfrónskunnar.

PÉTUR ÞORSTEINSSON Ber hinn fróma titil forseti Miðstöðvar háfrónskunnar en segir hinn belgíska Braek eiga allan heiður af uppátækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Háfrónska er hugarfóstur Belgans Josefs Braekmans, eða Timbur-Helga eins og hann snarar nafni sínu yfir á ástkæra ylhýra, og er endurbætt útgáfa af íslensku laus við öll tökuorð. Þegar við hin segjum Ameríka, arfi, arkitekt og Cadillac grípa fylgismenn háfrónskunnar til orðanna Heimríkisland, stjarngresi, húsamestingi og uggabakur.

Braek byrjaði að hreinsa til í ranni íslenskrar tungu árið 1992. Fyrir tveimur árum stofnaði hann Miðstöð háfrónska tungumálsins eftir að hann komst í kynni við Pétur Þorsteinsson, prest Óháða safnarins á Íslandi, sem orðlagður er fyrir nýyrðasmíð. Í fyrra leit svo heimasíða háfrónskunnar dagsins ljós, en þar má finna öll þau orð sem búin hafa verið til á þessari alíslensku, sem kemur stundum spánsk fyrir sjónir. „Orka þessa belgíska sómamanns og vilji við að koma þessari heimahöfn upp eru ótrúleg," segir Pétur. „Hann er síhugsandi og alltaf að biðja mig um uppástungur og tillögur að háfrónskum orðum sem geta leyst tökuorðin af hólmi. Hann á heiðurinn af þessu öllu saman, ég er bara messugutti í hans þjónustu."

Eins og gefur að skilja eru Fjölnismenn í hávegum hafðir meðal þeirra sem aðhyllast háfrónsku. Á síðunni má finna ótal áróðursmyndir í þágu hreintungustefnu, oftar en ekki með sjálfum Jónasi Hallgrímssyni í hlutverki „tökuorðatortímandans". Pétur áréttar hins vegar að þótt þeir séu oft léttir á bárunni séu þeir Braekman einlægir í þeirri trú sinni að þessi orð ætti að taka upp á íslensku. „Orðin eiga það flest hver sameiginlegt að vera hnitmiðuð og lýsandi, til dæmis orðið gnæfingur sem hann bjó til yfir gíraffa. Andans menn spá því að íslenskan verði útdauð eftir eina öld, þannig að það er ekki seinna vænna að stemma stigu við því."

Pétur segir að Braek hafi sent þar til bærum aðilum uppástungur um nýyrði en verið tekið fálega. „Þetta eru kerfiskarlar sem halda að þetta sé bara eitthvað grín. Hugsanlega spilar einhver þjóðernisrembingur inn í þetta líka en það er algjör óþarfi því orðsifjafræðin er ótrúlega vönduð og mörg þessara orða eru glæsileg."

Heimasíðu háfrónskunnar má finna á léninu hafronska.org.

VERKEFNASTJÓRAAKADEMÍA
STJÓRNENDASKÓLA HR

VERKEFNASTJÓRNUN FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Námskeið fyrir þá sem stjórna eða taka þátt í verkefnum þar sem markmiðið er mælanlegur árangur.

Leiðbeinendur:
Sigurjón Hákonarson, Verkefnastjórnun I og
Þórður Víkingur Friðgeirsson, Verkefnastjórnun II.

Námið skiptist í tvö námskeið, Verkefnastjórnun I og Verkefnastjórnun II:

VERKEFNASTJÓRNUN I - Grunnatriði verkefnastjórnunar

16 kennslustundir, 4 tímar í senn. Kennt frá klukkan 15:00 - 19:00. DAGS.:

Hugmyndafræðin og markmiðasetning	13.02.
Skilgreining, afmörkun og umfang	14.02.
Framkvæmdarammi verkefna, verkferlið, PRINCE2	27.02.
Áætlunargerð í verkefnum	28.02.

VERKEFNASTJÓRNUN II - Verkefnastjórnun fyrir verkefnastjóra

16 kennslustundir, 4 tímar í senn. Kennt frá klukkan 15:00 - 19:00. DAGS.:

Framvindumat, unnið virði	27.03.
Forgangsröðun, aðalatriði frá aukaatriðum, hópvinna, fundir og hugarflug	28.03.
Greiningarit, ishikawa, pareto, plús delta, svót, osfrv.	11.04.
Áhættumat og greining	12.04.

Skráning er hafin – Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans. Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornendaskoli.is

Nánari upplýsingar veitir
Elísabet Þorvaldsdóttir,
verkefnastjóri,
elisabetth@ru.is
eða 599 6296

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Kl. 17.00
Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur heldur erindi á vegum Akureyrar-Akademíunnar í Þórunnarstræti 99. Sumarliði ræðir um íslenska matarmenningu í erlendum ritum um Ísland en einnig mun Friðrik V. meistarakokkur útbúa matarbita sem er undir áhrifum frá þessum gömlu erlendu hugmyndum.

menning

menning@frettabladid.is

Fyrsta stofuspjallið á Gljúfrasteini

Atli Heimir Sveinsson tónskáld tekur þátt í fyrsta stofuspjalli ársins á Gljúfrasteini þar sem rætt verður um Kvæðakver Halldórs Laxness. Kverið er „verk mánaðarins“ um þessar mundir er það er heiti á opnum leshring þar sem fólk er hvatt til að lesa viðkomandi verk og reka svo endahnút á lesturinn með því að heimsækja Gljúfrastein síðasta sunnudag hvers mánaðar og taka þátt í spjalli í stofunni um verkið.
Atli Heimir mun setjast við flygilinn í stofunni og fletta Kvæðakverinu, spila tóndæmi og ræða lögin og ljóðin. Atli Heimir hefur samið tónlist við nokkur ljóða Halldórs Laxness og samdi tónlist fyrir leikgerð Kjartans Ragnarssonar og Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur á Sjálfstæðu fólki sem var sett upp í Þjóðleikhúsinu 1998-1999. Honum til fulltingis í dag verður Bergþór Pálsson söngvari. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill en dagskráin hefst kl. 16.

ATLI HEIMIR SVEINSSON TÓNSKÁLD Flettir Kvæðakveri Laxness við flygilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Dustaðu rykið af...

kvikmyndinni **Some Like It Hot** frá árinu 1953. Tony Curtis og Jack Lemmon fara á kostum í kynusla og galsafengnu gríni ásamt **Marylin Monroe** sem leikur hina íðilfögru Sugar Kane.

Langþráð endurkoma Frelsarans

Norður í landi eru menn að ræða um endurkomu Frelsarans og í bakhúsi einu í Listagilinu er fólk að storka þyngdarlögmálum og þenja mörk leikhússins.

Innblástur Kristjáns Ingimarssonar er kominn úr bók bókanna en verk hans „Frelsarinn“ sækir sitthvað í Biblíuna en annað í lífsmáta nútímamannsins - sem síst hefur minni þörf fyrir hjálpræðið þessa dagana. Aðalpersóna verksins er ósköp venjulegur maður sem fær þau skilaboð að hann sé Frelsarinn. Fyrst er hann svolítið efins en með hjálp dyggra stuðningsmanna öðlast hann trúna. Hann æfir sína „yfirnáttúrulegu krafta“ og kraftaverk, sem virðast þó vera nokkuð tilviljanakennd. Að lokum kemur hann út úr skápnum sem Jesú Kristur, en það hefur skelfileg afleiðingar í för með sér. Tákn verða á lofti og jörðin bifast. Líf hans tekur breytingum sem hann alls ekki átti von á. Dagur dómsins er í nánd.

„Í verkinu er ekki aðeins verið að fjalla um hugmyndina um Jesú: „Hver sé okkar frelsari?“ heldur um eftirvæntingar fólks,“ útskýrir Kristján og staðfestir að verkið sé nokkuð pólitískt. „Frelsarinn í dag er bisnessmaður eða stjórnmálamaður enda er sáluhjálpin fólgin í peningum - það er leið fólks til þess að komast í snertingu við hið guðdómlega. Frelsarinn er það sem fólk vill fá og þannig búum við hann til sjálf.“

Kraftaverk fyrir fólkið

Kristján kveðst sjálfur vera trúaður maður og útskýrir að hann sé alls ekki að draga Jesú í efa með þessu verki sínu heldur leitist hann við að sýna hlutina frá öðru sjónarhorni. „Þetta verk fjallar líka um lýðræðið - það er pöpullinn sem ræður en hann er auðkeyptur,“ segir Kristján og bætir við að Jesú hafi jú sjálfur þurft að fremja kraftaverk og höfða til fólksins til þess að vinna hylli þess. Hinn nútímalegi Frelsari er þannig pólitískur á „populískan“ hátt.

Höfundurinn hefur augljósan húmor fyrir sjálfum sér þegar hann bendir aukinheldur á eigin „Messíasar-komplex“. Kristján er fæddur 24. desember og rifjar góðlátlega upp þá staðreynd að hann fékk á sínum tíma ekki að leika aðalhlutverkið í Jesus Christ Superstar. „En Frelsarinn snýr aftur,“ segir hann með sterkum norðlenskum hreim.

FRELSARINN HEFUR ÓTAL ANDLIT Kristján Ingimarsson gengst við eigin „Messíasar-komplex“. MYND/HEIÐA.IS

HÆFILEIKAFÓLK Á HAGLEIKSSVIÐI Kristján Ingimarsson, Bo Madvig og Camilla Marienhof láta reyna á sveigjanleika listgreina. MYND/HEIÐA.IS

Íslensk-dönsk samvinna

Kristján er nýfluttur heim til Akureyrar eftir langa dvöl í Danmörku en hann hefur sýnt nokkrar sýningar sinna hér á landi, þar á meðal verkið Mike Attack sem hlaut lof og prís bæði meðal áhorfenda og gagnrýnenda. Hann segist bæði vilja efla samskipti milli landanna og eins gefa fjölskyldunni sinni tækifæri til þess að rækta tengslin við Ísland.

„Frelsarinn“ verður frumsýndur í K2 leikhúsinu í Kaupmannahöfn í mars og síðan tekið til sýninga hér næsta vetur. Verkið var einnig valið til að fara á sýningarferðalag um Danmörku á vegum danska leiklistaráðsins.

Meðleikarar hans eru Bo Madvig og Camilla Marienhof, hæfileikafólk sem bæði hafa sérhæft sig í leiklist líkamans. Það má berlega sjá á sviði sýningarinnar, sem sérsmíðað er af vini Kristjáns og dyggum samstarfsmanni til margra ára, Kristian Knudsen, að „Frelsarinn“ er engin venjuleg sýning. Hægt er að halla sviðinu og reisa það alveg upp á rönd með þar til gerðum rafbúnaði og Kristján sýnir blaðamanni hvernig sérstyrktar „kolafíberstangir“ og vogarafl vinna saman. Það þarf sterkar hendur og hugrekki til að nýta sér möguleika sviðsins og blaðamanni verður hugsað til tryggingamála listafólksins enda virðist það ekki hættulaus iðja að svífa svona, hvað þá þegar þrír nota sviðið í einu. „Þetta er algjör draumur,“ segir Kristján stoltur um þetta verkfræðiundur og sveiflar sér niður. Hann bætir því kankvíslega við að samstarfskona hans Camilla sé bæði sérmenntuð í bardagatækni og þrautþjálfuð í nokkurs konar súlusporti.

Erfið fæðing

Kristján segist hafa gengið með hugmyndina að þessu verki nokkuð lengi og nú hafi hann í fyrsta sinn verið krafinn um handrit. „Það var verulega strembið,“ segir hann sannfærandi en leikstjórinn Jón Páll Eyjólfsson, sem er íslenskum leikhúsunnendum að góðu kunnur og stýrði meðal annars verkinu Maríubjöllunni hjá Leikfélagi Akureyrar á síðasta leikári, setti þumalskrúfurnar á höfundinn, sem vanur er að þróa verk sín „úti á gólfi“ og á eigin skinni. Verkið er þó að mestu án orða og gerist að hluta til í nokkurs konar hægagangi (slow motion).

Þetta er í fyrsta sinn sem Kristján og Jón Páll vinna saman en höfundurinn segir leikstjórann hafa strax tekið vel í hugmyndina. Þeir deila ástríðu fyrir möguleikum leikhússins en Kristján útskýrir að sér finnist íslenskir áhorfendur og gagnrýnendur full uppteknir af því að hólfa verk niður. Hann segist frekar kjósa að hrista upp í hlutunum. „Mér finnst skrýtið að fólk velji að ganga sífellt sömu göturnar í stað þess að prófa nýjar leiði. Fyrir mér er það algjört grunnatriði.“ - khh

Sýningarlok í Listasafni ASÍ

Sýningum Jóhanns Ludwigs Torfasonar og Hlyns Helgasonar í Listasafni ASÍ lýkur í dag.

Jóhann sýnir tölvugerð málverk af skálduðum leikföngum í Ásmundarsal auk silkiþrykktra þrauta þar sem hann vinnur til dæmis með myndgátur. Sýningin er samvinna Jóhanns og fyrirtækisins Pabba kné ehf. sem framleiðir verkin. Efnistök Jóhanns eru rammpólitísk í eðli sínu, en viðfangsefnin sem hann fjallar um í list sinni eru fyrst og fremst á vettvangi mannlegrar tilveru, í þjóðlegu jafnt sem alþjóðlegu samhengi og vega þau salt milli hins kómíska og hversdagslega.

Hlynur Helgason sýnir í Arinstofu og Gryfju en verk hans „63 dyr Landspítala við Hringbraut“ er fjölþætt skrásetning listamannsins á þessari þungamiðju íslensks samfélags. Skrásetning listamannsins tekur á sig margar myndir, hann birtir okkur dyrnar skipulega í kvikmynd og ljósmyndum, en nýtir einnig teikningu og málverk á skematískan hátt í tilraun sinni til að lýsa spítalanum og fjölbreytileika hans.

MYNDLIST JÓHANNS LUDWIG TORFASONAR Brúðan Adam - og Eva kannski seinna meir.

Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga og er aðgangur að safninu ókeypis. - khh

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

ÚTSALA

10-20% afsláttur af nýjum vörum

30-70% afsláttur af völdum vörum

Stendur til 1. febrúar

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

AUSTURBÆR

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER

Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN

Fim 1. feb kl. 10 uppselt / Fim 1. feb kl. 14 uppselt /
Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 /
Þri 13. feb kl. 19 / Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 /
Sun 25 feb kl. 17 / Mið 28 feb kl. 19 / Fös 2 mar kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Landsvirkjun
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ Kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
ÞÚ FINNUR EKKI BETIR SKEMMTUN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL !
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Lau 3/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 2/2 kl. 20 UPPS. Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20

MEIN KAMPF
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fim 1/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20
Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 17/2 kl. 20 Lau 24/2 kl. 20
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20
Miðasala hafin Miðaverð 3.400

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING
Allra síðasta sýning

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl. 14 Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14 Sun 18/2 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Síðustu sýningar

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 4/2 kl. 13 UPPS. Sun 4/2 kl. 14 UPPS.
Sun 4/2 kl. 15 UPPS. Sun 11/2 kl. 13 UPPS.
Sun 11/2 kl. 14 UPPS. Sun 11/2 kl. 15 UPPS.
Sun 18/2 kl. 13 UPPS. Sun 18/2 kl. 14 UPPS.
Sun 18/2 kl. 15 UPPS. Sun 25/2 kl. 13 UPPS.
Sun 25/2 kl. 14 UPPS. Sun 25/2 kl. 15 UPPS.
Sun 4/3 kl. 13 UPPS. Sun 4/3 kl. 14 UPPS.
Sun 4/3 kl. 15 UPPS. Sun 11/3 kl. 13 UPPS.
Sun 11/3 kl. 14 UPPS. Sun 11/3 kl. 15 UPPS.
Sun 18/3 kl. 13 UPPS. Sun 18/3 kl. 14 UPPS.
Sun 18/3 kl. 15 UPPS. Sun 25/3 kl. 13
Sun 25/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 15

Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Fös. 2/2 nokkur sæti laus, fös. 9/2 nokkur sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar eftir.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag sun. 28/1 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 10/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau.17/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00.

BAKKYNJUR eftir Evripídes.
Lau. 3/2. Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna. Síðasta sýning!

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös.2/2 nokkur sæti laus, mið. 7/2 örfá sæti laus,
lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kassinn kl. 20:00 forsala hafin

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 2/2, lau. 10/2, fös. 16/2.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Sun. 28/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 örfá sæti laus, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00 uppselt, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

43 þúsund gestir á leikárinu

Þjóðleikhúsið sendi frá sér eftirfarandi athugasemd seint á föstudag vegna umræðu í fjölmiðlum um stöðu stofnunarinnar. Tilkynningin er birt í heild sinni hér á eftir. Fyrirsögn er Þjóðleikhússins.

„Samanlagður fjöldi þeirra gesta sem sótt hafa sýningar Þjóðleikhússins það sem af er þessu leikári er skv. miðasölu þann 25. janúar 43 þúsund gestir.

Á þessu leikári hefur leikhúsgestum þegar verið boðið upp á 17 mismunandi leiksýningar á vegum Þjóðleikhússins. Af þeim fjölda hafa 12 sýningar verið framleiddar af Þjóðleikhúsinu, en 5 verið gestasýningar.

Leikferðir hafa verið farnar í framhaldsskóla vítt landið auk þess sem Þjóðleikhúsið hefur þegið boð um að sýna leiksýningar í þremur heimsborgum.

Allt tal um að brösuglega gangi er því úr lausu lofti gripið. Aðsókn hefur hinsvegar ekki verið jafngóð á allar sýningar leikársins. Aðsókn að leiksýningum er aldrei hægt að reikna út fyrirfram og þó væntingar séu vitaskuld alltaf þær að fullt sé út úr dyrum á allar sýningar, gengur slíkt ekki alltaf eftir. Þannig er það í Þjóðleikhúsinu og þannig er það í leikhúsum um allan heim. Sumar leiksýningar hitta í mark, aðrar síður. Sumum er réttilega hampað eða hafnað og öðrum ranglega. Sagan sýnir að mörg af þeim leikritum sem síðar áttu eftir að teljast snilldarverka, þóttu afspyrnu vond þegar þau kom fyrst fram.

Auk þeirra sýninga sem nú eru í boði í Þjóðleikhúsinu, eru næstu frumsýningar í undirbúningi. Á Stóra sviðinu standa yfir æfingar á söngleiknum Legi eftir Hugleik Dagsson, bráfyndnu verki með hárbeitta skírskotun til samtímans. Í Kassanum er það kanadískt verðlaunaleikriti, Hálsfesti Helenu á Smíðaverkstæðinu nýtt íslenskt leikrit, Amma djöfull og í Kúlunni brúðusýningin Pétur og úlfurinn. Auk þess er verið að pakka leikmyndinni úr Pétri Gaut í gám fyrir væntanlegar sýningar Þjóðleikhússins í Barbican leikhúsinu í London.

Í Þjóðleikhúsinu er boðið upp á fjölbreytt úrval leiksýninga þar sem hver sýning markar sér þó sína sérstöðu. Þar er hágæða list fyrir öll skilningarvit sett í öndvegi samhliða ögrandi og áhættusamri nýsköpun. Þar er boðið upp á vandaðar barna- og fjölskyldusýningar, brúðusýningar og smábarnasýningar. Þar er boðið upp á unglingasýningar og umræður á eftir, fræðslupakka, fyrirlestra og málþing. En þar er einnig og samhliða boðið upp á léttvægari afþreyingu sem miðar að notalegri kvöldstund fyrir þá sem vilja njóta þess að sjá frábæra listamenn fara á kostum og hlægja og skemmta sér um leið.

Það er allt að gerast í Þjóðleikhúsinu!“

LEIKLIST Mynd úr sviðsetninu á Bakkynjum í Þjóðleikhúsinu. Verkið er talið einn máttarstólpa forngrískrar leikritunar. Sýningum er að ljúka.

Sagan Misery við Austurvöllinn

Von sjálfstæðra leikhópa sem starfa án fastrar aðstöðu, sem ýmist er leigð, gefin eða veitt fyrir lágt endurgjald, er að tekjurnar af miðasölu dugi fyrir gjöldum. Opinberir styrkir ef gefast eru þá fyrir undirbúningi, sem annars er unninn í sjálfboðaliðavinnu. Um þessar mundir eru sýningar í boði milli sextíu og áttatíu árlega. Þá eru ekki taldar með sýningar á vegum skóla og félagasamtaka eða áhugamannafélaga. Allt talið er þetta gríðarlegt framboð og hart keppst um athygli þeirra sem vilja fara í leikhús og borga fyrir það.

Ekkert bendir til að sá hópur minnki. Nýja hópa sem erfiðari eru í taumi verður að ná í með verkum sem virðast henta meira fyrir þá, popp og rokksöngleiki. Það sem á viðmiðun er kallað leikhús fyrir ungt fólk. Sem er þegar að er gáð innantómur frasi, rétt eins og hinn „við viljum ungt fólk í leikhúsið“. Leikhúsmenn standa aldrei við dyrnar og læra að þekkja gesti sína, þeir eru með nefið ofan í kassanum, sminkinu eða launaumslaginu sínu.

Það er áhugaverð sem Studio 4 ræðst í: gamalt leikhús sem endaði sína daga rétt eftir 1970 með aldarfjórðungssögu, besta stað í bænum, blandaðan rekstur. Það heimtar nýja umgengni, annan svip: liðið sem kemur hert af búsi og spítti kl. 1 eftir miðnætti er annað en liðið sem vill vera komið heim kl. 23. En þá verður til dæmis að þrífa húsið reglulega, gólf, borð og handrið.

Verkið, Misery eftir Stephan King, sem valið er gæti tekið sneið af kökunni sem ekki er hirt: spennuverk sjást hvergi, Ólafía var talin mikið aðdráttarafl þar til Stórfengleg afsannaði það, en hér er reynt að búa til leikhús með áherslu á vandaða skemmtun með sterkum og þekktum kröftum. Með öðrum orðum fetuð sú slóð sem Leikfélag Íslands og Loftkastalinn troðu síðast og Leikfélag Akureyrar hélt inn á undir stjórn Magnúsar Geirs með góðu tilleggi frá sveit og borg. Það hefur lengi verið skoðun undirritaðs að nauðsyn væri á leikhúsi hér á landi sem væri rekið á algerum bisnissnótum til móts við Þjóðleikhúsið, LA, LA og hópahroðið sem yfirleitt er vanfjármagnað.

Hvernig tekst þá til? Handritið ber þess glöggt merki að vera samið fyrir allt annan miðil, miðla væri nær að segja; hér vantar gríðarlega mikið af því aukaefni sem skrifleg frásögn gefur og kvikmynd veitir með öðrum brögðum. Raunar er sýningin skólabókardæmi hvar skilur milli feigs og ófeigs í dramatískri frásögn. Hér vantar gríðarlega mikið: bakland, vonir, framtíð, valdastaðan er bundin við líkamlegan vanmátt annars vegar sem kallar á kyrrstöðu, og hinsvegar líkamlega ógn sem í eðli sínu er líka kyrrstæð og vomandi - en gerir lítið. Það kallar ekki margt á aksjón. Ofan í kaupið eru átakasvæðin í samræðunni frekar þröng.

Leikmynd og lýsing hjálpa lítið: leikmyndin tætingsleg og skilaði helst sundurgerð. Aftur á móti sannar Lárus Grímsson hér endanlega að hann er maður til að skrifa tónlist fyrir kvikmyndir. Inn í alla sýninguna er lögð músík sem hefði sómað sér vel í hvaða spennumynd sem er.

Sviðsetningin snýst býsna mikið kringum einn pól: Ólafíu Hrönn. Henni tekst bærilega upp í frekar þröngum stakki. Hún vinnur hlutverkið með útfærðum limaburði og hreyfingum, fasi og eintóna tali. Það er býsna sannfærandi en ekki ógnandi. Valdimar Flygenring er bundinn við erfiðustu stöðu leikara serm til er: liggur í rúmi og leikur upp við dogg mestan tímann. Hann verður undarlega mikið B í sviðsetningunni sem ætti í raun að vera aðalatriðið. Það er hann sem við eigum að finna til með en ekki böðullinn.

Svo það næst ekki mikil spenna, ekkert ris og áhorfendur voru hálf ringlaðir í endann sem virtist vera en var ekki. En svona er það: Maður ríður ekki feitum hesti frá öllum viðskiptum.

Páll Baldvin Baldvinsson

LEIKLIST

Misery

eftir sögu Stephen King
Leikstjóri: Jóhann Sigurðarson.
Þýðing: Davíð Þór Jónsson. Leikmynd og búningar: Rebekka Rán Samper. Lýsing: Björn Bergsteinn og Sveinn Benediktsson. Tónlist: Lárus Grímsson.

★★

Daufleg sviðsetning á spennandi sögu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

25 26 27 **28** 29 30 31

Sunnudagur

SÝNINGAR

- ☐ 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.
- ☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.
- ☐ 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en þau eiga það sameiginlegt að vera óhrædd við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.
- ☐ 14.00 **Rakel Pétursdóttir** safnafræðingur leiðir gesti **Listasafns Íslands** um sýninguna **Frelsun litarins** sem geymir fjölda verka eftir franska expressjónista, þar á meðal verk eftir **Renoir** og **Henri Matisse**. Aðgangur að safninu er ókeypis.
- ☐ 14.00 **Ólöf Kristín Sigurðardóttir**, sýningarstjóri og deildarstjóri fræðsludeildar **Listasafns Reykjavíkur** verður með leiðsögn um verk **Ásmundar Sveinssonar** á sýningunni sem nú stendur yfir í Ásmundarsafni og ber yfirskriftina **Ásmundur Sveinsson - Maður og efni.** Höggmyndagarðurinn við Ásmundarsafn stendur öllum opinn.
- ☐ 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.
- ☐ 15.00 **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Nýtt!

Speltbrauð

Borðaðu fjórar sneiðar á dag

Vissir þú að börn og unglingar borða allt of lítið af trefjaríku fæði. Og fullorðnir líka. Með því að neyta fjögurra Speltisbrauðsneiða frá Myllunni á hverjum degi uppfyllir þú 55% af daglegri þörf þinni fyrir trefjaríkt fæði.

Spelti er ævaforn, harðgerð og einstök korntegund, sem ræktuð hefur verið í þúsundir ára. Það er óhemju góð uppspretta ríbó-flavíns (B2 vítamín), ríkt af þíamíni (B1) og níasíni (B3) auk þess sem speltið er góð uppspretta ýmissa steinefna á borð við kopar, járn, mangan og zink. Spelti er ríkt af ýmsum mikilvægum steinefnum og hyaluronsýru, sem inniheldur t.d. hið fátíða snefilefni, kísil. Hyaluronsýra og kísill þess gegna m.a. mikilvægu hlutverki við að viðhalda eðlilegri vökva-starfsemi í augum og liðum líkamans.

Sjá nánar á www.myllan.is

Myllu Spelt BRAUÐ

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

Hafðu það trefjaríkt og gott með Speltbrauði

Þorp í sviðsljósinu

Þorpið Durness í skosku hálöndunum virðist hafa slegið í gegn á meðal aðdáenda Johns Lennon á netinu.

Á heimasíðu þorpsins er sagt frá tengslum Lennons við þorpið og fyrir vikið hafa um 150 þúsund manns kíkt á síðuna frá því á mánudag. Aðeins 351 manneskja býr í þorpinu en svo gæti farið að ferðamannastraumur þangað ykist til muna, þökk sé síðunni.

Lennon eyddi sumarfríum sinum í Durness frá níu til fjórtán ára aldurs. Árið 1969 sneri hann þangað aftur með eiginkonu sinni Yoko Ono og börnum þeirra tveimur. „Þetta er ótrúlegt. Við erum ótrúlega ánægð með viðbrögðin og vonumst til að þeir sem skoði síðuna muni koma til norður hálandanna og sjá hvað það var sem snerti svona við Lennon og veitti honum innblástur," sagði Durrand Macleod, ferðamálastjóri í þorpinu.

Heimasíðan, www.northhighlandsscotland.com, var áður heimsótt af um 3.000 netverjum á dag.

JOHN LENNON Bítillinn fyrrverandi eyddi mörgum sumrum í þorpinu Durness. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tíska og teikningar Söru

Listakonan Sara Gunnarsdóttir opnaði sýningu í fataversluninni Kronkron á dögunum. Stefán Svan Aðalheiðarson verslunarstjóri sagði sýninguna vera tilvalda á veggi Kronkron, en búðin hefur hýst verk ýmissa listamanna frá því að hún var opnuð.

„Sara var búin að vera að vinna tískuteikningar fyrir vinkonu sína, Iðunni Andersen, sem er fatahönnuður. Hún vann áfram í þeim stíl, svo þessi verk eru svona tengd tískuteikningum," sagði Stefán. Sýningin stendur yfir til 16. febrúar.

KÁT Í KRONKRON Þau Iðunn Andersen, Katla Rós Völudóttir, listakonan Sara Gunnarsdóttir og Árni Þorlákur Guðnason voru kát með opnunina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

LISTAKONAN Sara Gunnarsdóttir sýnir teikningar sínar, sem eiga ýmislegt sameiginlegt með tískuteikningum, í Kronkron til 16. febrúar.

TÍSKUGÚRÚAR Hugrún Árnadóttir, annar eigandi Kronkron, hafði eflaust um ýmislegt að tala við fatahönnuðina Ásgrím Má Friðriksson og Eygló Margréti

FYRIRSÆTA OG FATAHÖNNUÐUR Það fór vel á með fyrirsætunni og tískuunnandanum Sævari Óskarssyni og Eygló Margréti, en hún selur föt undir merkinu Eygló í Kronkron.

FAGURKERAR Stefán Svan, tískufagurkeri og verslunarstjóri Kronkron, og Linda Loeskow spjölluðu saman.

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Gítarnámskeið - Einkatímar
Skráning stendur yfir Sími 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is • www.gitarskoli.is

Flutt á sjúkrahús

Óskarsverðlaunaleikkonan Nicole Kidman var flutt á sjúkrahús eftir að hafa lent í árekstri við tökur á kvikmyndinni The Invasion.

Kidman, ásamt sjö öðrum leikurum, var síðar útskrifuð af sjúkrahúsinu og reyndist enginn alvarlega slasaður. Leikkonan var að keyra Jagúar-bifreið við tökur á atriði með uppvakningum þegar óhappið varð.

Kidman, sem er 39 ára, var í tvær klukkustundir á sjúkrahúsinu og fór eftir það beint aftur í vinnuna.

Mótleikari Kidman í myndinni er enginn annar en hinn nýi James Bond, Daniel Craig. Leikstjóri er Þjóðverjinn Oliver Hirschbiegel sem m.a. hefur sent frá sér hina vinsælu Der Untergang sem fjallar um síðustu daga Adolfs Hitlers.

NICOLE KIDMAN Óskarsverðlaunaleikkonan var flutt á sjúkrahús eftir að hafa lent í árekstri.

SPARBÍÓ 450 kr
á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
Frá leikstjóra The Last Samurai
Styðst við raunverulega atburði..
BLOOD DIAMOND
Ævintýraleg spenna og hasar

Vefurinn hennar Karlottu
Charlotte's Web
HJÁLPIN BERST AÐ OFAN
Frábær barna-og fjölskyldumynd frá höfundi Stúart litla.

7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
EF ÞÚ VILT FÁ SKILNING .... ÞARFTU AÐ HLUSTA
TOPP5.IS ★★★★ FBL ★★★★★ PANAMA.IS ★★★★
PITT BLANCHETT GARCÍA BERNAL YAKUSHO
BABEL
GOLDE GLOBE BESTA MYND ÁRSINS

SAMBÍÓIN
FRÉTTABLAÐIÐ ★★★★
FORELDRAR
KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO
THE PRESTIGE

Háskólabíó

Háskólabíó					
BLOOD DIAMOND	kl. 3 - 6 - 9	B.i.16	THE HOLIDAY	kl. 8:30	B.i. 7
FORELDRAR	kl. 4 - 6 - 8 - 10		FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 3 - 6	B.i. 16
BABEL	kl. 3 - 6 - 9	B.i.16	THE DEPARTED	kl. 10:10	B.i. 16
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:50 - 8	B.i.16	FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 3	Leyfð

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS
Mynd eftir Óskarsverðlaunahafann Clint Eastwood.
FLAGS OF OUR FATHERS
5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS
THE DEPARTED
Stranger than Fiction
FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG SNIÐUG GAMANMYND...
3 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS
Children of men
the Holiday
Skólað í Burtu
1 TILNEFNING TIL ÓSKARS
HAPPY FEET

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA					
BLOOD DIAMOND	kl. 5:30 - 8 - 10:50	B.i.16	STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:20	Leyfð
BLOOD DIAMOND VIP	kl. 2 - 8 - 10:50		FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal	kl. 1:20 - 3:40	Leyfð
VEFURINN ... M/- Ísl tal	kl. 2 - 4:10 - 5:50	Leyfð	HAPPY FEET M/-Ensk tal	kl. 3:30	Leyfð
BABEL	kl. 8 - 10:50	B.i.16	SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal.	kl. 1:30 - 3:40	Leyfð
BABEL VIP	kl. 5		BÆJARHLADID M/- Ísl tal.	kl. 2 - 4	Leyfð
FORELDRAR	kl. 6 - 8 - 10		ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal.	kl. 1:30	Leyfð
THE PRESTIGE	kl. 8:30 - 10:50	B.i.12			

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI			
BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:50	B.i.16	DIGITAL
VEFURINN H... M/- Ísl tal.	kl. 1:40 - 3:50 - 6	Leyfð	DIGITAL
CHARLOTTE´S.. M/-Ensk tal	kl. 3:50 - 6 - 8 - 10:10	Leyfð	DIGITAL
THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:30	B.i.12	
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 1:30 - 3:40	Leyfð	DIGITAL
HAPPY FEET M/-Ensk tal.	kl. 5:50	Leyfð	DIGITAL
SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal	kl. 1:50	Leyfð	

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK		
VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	Leyfð
FORELDRAR	kl. 8	Leyfð
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 5:45 - 8	Leyfð
TENACIOUS D IN...	kl. 10	B.i. 12
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 2	Leyfð
KÚLD SLÓÐ	kl. 10:15	B.i. 12

SAMBÍÓIN / AKUREYRI		
BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:40	B.i.16
VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
BABEL	kl. 8 - 10:40	B.i.16
THE PRESTIGE	kl. 5:40	B.i.12
FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali	kl. 2	Leyfð
SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal.	kl. 4	Leyfð

www.SAMbio.is ! 575 8900 www.SAMbio.is

Engar stakar konur takk

Á ári hverju afhenda félagar kenndir við Gídeon íslenskum skólabörnum um 4.500 eintök af Nýja testamentinu og á hótelum landsins bregst sjaldan að það merka rit liggi á náttborðshillum. Í félaginu eru nú um 200 karlar en aðeins um 70 konur enda fá þær ekki aðgang nema þær séu giftar félögum.

FÉLAG Á GÖMLUM MERG Sigurður Þ. Gústafsson, framkvæmdastjóri Gídeonfélagsins, segir að aðild kvenna að félaginu hafi ekki verið mikið rædd. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sigurður Þ. Gústafsson, framkvæmdastjóri Gídeonfélagsins á Íslandi, segir að félagið hafi afhent rúmlega 330 þúsund bækur frá því að fyrstu biblíurnar voru lagðar inn á Hótel Borg árið 1949. Markmið félagsins er samkvæmt yfirlýsingu á heimasíðu þess að „ávinna menn og konur fyrir Drottinn Jesú Krist“ en hornsteinn þess er að dreifa guðsorði sem félagsmenn gera með líkum hætti og í þeim rúmlega 180 löndum þar sem Gídeon hefur starfssemi.

Stærsti þáttur starfsins er að heimsækja 10 ára gamla grunnskólanemendur og afhenda þeim Nýja testamentið. „Við heimsækjum um 170 skóla á landinu,“ útskýrir Sigurður en 14 deildir eru starfræktar víða um land. „Með þeim hefur okkur tekist að dreifa álaginu en sumar deildirnar þurfa þó að ferðast meira en bæjarleið til að sinna starfi sínu.“

Sigurður segir að Gídeonfélögum sé yfirleitt vel tekið í skólunum en þar kynna þeir félagið sitt og ritið en hann bendir á að félagsmenn reyni að gæta hlutleysis þegar kemur að kynningu á Nýja testamentinu og telji sig ekki vera að predika. „Skólarnir standa okkur vel opnir. Auðvitað kemur fyrir, sem er alveg skiljanlegt, að börnin eru ekki tilbúin að taka við bókinni en við höfum ekkert við því að segja - það eru ekki allir sama sinnis. En það heyrir til undantekninga,“ segir hann. Félagsmenn hafa vissar áhyggjur af þeirri umræðu sem blossað hefur upp nýverið í tengslum við trúarbragðafræðslu í skólum að sögn Sigurðar. „Við höfum heimsótt skólana í yfir fimmtíu ár og höfum þar skapað okkur sterkan sess. Okkur þætti sárt ef lokað yrði á okkur.“

Starf Gídeonfélagsins hérlendis er einsdæmi í heiminum að sögn Sigurðar en hvergi þekkist innan hreyfingarinnar að félögum hafi tekist að dreifa ritum sínum með jafn markvissum hætti. „Flestir Íslendingar á aldrinum 10-63 ára hafa fengið Nýja testamentið frá okkur en Ísland er eina landið þar sem tekist hefur að halda þessu við í gegnum tíðina.“ Auk þess að gefa bækur í skólum og fylgjast með því að fyrrgreint rit sé á hótelherbergjum - en brögð eru að því að bækurnar hverfi, að sögn framkvæmdastjórans - afhenda félagar einnig starfsfólki í heilbrigðisstéttum og öldruðum trúarritið og kynna starf sitt í kirkjum landsins.

Sigurður útskýrir að rúmlega tvö hundruð karlar séu í félaginu hérlendis en aðeins um sjötíu konur. „Fjöldi þeirra takmarkast af því að þær þurfa að vera giftar Gídeonfélögum,“ segir hann og bætir við að hann geti ekki sagt að sú staðreynd hafi verið mikið rædd í félaginu en tekur undir að þetta skipulag gæti talist svolítið gamaldags. „Við erum limur í alþjóðlegri hreyfingu. Starfsemi félagsins hófst árið 1899 og það er sama reglugerðin í gildi um heim allan og henni erum við náttúrlega háðir. Hingað til hefur verið miðað við að það séu hjón í félaginu en ekki stakar konur - ekki einu sinni dæturnar.“

kristrun@frettabladid.is

Pitt öfundar DiCaprio

Hjartaknúsarinn Brad Pitt vill leika karlmannlegri hlutverk í framtíðinni og feta þannig sömu slóðir og kollegi hans Leonardo DiCaprio.

DiCaprio var nýverið tilnefndur sem besti leikarinn í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í spennumyndinni Blood Diamond, auk þess sem hann hefur fengið góða dóma fyrir hlutverk sitt í glæpamyndinni The Departed í leikstjórn Martin Scorsese.

Pitt segist vera orðinn leiður á að leika einhverja aumingja og vill að karlmennskan verði í fyrirrúmi á næstunni, rétt eins og þegar hann lék Tyler Durden í Fight Club.

„Ég var í símanum um daginn. Leo hefur verið að leika sterka karlmenn undanfarin ár og ég spurði sjálfan mig: „Mig langar að leika meira karlmenni.“ Síðan lagði ég símann á og hugsaði: „Lifðu bara eins karlmenni og þá munu kvikmyndirnar fylgja í kjölfarið“,“ sagði Pitt, sem leikur í Babel, sem er tilnefnd til óskarsverðlauna sem besta myndin.

BRAD PITT Hjartaknúsarinn öfundar Leonardo DiCaprio fyrir hlutverkaval sitt að undanförnu.

LEONARDO DICAPRIO DiCaprio hefur fengið góða dóma fyrir hlutverk sín í Blood Diamond og The Departed.

Útsala
Opið í dag 13-16
Verðdæmi:
Vandaðir hvíldarstólar m/leðri aðeins kr.59.000.-
- með slitsterku áklæði aðeins kr. 39.000.-
Valhúsgögn
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Skráðu þig á SAMbio.is
SAMBÍÓIN
SparBíó* — 450kr
MÖRGÆSAÆÐIÐ ER HAFIÐ!
HAPPY FEET
FRÁIR FÆTUR M/- ÍSL TAL. KL. 1:20 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Í KEF. OG Á AK.
Skólað í Burtu
SKOLAÐ Í BURTU M/- ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA
BÆJARHLAÐIÐ
BÆJARHLAÐIÐ M/- ÍSL TAL. KL. 2 Í ÁLFABAKKA
ÓBYGGÐIRNAR
ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA
SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR
Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

> Þetta eru möguleikarnir

Íslenska landsliðið lendir í 1., 2. eða 3. sæti síns milliriðils og er því öruggt með að sleppa við að spila við sigurvegara hins riðilsins, líklega Króata. Ísland verður alltaf ofar en Frakkland verði þau jöfn að stigum en Pólverjar eru alltaf ofar verði þeir jafnir Íslendingum. Verði Ísland, Pólland og Frakkland hins vegar jöfn er Ísland efst en Pólland neðst. Sigur á Þjóðverjum gæti fært íslenska liðinu sigur í riðlinum en einungis ef Pólverjar tapa stigum gegn Slóveníu.

sport

sport@frettablad

BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON ÁTTI STÓRLEIK Í ÍSLENSKA MARKINU GEGN SLÓVENUM Í GÆR

Var skipað að rífa áhorfendur með

Íslensku markverðirnar Birkir Ívar Guðmundsson og Roland Valur Eradze fóru hamförum í Gerry Weber-höllinni í gær. Birkir varði rúmlega 20 skot framan af leik og Roland leysti hann síðan af hólmi undir lokin og hreinlega lokaði markinu.

Frammistaða þeirra félaga er ein eftirminnilegasta frammistaða íslenskra landsliðsmarkvarða í háa herrans tíð.

„Þetta var mjög fínt í dag. Þetta var frábær sigur þótt spilamennskan hafi ekki alltaf verið upp á það besta en við unnum vel fyrir þessum sigri. Það er ekki hægt að segja annað," sagði Birkir Ívar mjög hógvær en hann vildi sem minnst gera úr eigin frammistöðu. Var hógværðin uppmálið. Hann var í gríðarlegri stemningu allan leikinn og öskraði og dansaði með áhorfendum.

„Ég er mjög sáttur við mína frammistöðu og það sem meira er þá var ég nálægt því að verja fleiri bolta. Ég var ekki að gera neina vitleysu og er mjög sáttur við sjálfan mig. Það var góðvinur minn Sigurður Bragason (handboltamaður hjá ÍBV, innsk. blm.) sem sagði við mig að ég ætti að rífa áhorfendur meira með og ég held að það hafi tekist ágætlega. Það var í það minnsta frábær stemning í höllinni og gríðarlega gaman að spila hér í dag," sagði Birkir Ívar Guðmundsson brosmildur að lokum en ef hann heldur uppteknum hætti í næstu leikjum á Ísland góða möguleika á að komast langt.

HM Í ÞÝSKALANDI

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

A-RIÐILL

FRAKKLAND-ÞÝSKALAND	26-29
ÍSLAND-SLÓVENÍA	32-31

Mörk Íslands (skot): Logi Geirsson 8 (11/1), Snorri Steinn Guðjónsson 7/3 (12/4), Guðjón Valur Sigurðsson 4 (6), Ólafur Stefánsson 4/1 (11/2), Alexander Petersson 3 (5), Markús Máni Michaelsson 2 (2), Róbert Gunnarsson 2 (3), Sigfús Sigurðsson 2 (3), Vignir Svarsson 0 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 0 (1).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 21 , Roland Valur Eradze 6/2.
Hraðaupphlaup: 6 (Guðjón 3, Alexander, Róbert, Logi)
Fiskuð víti: 7 (Snorri 2, Vignir, Logi, Ólafur, Alexander, Róbert)
Utan vallar: 10 mínútur.
Mörk Slóveníu: Siarhei Rutenka 9/3, Jure Natek 5, David Spiler 4, Miladin Kozlina 2, Zoran Jovicic 2, Matjaz Mlakar 2, Bostjan Kavas 2, Matjaz Brumen 2, Zoran Lubej 2, Dragan Gajic 1.
Varin skot: Beno Lapajne 14/2, Gorazd Skof 9/1.
Hraðaupphlaup: 9
Utan vallar: 14 mínútur.

PÓLLAND-TÚNIS	40-31

STAÐAN

PÓLLAND	**4**	**3**	**0**	**1**	**124-120**	**6**
ÞÝSKALAND	4	3	0	1	124-110	6
ÍSLAND	**4**	**3**	**0**	**1**	**133-120**	**6**
FRAKKLAND	4	2	0	2	114-102	4
SLÓVENÍA	**4**	**1**	**0**	**3**	**113-127**	**2**
TÚNIS	4	0	0	4	116-145	0

B-RIÐILL

KRÓATÍA-TÉKKLAND	31-29
UNGVERJALAND-SPÁNN	31-33
DANMÖRK-RÚSSLAND	26-24

STAÐAN

KRÓATÍA	**4**	**4**	**0**	**0**	**116-100**	**8**
SPÁNN	3	2	0	1	124-116	6
UNGVERJAL.	**4**	**2**	**0**	**2**	**107-112**	**4**
DANMÖRK	4	2	0	2	108-105	4
RÚSSLAND	**4**	**1**	**0**	**3**	**110-117**	**2**
TÉKKLAND	4	0	0	4	109-124	0

AÐRIR LEIKIR

ÚKRAÍNA-ARGENTÍNA	23-22
NOREGUR-SUÐUR-KÓREA	34-32
ÁSTRALÍA-BRASILÍA	23-30
ANGÓLA-MAROKKÓ	28-32

LEIKIR UM SÆTI Í DAG

13. SÆTI	ÚKRAÍNA-NOREGUR
15. SÆTI	ARGENTÍNA-SUÐUR-KÓREA
17. SÆTI	KÚVÆT-EGYPTALAND
19. SÆTI	BRASILÍA-MAROKKÓ
21. SÆTI	GRÆNLAND-ANGÓLA
23. SÆTI	ÁSTRALÍA-KATAR

8 LIÐA ÚRSLITIN

1. SÆTI MILLIRIÐLI A - 4. SÆTI MILLIRIÐLI B
2. SÆTI MILLIRIÐLI A - 3. SÆTI MILLIRIÐLI B
3. SÆTI MILLIRIÐLI A - 2. SÆTI MILLIRIÐLI B
4. SÆTI MILLIRIÐLI A - 1. SÆTI MILLIRIÐLI B

Tapliðin spila um 5. til 8. sæti en sigurliðin komast í undanúrslitin.

LEIKIR DAGSINS

MILLIRIÐILL 1

ÞÝSKALAND-ÍSLAND	14.30
SLÓVENÍA-PÓLLAND	16.30
FRAKKLAND-TÚNIS	18.30

MILLIRIÐILL 2

SPÁNN-KRÓATÍA	15.15
RÚSSLAND-UNGVERJAL.	17.15
DANMÖRK-TÉKKLAND	19.15

Dagur markvarðanna

Birkir Ívar Guðmundsson og Roland Valur Eradze sýndu stórbrotin tilþrif í leik Íslands og Slóveníu í gær og vörðu Ísland í átta liða úrslit HM.

HANDBOLTI Strákarnir okkar eru komnir í átta liða úrslit á HM. Það varð ljóst er liðið lagði Slóveníu með einu marki, 32-31, í svakalegum spennuleik í Gerry Weber-höllinni. Íslensku markverðirnir – Birkir Ívar Guðmundsson og Roland Valur Eradze – áttu stórkostlegan leik og þeir eiga mestan heiður í sigrinum.

Fyrri hálfleikur byrjaði frekar brösuglega hjá strákunum en Alfreð byrjaði með Birki í markinu og bæði Guðjón Valur og Logi Geirsson voru í byrjunarliðinu en þeir meiddust báðir gegn Pólverjum.

Slóvenar skoruðu fyrstu tvö mörk leiksins en þá fór íslenska liðið í gang. Vörnin small og Birkir byrjaði að verja eins og berserkur. Fyrir vikið komu hraðaupphlaupin og ekki leið á löngu þar til Ísland var komið með fjögurra marka forystu, 9-5.

Eins og áður hjá íslenska liðinu missti það niður drjúgt forskot eftir að hafa komist í vænlega stöðu en reif sig upp á ný og Ísland leiddi með tveim mörkum í leikhléi, 17-15.

Síðari hálfleikur fór ekki vel af stað hjá Íslandi og áður en varði voru Slóvenar búnir að jafna, 21-21. Þá tók íslenska liðið kipp eins og venjulega. Birkir datt í stuð á nýjan leik og þegar tíu mínútur lifðu leiks var Ísland með mjög vænlega stöðu, 29-24.

Þá urðu leikmenn stressaðir og fóru að glata boltanum hvað eftir annað. Slóvenar gengu á lagið og minnkuðu forskotið jafnt og þétt.

Þeir minnkuðu muninn í eitt mark, 32-31, þegar tvær mínútur lifðu leiks og fór þá um fjölmarga Íslendinga í höllinni. Síðustu tvær mínútur leiksins eru einhverjar

8 LIÐA ÚRSLITIN TRYGGÐ Guðjón Valur Sigurðsson og Sverre Jakobsson fagna hér sigri á Slóvenum en með honum komst Ísland í 8 liða úrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þær mest spennandi í manna minnum og má segja að Roland Valur Eradze hafi bjargað íslenska liðinu með frábærri markvörslu þegar útileikmenn virtust vera að fara á taugum.

Sigurinn var svo sannarlega sætur og leikmenn geta verið stoltir af eigin frammistöðu. Áður hefur verið minnst á markverðina en frammistaða Loga Geirssonar var aðdáunarverð; hann skoraði frábær og mikilvæg mörk og það sárþjáður. Snorri stýrði leik liðsins af myndarbrag og gaman var að sjá innkomu Markúsar.

Það verður áhugavert að fylgjast með strákunum gegn Þýskalandi í dag og vonandi að þeir nái að blómstra í þeirri frábæru umgjörð sem verður í kringum leikinn.

HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Dortmund
henry@frettabladid.is

ÁNÆGÐIR Sigfús Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson faðmast í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sigfús Sigurðsson:

Roland á oftar að fá tvær

HANDBOLTI „Við vorum klaufar í dag að hleypa þeim inn í leikinn en þetta hafðist sem betur fer," sagði línutröllið Sigfús Sigurðsson, sem var geysilega ánægður með markverðina í liðinu.

„Ég held að Roland ætti oftar að fá tveggja mínútna brottvísun því þá ver hann allt sem á markið kemur. Það er léttari pressa á okkur eftir þennan leik og það verður æðislegt að mæta Þjóðverjunum," sagði Sigfús. – hbg

Sverre Andreas Jakobsson:

Mamma kvartar undan spennu

HANDBOLTI „Þetta hafðist en alltaf þurfum við að búa til spennu. Ég skil ekki af hverju. Mamma er búin að kvarta yfir þessu meðal annars," sagði brosmildur Sverre Andreas Jakobsson eftir leik.

„Við vissum að þetta yrði jafnt en við höfðum þetta á viljanum. Ég var sannfærður um að við myndum vinna. Markmiðinu var náð þannig að við erum kátir."

- hbg

SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

Frábær íslenskur sigur

Íslenska liðið byrjaði leikinn í gær gífurlega vel og leikmenn voru virilega heitir. Liðið spilaði 6-0 vörn sem virkaði mjög vel með Birki sterkan fyrir aftan. Liðið var ógnandi, spilaði góða vörn og beytti hraðaupphlaupunum grimmt. Sóknarlega gekk boltinn hratt og liðið skapaði sér fín færi. Logi var sjóðheitur og spilaði fyrri hálfleikinn virkilega vel. Þegar hann fékk síðan hvíldina kom Markús sterkur inn.

Það komu alls sjö mörk úr stöðu rétthentu skyttunnar í fyrri hálfleiknum sem er mjög gott en það sama er því miður ekki hægt að segja um hægri vænginn. Þar spilaði Óli allan hálfleikinn og lét boltann fljóta vel en skot-ógnin var engin og þar munar um minna. Snorri stjórnaði sóknarleiknum vel auk þess að eiga sjálfur fín skot og gerði fimm mörk úr jafnmörgum skotum. Nokkur vandræðagangur var með stöðu línumanns þar sem þrír skiptust á að leysa stöðuna. Vignir leysti Sverre af um tíma í vörninni vegna tveggja brottrekstra þess síðarnefnda en voru nokkuð mislagðar hendur og misnotaði meðal annars tvö góð færi.

Seinni hálfleikurinn hófst svipað og sá fyrri og hafði íslenska liðið frumkvæðið þó Slóvenar hafi ekki verið langt undan. Eftir að hafa spilað 6-0 vörn sýndi Alfreð ákveðin klókind með því að breyta í 5+1 vörn á Rutenka sem hafði fram að því verið allt í öllu í leik Slóvena. Með því náðum við betri tökum á leiknum og virtist sigurinn vera okkar þegar tíu mínútur voru eftir. Þá hófst æsispennandi kafli þar sem markverðir beggja liða voru í aðalhlutverki.

Slóvenar söxuðu smátt og smátt á forskotið og ef ekki hefði verið fyrir frábæra markvörslu Rolands undir lokin hefði leikurinn eða stig hugsanlega tapast. Niðurstaðan þó sætur og sanngjarn sigur.

Liðið í heild sinni á allt það besta skilið fyrir frammistöðu sína. Leikmenn sýndu að liðið á svo sannarlega heima meðal átta bestu. Allt annað var að sjá til Óla í seinni hálfleik og var hann ógnandi þó öll skot hefðu ekki ratað í netið. Snorri hélt uppteknum hætti í seinni hálfleik og spilaði af yfirvegun. Að öllum ólöstuðum var Logi þó besti sóknarmaður liðsins, gríðarlega ógnandi og fylginn sér.

Bestu leikmenn Íslands voru þó markverðirnir tveir. Birkir var frábær allan leikinn og þegar hann fór aðeins að þreytast í lokin kom Roland sterkur inn. Liðið er nú öruggt í átta liða úrslitin og fer þangað ásamt Þjóðverjum, Frökkum og Pólverjum. Spurningin er einungis í hvaða sæti við lendum en það kemur í ljós eftir leikinn gegn Þjóðverjum.

Liðið er nú komið þangað sem við vissum að það gæti náð, nú er bara spurningin hvort það komist enn lengra og nái sínum besta árangri á HM til þessa. Liðið hefur alla burði til þess.

ÁFRAM MEÐ YKKUR Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari er alltaf á fullri ferð á hliðarlínunni. Hann var sáttur í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landsliðsþjálfarinn var í skýjunum eftir leikinn:

Síðustu mínúturnar voru mjög langar

HANDBOLTI Það var létt yfir Alfreð Gíslasyni landsliðsþjálfara eftir sigurinn á Slóvenum og ekki nema von þar sem Ísland er komið í átta liða úrslit á HM.

„Þetta var svakalega sætt og hrikalega mikilvægt. Það snerist allt um þennan leik og hann urðum við að vinna. Ég er rosalega stoltur af strákunum," sagði Alfreð, sem var pínu svekktur að hafa ekki getað hvílt lykilmenn meira en raun bar vitni en hann hrósaði þó Markúsi sérstaklega fyrir sína innkomu.

„Ég var gífurlega ánægður með innkomu Rolands undir lokin þar sem hann hreinlega lokaði markinu á þeim tíma sem Birkir var byrjaður að gefa eftir þótt hann hafi einnig varið frábærlega," sagði Alfreð, sem tók vel á því á hliðarlínunni rétt eins og venjulega. Því var eðlilega spurt hvort hann væri ekki búinn á taugum? „Nei, blessaður vertu. Það er þetta sem heldur manni gangandi. Ég get samt ekki neitað því að mér fannst síðustu tíu mínúturnar helvíti langar," sagði Alfreð og glotti.

Ísland mun í dag berjast um toppsætið í riðlinum gegn Þjóðverjum og sviðið sem bíður leikmannanna er ekki ónýtt. Troðfull tólf þúsund manna höll í leik gegn heimamönnum.

„Það er allt með Þjóðverjum í þessum leik og það er gott að þurfa ekki að fara í leikinn undir mikilli pressu. Ég mun spila þeim óþreyttari meira í þeim leik og það verður gaman að taka á Þjóðverjunum," sagði Alfreð Gíslason.

– hbg

Logi Geirsson segist lítið geta notað vinstri öxlina:

Svona þekki ég mig

HANDBOLTI „Þetta heppnaðist vel og maður getur leyft sér að brosa núna. Það var allt inni í dag og svona þekki ég mig best," sagði stórskyttan Logi Geirsson, sem átti frábæran leik og það sárþjáður.

„Ég er að drepast í öxlinni og í raun alveg einhentur. Ég get lítið notað vinstri öxlina, bara rétt til þess að styðja við boltann. Öxlin er mjög bólgin. Ég vildi samt ekki að þeir vissu að ég væri meiddur því þá ráðast þeir á meiðslin. Ég tók því armbeygjur og annað í upphituninni, aðeins að „feika" þetta," sagði Logi og glotti út í annað. Hann vildi tileinka leikinn feðgum sem komu til Þýskalands á dögunum en urðu frá að hverfa. „Þeir vita hverjir þeir eru." **– hbg**

INN Á LÍNU Logi Geirsson gefur inn á línuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjálfaranámskeið 1a
Reykjavík og Akureyri
café easy

Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Helgina 2-4. feb. heldur Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands þjálfaranámskeið 1a í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. **Námskeiðið hefst kl. 17.00 á föstud., gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar og er opið öllum 16 ára og eldri.** Skráning fyrir 1. feb. á linda@isisport.is Samskonar námskeið verður haldið í íþróttahöllinni á Akureyri 9. og 10. feb. nk. Allar nánari uppl. á vidarsig@isisport.is og 460-1467.

Frekari upplýsingar má finna á **www.isi.is**

Þjálfari 1b, í Rvk 16.-18. feb. og á Akureyri 23.-24. feb.
Þjálfari 1c í Rvk 2.-4. mars og á Akureyri 9.-10. mars

Fjarnám í þjálfaramenntun ÍSÍ!

Þjálfaramenntun ÍSÍ

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands býður upp á fjarnám í þjálfaramenntun og hefst kennslan 12. febrúar nk. Námið er almennur hluti 1. stigs menntunarinnar og tekur 8 vikur. Það er öllum opið 16 ára og eldri, gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar og er metið til tveggja eininga í framhaldsskólum. Allar frekari upplýsingar gefur sviðsstjóri Fræðslusviðs í síma 460-1467 eða á vidarsig@isisport.is

Frekari upplýsingar má finna á **www.isi.is**

Námskeiðsgjald er kr. 22.000, innifalin námskeiðsgögn
Skráning á linda@isisport.is fyrir fim. 8. feb. nk.

NÚ VERÐUR
TROÐIÐ!

Nú eykst spennan í **Lýsingarbikarnum**, þar sem komið er að undanúrslitum í karla- og kvennaboltanum.

Nú er um að gera og troðfylla íþróttahúsin, styðja við bakið á þínu liði og koma þeim í úrslitaleik Lýsingarbikarsins.

UNDANÚRSLIT KVENNA:
Sunnudag 28. jan. 17:00 Grindavík – Haukar
Mánudag 29. jan. 19:15 Keflavík – Hamar

UNDANÚRSLIT KARLA:
Sunnudag 28. jan. 19:15 Grindavík – ÍR
Sunnudag 28. jan. 19:15 Hamar/Selfoss – Keflavík

LÝSINGAR BIKARINN
KKÍ
LÝSING

ALEXANDER PETERSSON
Hefur hreinlega farið á kostum á heimsmeistaramótinu í handknattleik sem fer fram í Þýskalandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Var slagsmálahundur í Ríga

Landsliðsmaðurinn Alexander Petersson hefur unnið hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar með frammistöðu sinni á heimsmeistaramótinu í handknattleik sem fer fram í Þýskalandi þessa dagana. Í spjalli við *Henry Birgi Gunnarsson* talar Alexander meðal annars um lífið í Lettlandi og hversu sæll hann sé að hafa komist til Íslands því líf hans var á rangri braut áður en hann kom hingað til lands.

Alexander Petersson er 26 ára gamall drengur sem er fæddur og uppalinn í höfuðborg Lettlands, Ríga. Þar bjó hann allt til 18 ára aldurs er menn frá Gróttu/KR fengu Alex, eins og hann er kallaður, til að koma til Íslands. Það átti eftir að reynast mjög góð ákvörðun fyrir þennan ljúfa og einlæga dreng því líf hans hefur batnað með hverju ári síðan og í dag segist hann vera hamingjusamur maður sem eigi fátt skylt með þeim manni sem hann var áður en hann kom til Íslands.

„Ég var í svolitlu rugli. Var meðal annars í klíku í Ríga og alltaf að slást við mann og annan. Framtíðin var ekki björt á þessum tíma. Ágúst Jóhannsson, þáverandi þjálfari Gróttu/KR, og Björgvin Barðdal stjórnarmaður komu til Lettlands og voru að leita að leikmönnum. Ég var þá að æfa með landsliðinu og þeir tóku eftir mér. Í kjölfarið buðu þeir mér að koma til Íslands og ég ákvað að láta slag standa enda hafði ég litlu að tapa," sagði Alexander en aðlögunin tók sinn tíma og honum leið lengi vel mjög illa.

Fyrsta árið var alveg hræðilegt

„Fyrsta árið á Íslandi var rosalega erfitt. Ég var óreyndur ungur drengur sem vissi lítið um lífið og var staddur í öðrum heimi þar sem voru margar hindranir á borð við tungumálavanda. Þetta fyrsta ár var alveg hræðilegt fyrir mig. Næsta ár kom vinur minn til mín og þá leið mér strax betur."

Alexander á tvö systkini, eitt eldra og eitt yngra. Hann segir að það hafi verið erfitt að yfirgefa fjölskyldu sína og þar sem fjölskylda hans hafði takmörkuð fjárráð gat hún aldrei heimsótt Alex þann tíma sem hann bjó á Íslandi.

Kvaddi fjölskylduna með tár í augunum

„Ég fór samt til Lettlands og hitti fólkið mitt. Það var verulega erfitt að fara aftur til Íslands eftir mína fyrstu heimsókn til Lettlands. Ég yfirgaf fólkið mitt með tár í augunum. Mér leið það illa og ég var að fara aftur í umhverfi sem mér leið ekki nógu vel í. Ég ákvað samt að bugast ekki," sagði Alex og leyndi sér ekki á látbragði hans að minningarnar voru ekki góðar. Eftir að Alexander varð atvinnumaður í handbolta í Þýskalandi hefur fjölskylda hans komist reglulega í heimsókn, sem honum finnst gott.

Alex var orðinn 23 ára gamall þegar hann gerði samning við þýska úrvalsdeildarfélagið Düsseldorf. Þá var hann orðinn stjarna í íslensku handboltalífi þar sem hann fór á kostum með liði Gróttu/KR. Hann hafði tekið ótrúlegum framförum á stuttum tíma á Íslandi og þjálfarar hans á Íslandi segja það eljusemi hans og aga að þakka.

Fjölskyldan er mér allt

„Þá var ég líka kominn með íslenska kærustu og það var miklu auðveldara að flytja til Þýskalands en nokkurn tímann til Íslands," sagði Alex brosmildur en unnusta hans, Eivor Pála Blöndal, spilaði handbolta með Val á sama tíma og Alex var að spila með Gróttu/KR. Þau eiga einn son sem heitir Lúkas Jóhannes Blöndal Petersson og er tæplega þriggja ára gamall.

„Samanborið við fyrsta árið mitt á Íslandi er allt annað auðvelt. Það er yndislegt að eiga góða konu og barn og ég veit að ég verð aldrei einn. Fjölskyldan skiptir mig öllu. Svo á ég allt í einu fullt af peningum og get keypt hvað sem mér sýnist. Ég er reyndar lélegur með peninga og aldrei kunnað að fara með þá. Eivor hefur hjálpað mér mikið á því sviði," sagði Alex og hló dátt.

Lífið breyst mikið

„Líf mitt hefur svo sannarlega breyst mikið og ég sé ekki eftir því að hafa komið til Íslands á sínum tíma og yfirgefið það líf sem ég var að lifa í Ríga. Ég veit ekki hvað hefði orðið um mig ef ég hefði búið áfram í Lettlandi. Ég var á rangri braut í lífinu og hafði ekki hugmynd um hvað yrði um líf mitt. Ég var skapheitur ungur maður og erfiður í samskiptum. Ég hef breyst mikið sem persóna á þessum tíma en í dag er ég hamingjusamur," sagði Alex af einstakri einlægni.

Áður en hann kom til Íslands tók Alex handboltann ekki alvarlega. „Ég mætti samt á æfingar því þjálfarinn var alltaf að hringja í mig og krefjast þess að ég mætti. Hann sagði að ég hefði mikla hæfileika og mætti ekki gefast upp. Hann sagði alltaf við mig að ég gæti náð langt en ég tók það ekki alvarlega á þeim tíma," sagði Alex sposkur en þessi ágæti þjálfari vissi greinilega sínu viti enda er Alex einn besti hægri hornamaður heims í dag og er þess utan í stöðugri framför.

ÖFLUGUR Alexander Petersson er óstöðvandi þegar hann kemst á fulla ferð.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óli Stefáns er átrúnaðargoðið mitt

Alex fór frá Düsseldorf eftir tvö góð ár þar sem hann hélt áfram að taka stórstígum framförum. Grosswallstadt var liðið sem hreppti Alex og hann skrifaði síðasta sumar undir samning við félagið sem gildir til ársins 2008. Alex sagði að stærri félög hefðu haft samband við sig en vildi ekkert um það tala þar sem ekkert væri í hendi fyrr en búið væri að skrifa undir pappírana. Ekki er ólíklegt að það sé félag landsliðsþjálfarans Alfreðs Gíslasonar, Gummersbach, enda hefur Alfreð hrifist af Alex eins og allir sem með honum fylgjast. Þeirri kenningu er þó kastað fram án nokkurra sannana.

„Að sjálfsögðu hef ég metnað til að spila með stærri liðum en Grosswallstadt. Draumurinn er að leika í Meistaradeildinni og fá meiri reynslu svo ég geti orðið betri leikmaður," sagði Alex, sem sagði það mjög sérstakt að byrja að leika með íslenska landsliðinu. Hans fyrsta stórmót var HM í Túnis árið 2005 en þá hafði hann verið íslenskur ríkisborgari í þrjú ár.

„Ég var pínu stressaður að leika við hlið Óla því hann hafði verið mitt átrúnaðargoð sem ég leit upp til og hafði gert lengi. Ég játti öllu sem hann sagði og reifst aldrei við hann. Það var skemmtileg reynsla sem ég gleymi seint," sagði þessi ljúfi strákur frá Ríga.

MAX

VALDAR VÖRUR
15-90%
AFSLÁTTUR

ÖRFÁ VERÐ DÆMI

DÚNDUR DAGAR

Ideline 748090
- Súkkulaðipottur
- Fyrir heimatilbúið konfekt ofl
- Bræðir súkkulaði án bruna
- Hentar fyrir allt súkkulaði
- Margir fylgihlutir
- Uppskriftabæklingur fylgir

DÚNDUR verð **1.999 kr.**
Fullt verð 3.999

SONY CMTSPZ50
- 50w RMS míkró samstæð
- 3ja diska geislaspilari
- MP3 spilari
- FM útvarp og segulband
- Spilar MP3, CD-R/RW

DÚNDUR verð **24.999 kr.**
Fullt verð 33.999

Pioneer DCS360
- 360w heimabíókerfi
- Með DVD spilara
- HDMI stafrænt tengi
- Progressive Scan
- USB tengi fyrir tónlist og ljósmyndir
- FM útvarp

Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX

DÚNDUR verð **54.999 kr.**
Fullt verð 65.988

Elna ELNA2110
- Saumavél með 15 sporgerðir
- Sporval með stilliskífu
- Nál stillanleg frá miðju
- Innbyggð spóluvinda
- 5 saumfætur og Overlock

DÚNDUR verð **14.999 kr.**
Fullt verð 19.699

Siemens KA60NA60
- 179 sm Amerískur ísskápur
- 504 lítrar, 334l kælir, 170l frystir
- Orkunýting A
- Rafeindastýring, sjálfvirk afþýðing
- Frystigeta 10kg á dag
- Dýpt án hurða 60sm
- Ísvél í hurð á framhlið

DÚNDUR verð **199.999 kr.**
Fullt verð 259.999

Kenwood VC1807
- 1800w ryksuga
- 2 fylgihlutir
- Litur: Silfur

DÚNDUR verð **5.999 kr.**
Fullt verð 9.999

DeLonghi EAM3400
- Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Hægt að stilla hve fín mölunin er
- Býr til gufu til að flóa mjólk ofl
- Tveir katlar
- Minni fyrir uppáhalds stillingar ofl
- Cappucino System
- Slekkur sjálfvirkt á sér

DÚNDUR verð **49.999 kr.**
Fullt verð 68.999

DÚNDUR verð **3.189 kr.**
Fullt verð 3.999

Geisladiskar
DVD myndir
Tölvuleikir
DÚNDUR verð

Við erum beint á móti IKEA

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska bikarkeppnin

LUTON-BLACKBURN	0-4
0-1 Derbyshire (10.), 0-2 McCarthy (37.), 0-3 Derbyshire (56.), 0-4 Gamst Pedersen (74.)	
BARNET-PLYMOUTH	0-2
BIRMINGHAM-READING	2-3
0-1 Kitson (3.), 0-2 Lita (41.), 1-2 Taylor (47.), 1-3 Lita (82.), 2-3 Larsson (90.)	
BLACKPOOL-NORWICH	1-1
BRISTOL CITY-MIDDLESBROUGH	2-2
0-1 Yakubu (4.), 0-2 Christie (23.), 1-2 Keogh (53.), 2-2 Murray (59.).	
CRYSTAL PALACE-PRESTON	0-2
DERBY-BRISTOL ROVERS	1-0
FULHAM-STOKE	3-0
1-0 Montella (11.), 2-0 McBride (39.), 3-0 Radzinski (54.)	
IPSWICH-SWANSEA	1-0
TOTTENHAM-SOUTHEND	3-1
1-0 Keane (12.), 2-0 Jenas (50.), 2-1 Eastwood, víti (69.), 3-1 Mido (76.).	
WEST HAM-WATFORD	0-1
0-1 McNamee (42.)	
MAN.UTD-PORTSMOUTH	2-1
1-0 Rooney (77.), 2-0 Rooney (83.), 2-1 Pedro Mendes (87.)	

Drogba um Shevchenko:

Þarf að gefa boltann meira

FÓTBOLTI Didier Drogba segir að Andriy Shevchenko, félagi sinn hjá Chelsea, þurfi að spila meira fyrir liðið.

„Hann var keyptur hingað fyrir háa fjárhæð og virðist ætla að reyna að réttlæta þau kaup með mörkum, en þar af leiðandi gefur hann boltann mjög lítið," sagði Drogba en Shevchenko var keyptur á 30 milljónir punda. „Það er gaman að geta gefið en þegar ég geri það þá vil ég fá eitthvað til baka. Það er plúss fyrir tvo í sókninni og við erum ekki keppinautar heldur samherjar," sagði Drogba. - egm

Rooney sá um Portsmouth

Wayne Rooney skoraði bæði mörk Manchester United þegar liðið vann 2-1 sigur á Portsmouth í ensku bikarkeppninni í gær. Watford sló West Ham út 1-0.

FÓTBOLTI Wayne Rooney skaut Manchester United áfram í ensku bikarkeppninni í gær eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Liðið tók á móti Portsmouth og var staðan markalaus þar til Rooney braut ísinn á 77. mínútu og skoraði síðan stórglæsilegt mark stuttu síðar. Portsmouth náði að minnka muninn í 2-1 en það kom of seint og er United komið áfram í fimmtu umferð bikarsins.

West Ham féll úr leik í gær þegar liðið tapaði 0-1 fyrir Watford en bæði lið eru í botnbaráttu úrvalsdeildarinnar. Bobby Zamora átti sláarskot þegar aðeins mínúta var eftir af leiknum en eftir það gekk erfiðlega hjá West Ham að skapa sér marktækifæri. Anthony McNamee skoraði eina mark leiksins skömmu fyrir hálfleik þegar hann nýtti sér mistök markvarðarsins Roy Carroll.

„Okkur gekk erfiðlega að skapa okkur færi en svekktastur er ég með þetta ódýra mark sem við fengum á okkur," sagði Alan Curbishley, knattspyrnustjóri West Ham, að leik loknum.

ROONEY Kom Manchester United til bjargar í gær með tveimur mörkum eftir að hafa komið inn á sem varamaður.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Adrian Boothroyd, stjóri Watford, sagðist vera stoltur af sínu liði. „Við höfum nú unnið tvo leiki í röð og vonandi verða þeir fleiri. Ég tel ólíklegt að við tökum tvenna en vonandi erum við komnir í gang."

Leroy Lita skoraði tvö mörk fyrir Reading sem vann Birmingham 3-2 og er því komið áfram. Birmingham er í toppbaráttu 1. deildar en liðið vann 5-1 sigur á Newcastle í síðustu umferð. Dave Kitson kom Reading yfir með sínu fyrsta marki í langan tíma eftir aðeins þrjár mínútur en sigur liðsins var nánast aldrei í hættu. Birmingham minnkaði muninn í 3-2 á lokamínútunni. Brynjar Björn Gunnarsson lék ekki með Reading vegna meiðsla en Ívar Ingimarsson spilaði allan leikinn að vanda.

Úrvalsdeildarlið Middlesbrough gerði aðeins jafntefli gegn 2. deildarliði Bristol City 2-2 eftir að hafa náð tveggja marka forystu.

„Við vorum góðir í fyrri hálfleik og áttum að skora fleiri mörk. Leikur liðsins í seinni hálfleik hrundi og City nýtti sér það," sagði Gareth Southgate, knattspyrnustjóri Middlesbrough, að leik loknum en liðin þurfa nú að mætast að nýju. - egm

Undanúrslitaleikir Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar fara fram í dag og á morgun:

Tvíhöfði í Grindavík í kvöld

KÖRFUBOLTI Það verður hart tekist á í Röstinni í Grindavík í dag þegar heimamenn freista þess að komast með bæði karla- og kvennalið sín í Laugardalshöllina annað árið í röð.

Karlaliðið, sem varð bikarmeistari í fyrra, tekur á móti ÍR-ingum í seinni leiknum sem hefst klukkan 19.15 en á undan mun kvennaliðið fá Íslandsmeistara Hauka í heimsókn en stelpurnar byrja að spila klukkan 17.00.

Kvennalið Grindavíkur og Hauka hafa mæst þrisvar sinnum í vetur og hefur Haukaliðið unnið alla leikina. Karlalið Grindavíkur hefur verið í vandræðum á sama tíma og ÍR-ingar hafa spilað vel og margt hefur breyst síðan að Grindavík vann öruggan 32 stiga sigur í deildarleik liðanna í október.

Hinn undanúrslitaleikur karla fer einnig fram í kvöld þegar Hamar/Selfoss tekur á móti Keflavík klukkan 19.15 í Hveragerði. Kvennalið félaganna mætast síðan í Keflavík á morgun. - óój

SIGRI FAGNAÐ Serena Williams vann örugglega úrslitaleik opna ástralska meistaramótsins í tennis.
NORDICPHOTOS/GETTY

Opna ástralska mótið:

Serena Williams fékk gullið

TENNIS Það var Serena Williams sem sigraði í kvennaflokki á Opna ástralska meistaramótinu í tennis. Hún lagði Mariu Sharapovu örugglega í úrslitaviðureigninni í fyrrinótt. Fyrir mótið var Williams í 81. sæti heimslistans en búast má við því að hún taki nú stórt stökk upp listann eftir að hafa unnið Sharapovu, 6-1 og 6-2.

Þetta er í áttunda sinn sem Williams vinnur sigur í stórmóti og í þriðja sinn sem hún sigrar á Opna ástralska. „Fólk hefur talað um að ég væri búin að vera sem tennisspilari en ég vona að ég hafi þaggað niður í því fólki í dag," sagði Williams. - egm

20-50% AFSLÁTTUR
POTTAR OG BAÐKER AF LAGER OG ÚR SÝNINGARSAL
DAGANA 29. janúar - 2. febrúar.

AUKAHLUTIR
25% AFSLÁTTUR
GLASABAKKAR, HÖFUÐPÚÐAR,
ÚTVÖRP, HÁFAR, HITAMÆLAR O.FL.

TREFJAR EHF.
Hjallahrauni 2, Hafnarfirði • Sími: 555 1027 • Fax: 565 2227
pottar@trefjar.is • www.trefjar.is

BT

TOSHIBA SATELLITE CORE 2 DUO

TOSHIBA

PSAA9E-0PP043N5
TOSHIBA SATELLITE A100-998
Intel® Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA TrueBrite
NVIDIA® GeForce™ Go 7600
- up to 512MB Hypermemory
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
200GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 5 - 1
Harman Kardon® hátalarar
SRS® TruSurround XT™ System og SRS® WOW
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Vökvaþolið lyklaborð
HD to go - mobile High Definition viewing
Rafhlöðuending 2:45 (Mobile Mark™)
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

24.000.- AFSLÁTTUR

6.674**

320 GB FYLGIR 18.999

Flakkari fylgir!
PX1267E-1G32
TOSHIBA 320GB USB2.0
Afritaðu gögnin þín!

Core 2 Duo – Fyrir kraftinn
GeForce Go 7600 – Fyrir leikina
DV Ready – Fyrir tökuvélina
200GB harður diskur – Fyrir gögnin
2 GB minni – Fyrir vinnsluna
Þráðlaust net – Til þæginda

6.674 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
14.999 *Vaxtalaust 12 mán.
179.988 Staðgreitt

XBOX 360

29.999 Vél og 1 leikur

Xbox 360 core vél og 1 leikur

FRÁBÆRT TILBOÐ

44.999 Vél og 2 leikir

Xbox 360 full system vél og 2 leikir

TOSHIBA SATELLITE U200

TOSHIBA

PLUA1E-01801KN5
TOSHIBA SATELLITE U200-198
Intel® Core 2 Duo T5500
12.1" Wide XGA skjár
- upplausn 1280 x 800
Intel 945GM Calistoga skjákort
512MB DDR Minni
60GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Kortalesari 4 - 1
BlueTooth
SRS® TruSurround XT™ technology
Vökvaþolið lyklaborð
Shock resistant magnesium alloy chassis
3D Shock resistant Harður diskur
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

AÐEINS 1,8 KG

5.871**

320 GB FYLGIR 18.999

Flakkari fylgir!
PX1267E-1G32
TOSHIBA 320GB USB2.0
Afritaðu gögnin þín!

Core 2 Duo – Fyrir kraftinn
Fingrafaralesari – Fyrir öryggið
S.M.A.R.T – Harður diskur
5 klukkustunda – Rafhlöðuending
Aukin gagnavernd – Með Toshiba U200
Þráðlaust net – Til þæginda

5.871 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
12.999 *Vaxtalaust 12 mán.
155.988 Staðgreitt

> VAL KILMER

Fæddur í Los Angeles 31. desember 1959. Hans leikferill hófst á sviði og enn í dag kemur hann af og til fram í leiksýningum. Kvikmyndaferill hans hófst 1984 með myndinni Top Secret! Þar sem hann fór á kostum og söng meðal annars sjálfur í myndinni. Það var þó ekki fyrr en 1991 sem hann sló almennilega í gegn en það var fyrir frammistöðu sína sem Jim Morrison í myndinni The Doors. Síðan þá hefur hann meðal annars brugðið sér í hlutverk Elvis Presley og Batman. Hann lék í The Saint 2 sem sýnd er á Stöð 2.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VILL KOMA PARIS HILTON Í BRAT CAMP

Vandræðaunglingar á öræfum

Níu unglingar sem allir eru búnir að gefast upp á. Þeir blóta, drekka, slást og rífast við foreldra sína og alla aðra sem einhverju viti vilja koma fyrir þá. Foreldrarnir eru á barmi taugaáfalls og ákveða að gera eitthvað í málinu. Hvert er svarið? Nú, Brat Camp auðvitað. Unglingunum er komið fyrir hjá nokkrum leiðbeinendum í óbyggðum Norður-Ameríku. Þau fá útbúnað til göngu og þurfa að fylgja ströngum reglum og komast ekki upp með neitt múður.

Þetta er nokkurn veginn lýsingin á nýjum þáttum sem hófu göngu sína á Sirkus fyrir nokkrum vikum. Ég verð að viðurkenna að ég hef gert mér far um að horfa á þessa þætti enda um skemmtilega félagslega tilraun að ræða. Tel bara nokkuð líklegt að það hafi góð áhrif á borgarbörn að vera hent út í óbyggðir þar sem þau þurfa að bera þunga bakpoka marga tugi kílómetra, borða ólystugan graut í hvert mál og þurfa að taka tillit til göngufélaga sinna. Innst í mínu dökka hjarta sé ég fyrir mér að hægt væri að bjóða Hilton-hjónunum að senda dætur sínar í þessa meðferð. Það væri sko almennilegt sjónvarpsefni.

Hins vegar læðist að mér nokkur efi gagnvart þessu sjónvarpsefni, einmitt vegna þess að þetta er sjónvarpsefni. Hversu gott geta þessir unglingar haft af því að vera hluti af raunveruleikaþætti? Allur heimurinn getur fylgst með því hvernig börnin brotna niður af álaginu, segja frá því hvernig þau voru misnotuð og gráta af heimþrá. Er það uppbyggjandi? Líklega ekki, en samt freistast maður til að horfa. Svona er lífið.

EKKI MISSA AF

▶ **11.00 World Pool Championship Skjár einn**

▶ **15.50 Arsenal - Bolton Sýn**

▶ **20.20 Cold Case Stöð 2**

▶ **21.50 Weeds Sirkus**

▶ **22.25 Helgarsportið RÚV**

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar
10.00 Jón Ólafs (e)
10.40 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007 (e)
11.30 Spaugstofan (e)
11.55 Söngvakeppni Sjónv. - Úrslit (e)
12.10 Heimsbikarmótið í alpagreinum Bein útsending frá seinni umferð í svigi karla í Kitzbühl í Austurríki.
13.00 Alpasyrpa
14.00 HM-stofan
14.20 HM í handbolta Bein útsending frá leik Íslands gegn Þýskalandi í milliriðli.
16.00 HM-stofan
16.10 HM í handbolta Bein útsending frá leik Spánverja og Króata í milliriðli.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (19:30)
18.30 Leirkarlinn með galdrahattinn
18.40 Litli bróðir minn (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Ískonan (Margits Saga)
21.00 Talið í tónlistarverðlaunin Kynntar verða tilnefningar.
21.25 Við kóngsins borð (2:6)
▶**22.25 Helgarsportið**
22.50 Spæjarinn (Vidocq) Frönsk bíómynd frá 2001. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.25 Kastljós
00.55 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

05:55 The Aviator (Flugfrömuðurinn)
08:40 Hvítir mávar
10:00 Mean Girls (Vondar stelpur)
12:00 Princess Diaries 2: The Royal Engagement (Dagbókur prinsessu)
14:00 Hvítir mávar
16:00 Mean Girls (Vondar stelpur)
18:00 Princess Diaries 2: The Royal Engagement (Dagbókur prinsessu)
20:00 The Aviator (Flugfrömuðurinn)
22:45 Taxi
00:20 In the Shadows (Skuggi) Stranglega bönnuð börnum.
02:05 Taxi
03:50 Silverado Bönnuð börnum.

STÖÐ 2

07:00 Myrkfælnu draugarnir (67:90)
07:15 Pocoyo
07:20 William´s Wish Wellingtons
07:25 Addi Panda
07:30 Barney
07:55 Stubbarnir (Teletubbies)
08:20 Doddi litli og Eyrnastór
08:30 Kalli og Lóla
08:40 Könnuðurinn Dóra
09:05 Grallararnir (Tiny Toons)
09:50 Kalli litli kanína og vinir hans
10:10 Ævintýri Jonna Quests
10:30 Bratz
10:50 Sabrina - Unglingsnornin
11:15 Galdrastelpurnar (20:26)
11:35 Ljónagrín (Father of the Pride)
12:00 Hádegisfréttir
12:25 Silfur Egils
14:00 Neighbours (Nágrannar)
15:45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn Íslenskur skemmtiþáttur.
16:50 Hot Properties (8:13)
17:15 Freddie (2:22) (Food Critic)
17:45 Martha (Joan Cusack)
18:30 Fréttir, íþróttir og veður
19:10 Kompás
19:45 Sjálfstætt fólk
▶**20:20 Cold Case** (4:24) (Óupplýst mál) Bönnuð börnum.
21:05 Twenty Four - NÝTT (2:24) (24) Vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 síðustu árin og margfaldur Golden Globe- og Emmy-verðlaunaþáttur snýr aftur í sjöttu þáttaröðinni sem sögð er sú mest spennandi til þessa. Stranglega bönnuð börnum.
21:55 Numbers (13:24) (Tölur) Morðrannsókn á klúbbi í Los Angeles leiðir til handtöku nokkurra háskólanema.
23:30 X-Factor (10:20) (Úrslit 12)
00:55 X-Factor - úrslit símakosningar
01:25 The Unit (5:13) (Úrvalssveitin)
02:05 The Saint 2 (Dýrlingurinn) Aðalhlutverk: Val Kilmer, Elizabeth Shue, Rade Serbedzija. Leikstjóri: Phillip Noyce. 1997. Bönnuð börnum.
04:00 Secret Smile (1:2) (Úlfur í sauðargæru) Framhaldsmynd. Aðalhlutverk: David Tennant, Kate Ashfield, Claire Goose. 2005. Bönnuð börnum.
05:10 Secret Smile (2:2)
06:20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

15:00 Tekinn (e)
15:30 Till Death Do Us Part: Carmen
16:00 Star Stories (e)
16:30 Brat Camp USA (e)
17:15 Trading Spouses (e)
18:00 Seinfeld (16:24) (e) Elaine kemst að því að nýjasti kærastinn hennar er ofurtrúaður.
18:30 Fréttir, íþróttir og veður
19:10 Seinfeld (17:24) (e) Jerry stendur Leó frænda að búðahnupli og Georg neyðist til að kaupa bók sem hann stelst til að lesa inni á salerni í bókabúðinni.
19:35 Four Kings (e)
20:00 Rolling Stones - The Truth Lie 40 ár af tónlist, skandölum, uppgjörum og frábær sviðsframkoma eru það sem gerði Rolling Stones að einu frægasta bandi veraldarsögunnar.
21:00 Vanished (13:13) (Vanished) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug. En þegar þau hjón fara í veislu til heiðurs Söru gerast atburðir sem enginn gat séð fyrir.
▶**21:50 Weeds (**12:12) (e) Eftir að eiginmaður Nancy deyr snögglega lendir hún í miklum fjárhagsörðuleikum. Til þess að bjarga sér úr vandræðunum tekur Nancy upp á því að fara að selja marijúana í úthverfum Los Angeles borgar. Þessir þættir slógu óvænt í gegn í fyrra og vann Mary-Louise Parker m.a Golden Globe fyrir frammistöðu sína í þáttunum.
22:20 Janice Dickinson Modeling Agency (e)
22:50 KF Nörd (3:15) (Mekka knattspyrnunnar) Leiðin liggur á Akranes þar sem leikmenn KF Nörd munu þurfa leysa hinar ýmsu þrautir og gera það svo sannarlega misvel.
23:35 Pepper Dennis (e)
00:20 Entertainment Tonight (e)
00:45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

10:00 Vörutorg
▶**11:00 2006 World Pool Championships**
12:45 Love, Inc. (e)
13:15 Out of Practice (e)
13:45 2006 Land Rover G4 Challenge (e)
14:15 Rachael Ray (e)
15:10 Queer Eye for the Straight Guy
16:10 America's Next Top Model (e)
17:10 Million Dollar Listing (e)
18:10 The O.C. - NÝTT (e) Bandarísk unglingasería. Síðasta þáttaröð endaði með miklum harmleik og nú er komið að skuldadögum. Fimm mánuðir eru liðnir síðan Marissa dó og vinir og vandamenn reyna að vinna sig í gegnum sorgina. Miklar breytingar eru í vændum og ýmislegt á eftir að koma á óvart.
19:10 Battlestar Galactica (e)
20:00 2006 Land Rover G4 Challenge Nú eru keppnisliðin komin til Suður-Ameríku og þriðji áfangi hefst á hinni frægu Copacabana-strönd í Ríó í Brasilíu. Þaðan liggur leiðin til Bólivíu þar sem áfanganum lýkur í borginni Sucre, í 3000 metra hæð yfir sjávarmáli.
20:30 Celebrity Overhaul Ástralskir raunveruleikaþættir þar sem fræga fólkið er tekið í gegn. Það er ekki bara hugsað um mataræðið heldur eru gerðar breytingar á líferni þátttakenda og lífi þeirra breytt til frambúðar.
21:30 Boston Legal
22:30 30 Days
23:30 Da Vinci's Inquest
00:20 C.S.I. (e)
01:20 Heroes (e)
02:20 Vörutorg
03:20 The Real Housewives of Orange County (e)

SKJÁR SPORT

13:50 AC Milan - Parma (beint) Bein útsending frá leik AC Milan og Parma.
16:00 Palermo -Lazio (frá 27.jan)
18:00 Upphitun (e)
18:30 Ítölsku mörkin (e)
19:20 Sampdoria - Inter Milan (beint) Bein útsending frá leik í ítalska boltanum.
21:30 Newcastle - West Ham (frá 20. jan)
23:30 Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Barnaníðingar nota Netið til þess að komast í samband við börn. 109 karlmenn settu sig í samband við tálbeitu Kompáss, þrettán ára stúlku. Kompás tók á móti nokkrum þeirra þegar þeir komu í heimsókn.

BARNANÍÐINGAR GANGA LAUSIR

Kompás á sunnudag kl. 19.10 strax á eftir fréttum á Stöð 2

GOTT FÓLK McCANN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

Twenty Four (24)

Vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 síðustu árin og margfaldur Golden Globe- og Emmy-verðlaunahafi snýr aftur í sjöttu þáttaröðinni, sem sögð er sú mest spennandi til þessa. Átján mánuðum eftir að síðustu þáttaröð lauk hefur Jack Bauer hefur verið heimtur úr helju. Bandaríkjaforseti náði samkomulagi við kínversk stjórnvöld um að skila honum aftur til Bandaríkjanna en einvörðungu vegna þess að hættulegir hryðjuverkamenn hafa sett bandarískum stjórnvöldum þá afarkosti að fá Bauer afhentan gegn því að veita upplýsingar um þann sem talið er að muni stýra yfirvofandi hryðjuverkaárás. En þeir sem Jack Bauer þekkja vita að hann er ekki þannig gerður að gefast upp fyrr en í fulla hnefana; og í lok fyrsta þáttar slapp hann úr greipum hryðjuverkamannanna og þarf nú ekki aðeins að komast undan heldur einnig að koma í veg fyrir hryðjuverkaárásina sem talið er að muni ógna lífi allra íbúa Los Angeles og jafnvel mannkynsins alls.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ KOMPÁS STÖÐ 2 19.10

Fréttaskýringaþátturinn Kompás heldur uppteknum hætti í umfjöllun sinni um barnaníðinga. Kompás leigði sér litla íbúð í Reykjavík og fylgdist með barnaníðingum koma, hverjum á fætur öðrum. Síðasti þáttur var umtalaður en þá var dæmdur barnaníðingur staðinn að verki með því að notast við tálbeitu. Í þætti kvöldsins verður sýnt frá því þegar aðrir féllu í sömu gildru. Kompás var valinn sjónvarpsþáttur ársins á síðustu Edduverðlaunahátíð en Jóhannes Kr. Kristjánsson er ritstjóri þáttarins.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Fréttir **08.05** Morgunandakt **08.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **09.00** Fréttir **09.03** Lóðrétt eða lárétt **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir
10.15 Fóstbræðralag (1:2)
11.00 Guðsþjónusta í Fríkirkjunni í Hafnarfirði - Séra Einar Eyjólfsson prédikar
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Útvarpsleikhúsið: Harún og sagnahafið eftir Salman Rushdie (2:2)
13.40 Sunnudagskonsert
16.00 Fréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Heimurinn okkar (Aftur á mánudag)
17.00 Síðdegi skógarpúkanna
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Afsprengi
19.50 Óskastundin
20.35 Sagnaslóð
21.15 Laufskálinn
21.55 Orð kvöldsins
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.15 Til allra átta (Frá því í gær)
23.00 Andrarímur
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

07:10 Tottenham - Southend
08:50 Man. Utd. - Portsmouth
10:30 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
12:10 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
13:50 FA Cup 2006 (Chelsea - Nottingham Forest) Enska bikarkeppnin.
▶**15:50 FA Cup 2006** (Arsenal - Bolton) Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
17:50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Barcelona og Celta Vigo.
19:50 PGA Mótaröðin Bein útsending frá lokadegi Buick Invitational mótsins á PGA-mótaröðinni í golfi. Þetta mót á sér langa sögu en það fer fram á hinum erfiða Torrey Pines velli í San Diego. Meistarinn frá því í fyrra, Tiger Woods, lætur sig sjaldnast vanta á þetta mót enda hefur hann sigrað fjórum sinnum.
23:30 FA Cup 2006 (Chelsea - Nottingham Forest) Enska bikarkeppnin.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.30 Mickeys klubhus **6.55** Den lille røde traktor **7.05** Søndagsfandango **7.30** Lille Nørd **8.00** Store Nørd **8.30** Junior **9.00** Hannah Montana **9.25** Flight 29 savnes! **9.50** Helt sikkert DR **10.00** Sygedag eller arbejdsdag? 10.30 Studenterne fra Pumwani **11.00** TV Avisen **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Boogie Listen **12.30** Hjerteflimmer **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.50** Prins Charles **14.45** HåndboldSøndag: Slagelse - Viborg **16.30** Bamses Billedbog **17.00** Familien Knurhår **17.25** OBS **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** Forbrydelsen **20.00** 21 Søndag **20.40** SøndagsSporten **20.55** Dødens Detektiver **21.20** Bliktrommen **23.45** DR1 Dokumentaren - Sig det ikke til nogen

NRK 1

6.30 Stå opp **6.40** Lisa **6.50** Teddy og Annie **7.00** Willy Nilsen på camping **7.25** Bravo Bibbi! **7.40** Disneytimen **8.35** Familien Pling **9.00** NRKs sportssøndag **9.10** V-cup langrenn **10.50** V-cup kombinert **11.45** V-cup Telemark **12.35** V-cup hopp: Skiflyging **13.25** Sport i dag **13.45** V-cup hopp: Skiflyging **14.30** V-cup skøyter **15.00** Snøbrett: TTR-serien: European Open **16.00** NM-rally: Rally Hadeland **16.30** Sport i dag **17.00** Willy Nilsen på camping **17.20** Småspøkelsene **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Planeten vår **20.05** Runaway Jury **22.05** Kveldsnytt **22.20** Dok1: Nabila **23.20** Nytt på nytt **23.50** Ingen grunn til begeistring

SVT 1

7.00 Bolibompa-bandet **7.30** Karsten och Petra **7.40** Barnen på Lilla Akademien **8.00** Disneydags **9.10** Längdskidor: Världscupen **10.50** Lilla sportspegeln **11.15** Grand Prix **11.55** Döden, motljuset och groggen **12.25** Willy - här gick min resa **12.55** På spåret **13.55** Great thinkers of our time **14.25** Extra **14.50** Born Wild **14.55** Världen **15.55** Keith on the road **16.25** Pedagogikens giganter **16.55** Anslagstavlan **17.00** Riddaren av Pelargonien **17.15** Pettson & Findus **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Nära djuren **18.30** Rapport **19.00** Playa del Sol **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** VeteranTV **21.40** Vetenskap - DNA **22.10** Rapport **22.20** Snapphanar **23.20** Brottskod: Försvunnen **0.05** Sändningar från SVT24

VISA Boð
- BOÐGREIÐSLUR

Borgin er full af Vildarpunktum
Safnaðu þeim með því að setja fasteignagjöldin á VISA

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að setja fasteignagjöldin í Boðgreiðslur, þ.e.a.s. að greiða þau með reglulegum færslum af VISA-kortinu.

Þeir sem nýta sér þennan þægilega kost fá ekki lengur sendan reikning fyrir fasteignagjöldunum en þess í stað gildir færslan á VISA-yfirlitinu sem staðfesting á greiðslu.

Allir korthafar sem eru með Vildarkort VISA og Icelandair fá Vildarpunkta af Boðgreiðsluviðskiptum.

Þeir korthafar sem hafa áhuga á að notfæra sér þessa þjónustu geta:
Hringt í skrifstofur Reykjavíkurborgar í síma 411 3636
eða kynnt sér málin á vefsíðunni: www.visa.is

VISA
Reykjavíkurborg

HRÓSIÐ ...

...fær Siv Friðleifsdóttir, sem skokkar af lífs og sálar kröftum með rapptónlist Eminem dúndrandi í eyrunum og er þannig til fyrirmyndar fyrir fólk á öllum aldri.

HIN HLIÐIN BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON LEIKARI OG FRAMLEIÐANDI

Varð ekki heimsfræg poppstjarna

Hvað er að frétta?
Allt bara rosalega gott.
Augnlitur:
Blár, skilst mér.
Starf:
Leikari, framleiðandi og leikstjóri.
Fjölskylduhagir:
Góðir.
Hvaðan ertu?
Úr 101 Reykjavík.
Ertu hjátrúarfullur?
Nei, en ég trúi á drauga.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:
Everybody Loves Raymond og skákskýringarþátturinn.
Uppáhaldsmatur:
Íslenskt lamb og ítalskar ólífur.
Fallegasti staður:
Ísland, séð úr lofti.
iPod eða geislaspilari:
iPod.
Hvað er skemmtilegast?
Að vera með skemmtilegu fólki, þá sérstaklega syni mínum.
Hvað er leiðinlegast?
Að vera með leiðinlegu fólki.
Helsti veikleiki:
Ég er óþreyjufullur og fæ stöðugt nýjar hugmyndir.
Helsti kostur:
Ég er óþreyjufullur og fæ stöðugt nýjar hugmyndir.
Helsta afrek:
Sonur minn.
Mestu vonbrigðin:
Að hafa ekki orðið heimsfræg poppstjarna.
Hver er draumurinn?
Að ná lengra.
Hver er fyndnastur/fyndnust?
Það er sonur minn.
Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Þröngsýni, græðgi og hroki.
Hvað er mikilvægast?
Velferð barna í öllum heiminum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tilkynnt var hverjir fengju úthlutað ritlaunum úr rithöfundasjóði fyrir helgi og eins og gengur skála sumir í kampavíni en aðrir eru með böggum hildar. Alls fengu 57 úthlutað ritlaunum, allt frá þremur mánuðum til þriggja ára. Þrír höfundar fá ritlaun í jafnmörg ár, **Áslaug Jónsdóttir**, **Bragi Ólafsson** og **Sigurður Pálsson**. Óláar kanónur fá ritlaun í eitt ár, þar á meðal **Einar Már Guðmundsson**, **Gyrðir Elíasson**, **Hallgrímur Helgason**, **Ingibjörg Haraldsdóttir**, **Kristín Ómarsdóttir** og **Sjón**.

Á lista yfir þá sem fá ritlaun í hálft ár kennir ýmissa grasa. Þar eru höfundar á borð við **Andra Snæ Magnason**, **Gerði Kristnýju**, **Guðrúnu Helgadóttur** og **Stefán Mána**. Fá ungskáld fá úthlutað úr rithöfundasjóði; **Kristín Eiríksdóttir** fær ritlaun í sex mánuði í ár og þau **Þórdís Björnsdóttir** og **Sölvi Björn Sigurðsson** fá bæði laun í þrjá mánuði.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Frjálslyndi flokkurinn
2. Magnús Ragnarsson
3. Eggert Magnússon

EINAR MÁR GUNNLAUGSSON: ÞRÍFUR ÍBÚÐIR EFTIR ANDLÁT

Starf sem krefst nákvæmni og vandvirkni

„Einhver þarf að gera þetta. Reyndar eru þetta ekki algeng þrif en kannski má líka segja að þau séu allt of algeng," segir Einar Már Gunnlaugsson hjá hreingerningaþjónustunni Þveglinum. Einar tekur að sér það vandasama verk að þrífa íbúðir eftir andlát og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er fyrirtækið það eina sem býður upp á slíka þjónustu.

Þessi þjónusta er mörgum hulin og fæstir vildu eflaust þurfa að nýta sér hana. Einar segir að yfirleitt setji fjölskyldudeild lögreglunnar sig í samband við hann. Enda sé starfið nánast óhugsandi fyrir ættingja, sérstaklega ef andlátið er sviplegt eða um sjálfsmorð er að ræða. „Stundum er einfaldlega ekki hægt að leggja þetta á ættingjana og þá erum við kallaðir til," útskýrir hann.

Einar segist finna fyrir miklu þakklæti þegar hann kemur á staðinn en viðurkennir að þeir þurfi að fara varlega að fólki. „Starfið krefst mikillar nákvæmni og vandvirkni," útskýrir hann. „Aðstandendur vilja ekki sjá nein ummerki og því verður að vanda til verksins," segir hann. „Við reynum að láta lítið fyrir okkur fara og yfirleitt fara aðstandendur burt á meðan, enda getur þetta bæði verið sársaukafullt og erfitt ferli," segir Einar.

Hann hefur verið lengi að. Byrjaði fyrst á þessu samfara námi en faðir hans, Gunnlaugur Gunnarsson, stofnaði fyrirtækið árið 1969. Einar hefur nú tekið við fyrirtækinu og hefur sinnt þessu vandasama verki frá árinu 1980.

Þrátt fyrir mikla reynslu segir hann að stundum komi aðstæðurnar honum í opna skjöldu. „Þetta er sérstaklega erfitt þegar ungt fólk fer," segir Einar. „Ég tel mig vera kominn með breitt bak en viðurkenni líka að ég hef fengið draumfarir út af starfinu," bætir hann við.

Einar segir oft erfitt að þurfa að rukka fyrir þjónustuna og það hafi komið fyrir að þeir hafi hreinlega sleppt því. Farið þá með reikninginn til lögreglunnar. „Við reynum að vera eins sanngjarnir og við hugsanlega getum," útskýrir hann og telur að þetta ætti að eiga sér sinn stað inni í almannatryggingum.

freyrgigja@frettabladid.is

EINAR MÁR Segir að það fái enn mikið á sig ef hann þurfi þrífa íbúðir eftir andlát ungs fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Auðmaðurinn **Björgólfur Thor Björgólfsson** geymir einkaþotu sína, sem metin er á milljarð króna, á Reykjavíkurflugvelli þegar hann stoppar hér á landi. Þegar Björgólfur mætir í flug kemur hann jafnan á þriggja ára gömlum Hummer-jeppa sem svo er geymdur við flugskýlið meðan hann sinnir erindum sínum úti. Starfsfólk í og við flugvöllinn hefur tekið eftir þessu og er gjarnan grínast með að bíll Björgólfs sé meira þar en bílar starfsfólksins sjálfs.

Guðni Bergsson íhugar nú að fylgja fordæmi félaga sinna, **Arnars** og **Bjarka Gunnlaugssonar**, og losa hlut sinn í Hansahópnum, fasteignafélagi sem verið hefur stórtækt að undanförnu. Guðni mun vera orðinn uggandi yfir því háa verði sem þarf að selja íbúðir í landi félagsins á Arnarneshæð á til að dæmið gangi upp.

Kosið verður um nýjan formann KSÍ á næstu dögum. Ekki þarf þó að fara svo að **Eggert Magnússon** hafi algerlega sleppt tökum sínum á sambandinu. Heimildir Fréttablaðsins herma að ef **Geir Þorsteinsson** verði kjörinn formaður muni hann umsvifalaust skipa Eggert heiðursforseta KSÍ. Þá getur Eggert áfram setið alla fundi stjórnarinnar og ráðið því sem hann vill ráða. Það virðist því ekki loku fyrir það skotið að knattspyrnuhreyfingin muni enn um sinn njóta visku og reynslu Eggerts sem hann hefur náð sér í á löngum og farsælum ferli í knattspyrnuheiminum.

- óhþ

Keppast um hylli starfsfólksins

Starfsmenn fréttastofu Stöðvar 2 hafa síðustu daga notið góðs af baráttu vakstjóranna Hauks Holm og Loga Bergmanns Eiðssonar um hylli þeirra. Haukur vildi þó ekki kannast við að raunverulegrar baráttu væri þörf. „Ég nýt óskoraðrar hylli fréttastofunnar, Logi er bara að reyna að troða sér inn," sagði hann léttur í bragði, enda kært á milli fréttamannanna tveggja og baráttan háð í góðu gamni.

Leikurinn hófst fyrir um tíu dögum síðan, þegar Logi mætti til vinnu með það sem Haukur sagði hafa verið útrunnin lakkrísrör upp á vasann. „Ég vildi gleðja hann með því að leika aðeins við hann með þessum hætti og fór að gefa nammi líka," sagði Haukur.

Síðastliðið mánudagskvöld hafði Logi svo hvítvín meðferðis við mikinn fögnuð samstarfsmanna, en Haukur segir af og frá að hann hafi þar með náð undirtökunum í leiknum. „Nei, ég bauð til dæmis upp á utanlandsferð á miðvikudaginn. Ferð til London og gistingu fyrir einn," sagði Haukur hreykinn. „Að vísu var það ekki á minn kostnað, og það þarf að vinna svolítið í leiðinni," bætti hann við.

Þegar Fréttablaðið talaði við Hauk var hann að búa sig undir að færa baráttuna yfir á annað svið. „Logi var að stæra sig af einhverju heimabökuðu brauði, en ég benti honum á það að maðurinn lifði ekki af brauðinu einu saman, hann þyrfti líka kærleika og væntumþykju. Þannig að tilboð mitt til starfsmanna í dag verður það. Ég er að fara að senda út tilkynningu um að vaktstjóri bjóði upp á faðmlag," sagði Haukur. „Ég ætla að snúa af þeim vegi efnishyggju og græðgi sem hann er að innleiða hérna á þessum vinnustað og fara að hlúa að innri og varanlegri verðmætum."

Logi Bergmann vildi ekki meina að Haukur færi með sigur af hólmi í keppninni. „Ég held að þetta sé allt að koma hjá mér. Haukur er líka svolítið að nota hluti sem koma upp í hendurnar á honum," sagði Logi. Hann hafði þó ekki gert upp við sig hvort starfsmenn ættu von á faðmlögum frá honum líka. „Ég veit það ekki, en þessu er ekki lokið enn að minnsta kosti. Ég er í smá fríi núna en svo kem ég sterkur inn aftur, ég veit að Haukur er órólegur," sagði Logi sposkur.

-sun

VOPNAHLÉ Haukur og Logi há harða baráttu um hylli starfsmanna á fréttastofu Stöðvar tvö. Utanlandsferð og heimabakað brauð eru á meðal vopna sem þeir hafa beitt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Upphengd klósett á tilboðsverði!

Upphengd klósett & innbyggður kassi
frá kr. 29.999,-

Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunar-tækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Hin árlega stórsýning á fasteignum á Spáni:
LÁTTU DRAUMINN RÆTAST 2007
Í Perlunni 3-4. febrúar kl. 12-18

heimili FASTEIGNASALA
Síðumúla 13 - Sími 530-6500
www.heimili.is

gloria casa
Síðumúla 13 - Sími 517-5280
www.gloriacasa.is

BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

Áfram Ísland

Hvað sem mönnum finnst nú um stefnu Frjálslynda flokksins verður það ekki af honum tekið að það lýsir pólitískri kænsku að ala á andúð á útlendingum á meðan landsliðið í handbolta keppir við sveitta kalla frá Slóveníu, Póllandi og Túnis. Finni þjóðernisbelgingur nokkurn tímann hljómgrunn er það á augnablikum sem þessum.

ÞAU eru teljandi á fingrum annarrar handar skiptin sem ég hef handleikið handbolta. Ég hef enga ástríðu fyrir þessum leik. Mér finnst samt gaman að horfa á landsleiki, aðallega út af stemningunni sem myndast. Í sjálfu sér er meira spennandi að fylgjast með fólki horfa á landsleik en leiknum sjálfum: uppnæmir þulir ljá flogakenndu sprikli markmanna ljóðræna reisn í lýsingum sínum, mæður með börn á brjósti nota orðbragð sem fær verstu sjómenn til að roðna og jafnvel jafnlyndustu skattalögfræðingar missa stjórn á sér og misþyrma húsgögnum í tilfinningarúsinu.

ÉG samgleðst vissulega þegar ég frétti að okkar mönnum gangi vel en það snertir mig hins vegar ekki á nokkurn hátt þegar þeir tapa. Forherðing mín gagnvart óvelengni landsliðins er þó ekki sprottinn af rætni. Hún helgast af því að árum saman var ég lélegasti leikmaður körfuknattleiksliðs Harðar á Patreksfirði. Á þeim árum var eins gott að byggja sjálfsmynd sína á öðru en árangri í kappleikjum.

ÉG er alinn upp við að tapa frá blautu barnsbeini, mér er það svo gott sem eðlislægt. Ekki svo að skilja að mér þyki það slæmt, þvert á móti. Ég get varla ímyndað mér óöfundsverðara hlutskipti og vonlausara en að vera tapsár Íslendingur. Mig minnir meira að segja að ég hafi lesið einhvers staðar að í hindúasið trúi menn að verstu skúrkarnir endurholgist sem slíkir.

METNAÐARLEYSI mitt er engan veginn bundið við íþróttir, það nær til lífsskoðana heilt á litið, stjórnmálaþátttöku, seiglu í launakarpi og samningaumleitunum í bankanum. Líf án athugasemda og gengur snurðulaust fyrir sig. Guð forði mér frá því að taka slaginn og halda að ég eigi eftir að standa með pálmann í höndunum, það væri til að æra óstöðugan að elta ólar við slíkt.

STUNDUM er sagt að maður eigi að vona það besta en búast við því versta. Ég læt mér seinni hluta þessa spakmælis duga.

www.icelandexpress.is/afangastadir

Ráfandi páfuglar, Una Paloma Blanca, kjötbollur og kóngafólk, skíðastökkpallur í miðri borg, Móna Lísa, jiddískt kabarett-pönk, legókonur...

13 ÁFANGASTAÐIR

Eins og glöggir lesendur hafa tekið eftir, fylgir ferðabæklingur Iceland Express Fréttablaðinu í dag. Kynntu þér áfangastaðina okkar, þeir hafa margt skrítið og skemmtilegt að bjóða!
Allar nánari upplýsingar finnurðu svo á vefnum okkar, www.icelandexpress.is/afangastadir

Mundu, að lægstu fargjöldin seljast fyrst. Því er um að gera bóka núna á www.icelandexpress.is

VERÐ FRÁ: **7.995 kr.** Aðra leið með sköttum.

BÖRN: **50%** Börn, 11 ára og yngri í fylgd meðfullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA

Töfrandi tilboð í janúar!

SÍÐASTI DAGUR TILBOÐSDAGA

AEG 10-20% afsláttur
brabantia 20% afsláttur
TEFAL 20% afsláttur
..o.m.fl.

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 13 TIL 18 - GRÍPTU GÆSINA!!

ORMSSON SMÁRALIND

GERÐU DÚNDUR GÓÐ KAUP!

KVIKA